Seðlabankanum er heimilt að taka lán til að efla gjaldeyrisvarasjóðinn. Honum er jafnframt heimilt að taka þátt í samstarfi erlendra seðlabanka og alþjóðlegra banka- eða fjármálastofnana um lánveitingar til að efla gjaldeyrisvarasjóð þátttakenda.

21. gr.

Seðlabanki Íslands annast samskipti og viðskipti við alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu í umboði ríkisstjórnarinnar eða eftir því sem honum er falið með lögum.

Seðlabankinn fer með fjárhagsleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir hönd ríkisins. Forsætisráðherra skipar einn mann og annan til vara til fimm ára í senn til þess að taka sæti í sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Seðlabankanum er jafnframt heimilt að eiga aðild að öðrum alþjóðlegum stofnunum, enda samrýmist það hlutverki hans sem seðlabanka.

V. KAFLI
Stjórnskipulag.

22. gr.

Yfirstjórn Seðlabanka Íslands er í höndum forsætisráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum bankastjórnar.

23. gr.

Í bankastjórn Seðlabanka Íslands sitja þrír bankastjórar og er einn þeirra formaður bankastjórnar. Bankastjórn ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Forsætisráðherra skipar formann bankastjórnar Seðlabankans og aðra bankastjóra til sjö ára í senn. Ekki er skylt að auglýsa þessi embætti laus til umsóknar. Aðeins er heimilt að skipa sama mann bankastjóra tvisvar sinnum. Þó má skipa bankastjóra sem ekki er formaður bankastjórnar og er á síðara skipunartímabili sínu formann bankastjórnar til sjö ára. Um endurskipun gilda ekki ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Forfallist bankastjóri þannig að bankastjórn sé ekki fullskipuð getur forsætisráðherra sett bankastjóra tímabundið í stað hans.

Undirskrift tveggja bankastjóra Seðlabankans þarf til þess að skuldbinda bankann. Þó er bankastjórn heimilt að veita tilteknum starfsmönnum umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum samkvæmt reglum sem hún setur og staðfestar skulu af bankaráði, sbr. 28. gr.

24. gr.

Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands er talsmaður bankans og kemur fram fyrir hönd bankastjórnar. Bankastjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum, sbr. ákvæði 1. mgr. 23. gr., þ.m.t. hver skuli vera staðgengill formanns bankastjórnar í fjarveru hans.

Formaður bankastjórnar Seðlabankans kallar bankastjórn saman til fundar. Ávallt skal boðað til fundar þegar annar hinna bankastjóranna óskar. Fundurinn er ályktunarhæfur ef meiri hluti bankastjórnar situr hann. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns bankastjórnar.

Ákvarðanir bankastjórnar skulu skráðar og áritaðar af bankastjórn. Bankastjórn setur starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal gerð grein fyrir ákvörðunum bankastjórnar í peningamálum og forsendum þeirra.

25. gr.

Bankastjórum Seðlabanka Íslands er óheimilt að sitja í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að. Rísi ágreiningur um ákvæði þessarar greinar gagnvart bankastjórum skal ráðherra skera úr. Með samþykki bankaráðs setur bankastjórn reglur um þátttöku annarra starfsmanna í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans, sbr. 28. gr.

26. gr.

Kjósa skal bankaráð Seðlabanka Íslands að loknum kosningum til Alþingis. Bankaráð skipa sjö fulltrúar kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi ásamt jafnmörgum til vara. Eigi má kjósa stjórnendur eða starfsmenn lánastofnana eða annarra fjármálastofnana sem eiga viðskipti við bankann til setu í bankaráði. Umboð bankaráðs gildir þar til nýtt bankaráð hefur verið kjörið. Láti bankaráðsmaður af störfum tekur varamaður sæti hans þar til Alþingi hefur kosið nýjan aðalmann til loka kjörtímabils bankaráðsins.

Bankaráð velur formann og varaformann úr eigin röðum. Ráðherra ákveður þóknun bankaráðs sem greidd er af Seðlabankanum.

27. gr.

Formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands kallar bankaráð saman til fundar. Ætíð skal þó halda bankaráðsfund þegar tveir bankaráðsmenn óska þess. Fundur bankaráðs er ályktunarhæfur ef meiri hluti bankaráðs situr fund. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns. Á fundum bankaráðs skal halda gerðabók.

Bankastjórar sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum. Þeir skulu þó víkja af fundi ef bankaráð ákveður.

28. gr.

Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Bankastjórn skal jafnan upplýsa bankaráð um helstu þætti í stefnu bankans og um reglur sem hann setur. Að öðru leyti skal bankaráð sérstaklega sinna eftirtöldum verkefnum:

a. Staðfesta tillögur bankastjórnar um höfuðþætti í stjórnskipulagi bankans.
b. Ákveða laun og önnur starfskjör bankastjóra, þ.m.t. rétt til biðlauna og eftirlauna og önnur atriði sem varða fjárhagslega hagsmuni þeirra.
c. Hafa umsjón með innri endurskoðun við bankann og ráða aðalendurskoðanda.
d. Staðfesta starfsreglur sem bankastjórn setur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum, sbr. 24. gr.
e. Staðfesta reglur sem bankastjórn setur um umboð starfsmanna bankans til þess að skuldbinda bankann, sbr. 23. gr.
f. Staðfesta kjarasamninga við starfsmenn bankans, fjalla um reglur um lífeyrissjóð þeirra og staðfesta skipun fulltrúa í stjórn hans þegar svo ber undir.

g. Staðfesta tillögu Seðlabankans til forsætisráðherra um reglur um reikningsskil og ársreikning bankans, sbr. 32. gr.
h. Veita forsætisráðherra umsögn um reglugerð um framkvæmd einstakra þátta laga þessara þegar svo ber undir, sbr. 39. gr.
i. Staðfesta ársreikning bankans, sbr. 32. gr.
j. Staðfesta áætlun um rekstrarkostnað bankans sem bankastjórn leggur fram í upphafi hvers starfsárs.
k. Hafa eftirlit með eignum og rekstri bankans og staðfesta ákvarðanir um meiri háttar fjárfestingar.
l. Staðfesta reglur sem bankastjórn setur um viðurlög í formi dagsekta, sbr. 37. gr.
m. Staðfesta reglur sem bankastjórn setur um heimild starfsmanna bankans til setu í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans, sbr. 25. gr.
n. Staðfesta starfsreglur sem bankastjórn setur um varðveislu gjaldeyrisforðans, sbr. 20. gr.

VI. KAFLI
Öflun upplýsinga, rannsóknir og skýrslugerð.

29. gr.

Til þess að sinna hlutverki sínu skv. 3. og 4. gr. getur Seðlabanki Íslands milliliðalaust aflað upplýsinga frá þeim sem eru í viðskiptum við bankann skv. 6. gr., sbr. 7. gr., auk fyrirtækja í greiðslumiðlun og annarra fyrirtækja eða aðila sem lúta opinberu eftirliti með starfsemi sinni, sbr. lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Skylt skal öllum að láta Seðlabankanum í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda til hagskýrslugerðar að viðlögðum viðurlögum skv. 37. gr.

30. gr.

Seðlabanki Íslands gerir skýrslur og áætlanir um peningamál, greiðslujöfnuð, gengis- og gjaldeyrismál og annað sem hlutverk og stefnu bankans varðar. Seðlabankinn skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega gera opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Þá skal Seðlabankinn gefa út ársskýrslu þar sem hann gerir ítarlega grein fyrir starfsemi sinni.

31. gr.

Seðlabanki Íslands stundar hagrannsóknir sem lúta að viðfangsefnum bankans á sviði peningamála og fjármálakerfis. Jafnframt er bankanum heimilt að stuðla að rannsóknum annarra á þessum sviðum.

VII. KAFLI
Reikningsskil og ráðstöfun hagnaðar.

32. gr.

Reikningsár Seðlabanka Íslands er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gera ársreikning og skal gerð hans lokið innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs. Um gerð ársreiknings fer eftir lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju.

Forsætisráðherra setur nánari reglur um reikningsskil og ársreikning að fengnum tillögum Seðlabankans, sbr. 28. gr.

33. gr.

Innri endurskoðun í Seðlabanka Íslands er í höndum aðalendurskoðanda, sbr. 28. gr. Auk þess skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun hjá Seðlabankanum.

Að lokinni endurskoðun á ársreikningi bankans skal hann undirritaður af bankastjórn og staðfestur af bankaráði, sbr. 28. gr. Hafi bankaráðsmaður fram að færa athugasemdir við ársreikning skal hann undirritaður með fyrirvara og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Endurskoðaður reikningur skal lagður fyrir forsætisráðherra til áritunar eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikning Seðlabankans skal birta í ársskýrslu bankans, sbr. 30. gr. Enn fremur skal bankinn birta mánaðarlegt efnahagsyfirlit.

34. gr.

Árlega skal fjárhæð sem svarar til tveggja þriðju hluta hagnaðar Seðlabanka Íslands á liðnu reikningsári greidd í ríkissjóð. Greiðsla fer fram eigi síðar en 1. júní ár hvert.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal Seðlabankinn aðeins greiða þriðjung hagnaðar síns í ríkissjóð ef eigið fé bankans í lok reikningsárs svarar ekki að lágmarki til 2,25% af fjárhæð útlána og innlendrar verðbréfaeignar lánakerfisins í lok reikningsársins á undan.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

35. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans og málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Bankaráðsmönnum, bankastjórum og öðrum starfsmönnum Seðlabankans er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar, sem þeir komast yfir vegna starfs síns í bankanum, í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Seðlabankanum heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis um atriði sem lög þessi taka til að því tilskildu að sá sem óskar upplýsinga sé háður samsvarandi þagnarskyldu.

Seðlabanki Íslands skal veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar sem bankinn býr yfir og nýtast kunna í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari grein eru háðar þagnarskyldu samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið skulu gera með sér samstarfssamning þar sem m.a. er kveðið nánar á um samskipti stofnananna.

36. gr.

Seðlabanki Íslands er undanþeginn tekju- og eignarskatti samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt eins og þau eru á hverjum tíma.

Hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

37. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða fangelsi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Seðlabanka Íslands er heimilt að beita lánastofnanir og verðbréfasjóði viðurlögum í formi dagsekta sem ákveðnar eru samkvæmt reglum sem settar eru af bankastjórn með

samþykki bankaráðs, sbr. 28. gr., hlíti þær ekki reglum bankans um bindiskyldu, laust fé og gjaldeyrisjöfnuð. Dagsektir sem ákveðnar eru samkvæmt þessari grein má innheimta með aðför að lögum. Reglur um viðurlög skulu kynntar Fjármálaeftirlitinu og þeim stofnunum sem þær taka til. Ákvörðun um að beita dagsektum má kæra til ráðherra. Innheimt viðurlög samkvæmt þessari grein skulu renna að $^{3}/_{4}$ hlutum til ríkissjóðs og skulu þau greidd 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

Seðlabankanum er heimilt að beita þá aðila viðurlögum í formi dagsekta sem vanrækja að veita bankanum upplýsingar, sem hann á rétt á samkvæmt lögum þessum, eða veita bankanum vísvitandi rangar upplýsingar. Bankastjórn setur reglur um þessi viðurlög sem skulu staðfestar af bankaráði.

38. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um viðfangsefni sín samkvæmt lögum þessum eftir því sem ástæða verður talin til. Seðlabankinn birtir reglur sem hann setur samkvæmt lögum þessum þannig að þær séu aðgengilegar almenningi.

IX. KAFLI
Gildistaka o.fl.

39. gr.

Forsætisráðherra getur, að fengnu áliti bankaráðs, sett með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd einstakra ákvæða laga þessara.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar. Um leið falla úr gildi lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum. Ákvæði 5. gr. laga nr. 54/1974 um þátttöku Seðlabanka Íslands í greiðslu kostnaðar af starfsemi Þjóðhagsstofnunar fellur úr gildi 1. janúar 2002. Framlag Seðlabanka Íslands í Vísindasjóð greiðist í síðasta skipti á árinu 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara kýs Alþingi sjö fulltrúa í bankaráð Seðlabanka Íslands og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu.

II.

Bankastjórar Seðlabanka Íslands við gildistöku laga þessara halda störfum sínum til loka skipunartíma síns. Ákvæði 2. mgr. 23. gr. um skipun bankastjóra gildir frá og með fyrstu skipun í embætti bankastjóra eftir gildistöku laganna. Við gildistöku laganna skipar forsætisráðherra formann bankastjórnar úr röðum bankastjóra til sama tíma og skipun hans í embætti bankastjóra varir.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 37. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og landbúnaðarráðherra, að eiga aðild að og stofna rannsóknar- og þróunarfyrirtæki er séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 – 2001

26. maí 2001 79 Nr. 38

LÖG

um vexti og verðtryggingu.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um vexti af peningakröfum á sviði fjármunaréttar og á öðrum sviðum réttarins, eftir því sem við getur átt, svo og um annað endurgjald sem áskilið er eða tekið fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar.

Lög þessi gilda einnig um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

2. gr.

Ákvæði II. og IV. kafla laga þessara gilda því aðeins að ekki leiði annað af samningum, venju eða lögum. Einnig verður vikið frá öðrum ákvæðum laganna að því marki sem þar er kveðið á um. Þó er ávallt heimilt að víkja frá ákvæðum laganna til hagsbóta fyrir skuldara.

II. KAFLI
Almennir vextir.

3. gr.

Almenna vexti skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Vexti skal greiða frá og með stofndegi peningakröfu og fram að gjalddaga.

4. gr.

Þegar greiða ber vexti skv. 3. gr., en hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. Í þeim tilvikum sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr.

Gutenberg

III. KAFLI
Dráttarvextir.

5. gr.

Hafi gjalddagi verið fyrir fram ákveðinn er kröfuhafa heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti sem reiknast af ógreiddri peningakröfu frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum.

Nú er ekki samið um gjalddaga kröfu og er þá heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara með réttu um greiðslu. Sé greiðslukrafan sett fram á mánaðardegi sem ekki er til í næsta mánuði skal skuldari greiða dráttarvexti frá og með síðasta degi þess mánaðar.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er ætíð heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi er dómsmál er höfðað um kröfu, sbr. þó 9. gr.

6. gr.

Dráttarvextir skulu vera samtala gildandi vaxta algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana (grunnur dráttarvaxta) auk ellefu hundraðshluta álags (vanefndaálag), nema um annað sé samið skv. 2. mgr. þessarar greinar. Seðlabankanum er þó heimilt að ákveða annað vanefndaálag að lágmarki sjö hundraðshlutar og að hámarki fimmtán hundraðshlutar. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti samkvæmt þessari málsgrein eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta sem eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

Heimilt er að semja um fastan hundraðshluta vanefndaálags ofan á grunn dráttarvaxta skv. 1. mgr., að undanskildum neytendalánum. Einnig er heimilt að semja um fastan hundraðshluta dráttarvaxta, að undanskildum neytendalánum.

7. gr.

Ef atvik sem varða kröfuhafa og skuldara verður ekki um kennt valda því að greiðsla fer ekki fram skal ekki reikna dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður af þessum sökum. Sama á við ef greiðsla fer ekki fram vegna þess að skuldari neytir vanefndaúrræða gagnvart kröfuhafa eða heldur af öðrum lögmætum ástæðum eftir greiðslu eða hluta hennar.

IV. KAFLI
Vextir af skaðabótakröfum.

8. gr.

Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað. Þeir skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málsl. 4. gr.

Sé fjárhæð skaðabótakröfu miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik varð ber krafan þó vexti skv. 1. mgr. frá þeim tíma.

9. gr.

Skaðabótakröfur skulu bera dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Dómstólar geta þó, ef sérstaklega stendur á, ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði um vexti.

10. gr.

Lánastofnunum ber að tilkynna Seðlabanka Íslands um öll vaxtakjör og breytingar á þeim í því formi og með þeim fyrirvara sem Seðlabankinn krefst.

Seðlabankinn skal fyrir lok hvers mánaðar birta í Lögbirtingablaði vexti af óverðtryggðum og verðtryggðum útlánum skv. 4. gr. og vexti af skaðabótakröfum skv. 8. gr. og skal hver tilkynning lögð til grundvallar í samræmi við lög þessi næsta mánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist. Jafnframt skal Seðlabankinn birta í Lögbirtingablaði dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr., þ.e. grunn dráttarvaxta og vanefndaálag. Seðlabankinn skal um hver áramót birta í B-deild Stjórnartíðinda töflu er sýnir vexti samkvæmt þessari málsgrein á hverjum tíma á næstliðnu ári.

Auk vaxta skv. 2. mgr. getur Seðlabankinn birt í Lögbirtingablaði aðra vexti lánastofnana.

11. gr.

Sé mál höfðað til heimtu peningakröfu og krafist vaxta með tilvísun til 4. eða 8. gr. eða dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. má dæma slíka vexti, enda þótt hundraðshluti þeirra sé ekki tilgreindur í stefnu. Sé mál höfðað til heimtu peningakröfu og dráttarvaxta krafist skv. 2. mgr. 6. gr. skal þó tiltaka hundraðshluta vanefndaálags í stefnu eða hundraðshluta dráttarvaxta sé samið um fasta dráttarvexti.

12. gr.

Sé vaxtatímabil lengra en tólf mánuðir án þess að vextirnir séu greiddir skulu þeir lagðir við höfuðstól og nýir vextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð. Ekki skal bæta vöxtum við höfuðstól oftar en á tólf mánaða fresti, nema um sé að ræða innlánsreikninga lánastofnana.

Við útreikning vaxta skulu taldir 30 dagar í hverjum mánuði og 360 dagar í ári, nema um annað sé samið eða venja standi til annars.

VI. KAFLI
Verðtrygging sparifjár og lánsfjár.

13. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um skuldbindingar sem varða sparifé og lánsfé í íslenskum krónum þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem umsamið eða áskilið er að greiðslurnar skuli verðtryggðar. Með verðtryggingu er í þessum kafla átt við breytingu í hlutfalli við innlenda verðvísitölu. Um heimildir til verðtryggingar fer skv. 14. gr. nema lög kveði á um annað.

Afleiðusamningar falla ekki undir ákvæði þessa kafla.

14. gr.

Heimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfé skv. 13. gr. sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár næsta mánuð á eftir.

Í lánssamningi er þó heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi.

15. gr.

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki viðskiptaráðherra ákveðið lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Bankinn getur jafnframt að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að vextir verðtryggðra innstæðna og lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

16. gr.

Þegar skuldbindingum með ákvæðum um verðtryggingu er þinglýst skal þess gætt að verðtryggingarinnar sé getið í þinglýsingabókum og skulu þær koma fram á vottorðum þinglýsingarstjóra um efni þinglýsingabóka.

VII. KAFLI
Viðurlög og málsmeðferð.

17. gr.

Brot á VI. kafla laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum.

18. gr.

Ef samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti telst ógildur og hafi endurgjald verið greitt ber kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft. Við ákvörðun endurgreiðslu skal miða við vexti skv. 4. gr., eftir því sem við getur átt.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001. Jafnframt falla úr gildi vaxtalög, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.

Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.

II.

Nú segir í peningakröfu í íslenskum krónum, þar með talinni skaðabótakröfu, niðurstöðu dómsmáls eða öðrum gerningi, gerðri fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil

reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir eftir gildistöku laganna reiknaðir skv. 1. mgr. 6. gr. laga þessara.

III.

Nú segir í lánssamningi í erlendum gjaldmiðli, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 11. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir þessir vera ákvarðaðir með sama hætti næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, en að þeim tíma loknum skulu þeir vera jafnháir þeim dráttarvöxtum í hlutaðeigandi gjaldmiðli sem síðast voru auglýstir af Seðlabankanum í Lögbirtingablaði fimm árum eftir gildistöku laganna.

IV.

Nú segir í lánssamningi, innlánsskilríki eða öðrum gerningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að fjárhæðir breytist með reikningsgengi SDR eða EUR (SDR- eða EUR-gengisvísitölu) sem Seðlabanki Íslands reiknar út og birtir og skal þá í hverjum mánuði miðað við opinbert viðmiðunargengi EUR eða SDR (kaupgengi) skv. 15. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, á 21. degi undanfarandi mánaðar. Nú er gengi ekki skráð á 21. degi mánaðar og skal þá lagt til grundvallar það kaupgengi er skráð var næst á undan þeim degi. Óheimilt er að taka við innlánum á reikninga sem stofnaðir hafa verið með fyrrgreindum kjörum fyrir gildistöku laga þessara.

V.

Vísitala neysluverðs, sbr. 14. gr. laga þessara, með grunninn 100 í maí 1988, skal í hverjum mánuði margfölduð með stuðlinum 19,745. Útkoman, án aukastafa, skal gilda sem vísitala fyrir næsta mánuð á eftir, í fyrsta sinn fyrir apríl 1995 gagnvart fjárskuldbindingum sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995 og eru með ákvæðum um lánskjaravísitölu þá sem Seðlabankinn reiknaði og birti mánaðarlega samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., sbr. reglugerð nr. 18/1989. Hagstofa Íslands skal birta mánaðarlega í Lögbirtingablaði vísitölu skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar.

Verði gerð breyting á grunni vísitölu neysluverðs skal Hagstofan birta í Lögbirtingablaði margfeldisstuðul fyrir þannig breytta vísitölu í stað stuðulsins sem getið er í 1. mgr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um lánskjaravísitölu í lögum og hvers kyns stjórnvaldsfyrirmælum öðrum og samningum sem í gildi eru 1. apríl 1995.

VI.

Eigi skemur en viku fyrir gildistökudag laga þessara skal Seðlabankinn birta dráttarvexti skv. 6. gr.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd samkomulag, sem undirritað var í Stokkhólmi 6. febrúar 2001 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og prentað er sem fylgiskjal með lögum þessum, um breytingar á samningi sömu ríkja frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sem staðfestur var með lögum nr. 29 8. september 1931.

2. gr.

Þegar samkomulag það sem um ræðir í 1. gr. hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði þess hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð er undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I.

Á samningnum milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. breytingar þær er fram koma í samkomulagi um breytingar á samningnum, sem undirritað var í Ósló 25. febrúar 2000, sem enn hafa ekki öðlast gildi, eru gerðar eftirfarandi breytingar:

7. gr. hljóði svo:

Krafa um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað hjóna sem eru ríkisborgarar í og eiga heimilisfang í samningsríki skal ákvarðast í því ríki þar sem:

1. hjónin eiga heimilisfang,
2. hjónin áttu síðast samtímis heimilisfang og annað þeirra býr ennþá,
3. hjónin eru ríkisborgarar,
4. það hjónanna sem kröfunni er beint gegn á heimilisfang,
5. annað hvort hjónanna á heimilisfang ef um sameiginlega kröfu er að ræða,

6. það hjónanna sem leggur kröfuna fram á heimilisfang og hefur búið a.m.k. síðasta árið áður en krafan er borin fram, eða
7. það hjónanna sem leggur kröfuna fram er ríkisborgari og á heimilisfang ef viðkomandi hefur búið þar a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en krafan er lögð fram.

Einnig má ákvarða kröfu um lögskilnað á grundvelli skilnaðar að borði og sæng í því ríki þar sem skilnaður að borði og sæng var veittur.

8. gr. hljóði svo:

Í sambandi við kröfu um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað getur sama eða annað yfirvald einnig tekið ákvörðun um sambúðarslit um stundarsakir og um búskipti. Það getur enn fremur tekið ákvörðun um forsjá, búsetu barns og umgengni við barn að því tilskildu:

1. að hjónin eigi barnið saman, og
2. að barnið eigi heimilisfang í því ríki þar sem krafan um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað er til meðferðar.

Eigi barnið ekki heimilisfang í því ríki þar sem krafan um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað er til meðferðar má samt sem áður taka þar ákvörðun um forsjá, búsetu barns og umgengni við barn ef:

1. barnið á heimilisfang í samningsríki,
2. hjónin eiga barnið saman og a.m.k. annað þeirra hefur forsjá þess,
3. hjónin hafa samþykkt að úrskurðað verði í málinu í því ríki þar sem fjallað er um kröfuna um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað, og
4. það er barninu fyrir bestu að með málið sé farið í því ríki.

Í málum um forsjá, búsetu barns og umgengni við barn skal beita heimildinni skv. 1. og 2. mgr. í samræmi við Haagsamninginn frá 25. október 1980 um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa. Sérstaklega skal tekið tillit til 3. og 16. gr. samningsins.

Ný 8. gr. a hljóði svo:

Ef mál sem 7. eða 8. gr. tekur til, milli sömu aðila, er borið undir þar til bært yfirvald í fleiri en einu samningsríkjanna skal það yfirvald sem málið var síðar borið undir vísa málinu frá af sjálfsdáðum og láta hinu yfirvaldinu eftir að taka ákvörðun í málinu.

Við beitingu 1. mgr. telst skilnaður að borði og sæng og lögskilnaður vera sama málið.

9. gr. hljóði svo:

Við meðferð mála sem 7. og 8. gr. taka til skal beita gildandi lögum í viðkomandi samningsríki. Þó skal ávallt taka ákvarðanir í málum sem snerta búskipti samkvæmt þeim lögum sem eiga við um fjármál hjónanna skv. 3. gr.

Skilnaður að borði og sæng sem fengist hefur í einu ríkjanna veitir sama rétt til lögskilnaðar í hinum ríkjunum og skilnaður að borði og sæng er þar hefur fengist.

Í samningsríki þar sem ekki eru í lögum ákvæði um skilnað að borði og sæng en í vissum tilvikum byggt á að umhugsunarfrestur sé undanfari lögskilnaðar eiga hjón, sem veittur hefur verið skilnaður að borði og sæng í öðru samningsríki og hafa síðan búið hvort í sínu lagi svo lengi sem svarar umhugsunarfrestinum og ekki tekið upp sambúð að nýju, rétt á að fá lögskilnað án undanfarandi umhugsunarfrests.

22. gr. hljóði svo:

Ákvörðun stjórnvalds eða aðfararhæfur dómsúrskurður sem gengið hefur í einu samningsríkjanna skv. 5., 7., 8., 11., 13., 14., 15., 19. eða 21. gr. skal gilda í hinum ríkjunum

án sérstakrar staðfestingar og án rannsóknar á því hvort ákvörðunin sé rétt eða tekin af þar til bæru yfirvaldi. Þetta á einnig við um aðfararhæfan dómsúrskurð sem gengið hefur í einu ríkjanna og kveður á um ógildi eða ógildingu hjúskapar milli ríkisborgara í samningsríki.

II.

Að því er varðar beitingu samkomulagsins í Færeyjum og á Grænlandi getur danska dómsmálaráðuneytið, að undangengnum samningaviðræðum við dómsmálaráðuneyti hinna samningsríkjanna, ákveðið þau frávik sem sérstakar færeyskar eða grænlenskar aðstæður krefjast.

III.

Samningsríkin geta gerst aðilar að samkomulagi þessu með

a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, eða
b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, ásamt eftirfarandi fullgildingu.

Fullgildingarskjölunum skal komið í vörslu hjá sænska utanríkisráðuneytinu.

Samkomulagið öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar er hefst tveimur mánuðum eftir að öll samningsríkin hafa gerst aðilar að samkomulaginu. Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir samningsríkjunum um móttöku fullgildingarskjalanna til vörslu og hvenær samkomulagið öðlast gildi.

IV.

Þar til samkomulag þetta öðlast gildi getur hvert samningsríkjanna, í tengslum við aðild sína að samkomulaginu eða síðar, gefið yfirlýsingu um að samkomulagið skuli gilda milli þess ríkis og annarra samningsríkja sem hafa gefið slíka yfirlýsingu. Yfirlýsingin öðlast gildi fjórtán dögum eftir að hún er móttekin til vörslu í sænska utanríkisráðuneytinu.

V.

Frumrit þessa samkomulags skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu er lætur hverju samningsríki í té staðfest endurrit.

Þessu til staðfestu hafa neðangreindir fulltrúar, sem hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Stokkhólmi hinn 6. febrúar 2001 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og að því er sænskuna varðar í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð, og eru allir textarnir jafngildir.

Gjört á Bessastöðum, 19. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að standa að stofnun hlutafélags um rekstur Orkubús Vestfjarða, og að leggja til hlutafélagsins hlut ríkisins í sameignarfélaginu Orkubú Vestfjarða.

Iðnaðarráðherra annast undirbúning að stofnun hlutafélagsins í samráði við fjármálaráðherra og sameigendur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða.

2. gr.

Tilgangur Orkubús Vestfjarða hf. er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Hlutafélagið stundar virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni.

Félaginu er einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

3. gr.

Heimili og varnarþing Orkubús Vestfjarða hf. skulu vera á Ísafirði.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um innborgun hlutafjár og fjölda hluthafa í Orkubúi Vestfjarða hf. Ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 2/1995 eiga ekki við um greiðslu hlutafjár.

5. gr.

Heildarfjárhæð hluta í Orkubúi Vestfjarða hf. skal nema 75% af bókfærðu eigin fé Orkubús Vestfjarða samkvæmt endurskoðuðum efnahagsreikningi 31. desember 2000.

Sameignarfélagar í Orkubúi Vestfjarða skulu eignast hluti í hinu nýja hlutafélagi í samræmi við hlutdeild sína í sameignarfélaginu Orkubú Vestfjarða svo sem hún var 1. desember 2000.

6. gr.

Orkubú Vestfjarða hf. heldur einkarétti þeim sem iðnaðarráðherra veitti sameignarfélaginu Orkubú Vestfjarða á grundvelli 6. gr. laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, sbr. þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

Iðnaðarráðherra er heimilt, að fengnu áliti stjórnar Orkubús Vestfjarða hf., að ákveða að rekstur einstakra orkumannvirkja skuli vera undanþeginn einkarétti félagsins, svo sem bygging og rekstur mannvirkja til raforkudreifingar, jarðvarmaveitna og fjarvarmaveitna með kyndistöðvum innan þeirra sveitarfélaga sem þess óska.

Þeir aðrir sem reka orkumannvirki á starfssvæði Orkubús Vestfjarða hf. við gildistöku laga þessara skulu halda þeim rétti sínum.

7. gr.

Stjórn Orkubús Vestfjarða hf. skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra fara saman með eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf.

8. gr.

Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

9. gr.

Fastráðnir starfsmenn Orkubús Vestfjarða skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá sameignarfélaginu, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér.

Um biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum hjá Orkubúi Vestfjarða gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

10. gr.

Stofna skal hlutafélagið Orkubú Vestfjarða á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. júní 2001.

Allur kostnaður Orkubús Vestfjarða hf. af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku þess á rekstri Orkubús Vestfjarða greiðist af félaginu.

11. gr.

Orkubú Vestfjarða hf. skal taka til starfa eigi síðar en 1. júlí 2001 og yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar sameignarfélagsins Orkubú Vestfjarða. Sameignarfélagið Orkubú Vestfjarða skal lagt niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórnar sameignarfélagsins.

12. gr.

Orkubú Vestfjarða hf. er undanþegið tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, falla úr gildi þegar Orkubú Vestfjarða hf. tekur til starfa, sbr. ákvæði 11. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sameignarfélagar Orkubús Vestfjarða bera áfram, gagnvart kröfuhöfum, einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Orkubús Vestfjarða sem stofnast hafa áður en hlutafélag er stofnað um rekstur þess. Innbyrðis skiptist þessi ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum 1. desember 2000.

II.

Á stofnfundi skal kjósa stjórn félagsins og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að félagið hefur tekið til starfa. Hlutverk stjórnar fram að yfirtöku er að undirbúa yfirtöku á rekstri Orkubús Vestfjarða en eftir það að stjórna félaginu í samræmi við ákvæði laga.

III.

Rekstrarlega séð skal yfirtaka Orkubús Vestfjarða hf. á sameignarfélaginu Orkubú Vestfjarða miðuð við 1. janúar 2001.

Gjört í Reykjavík 30. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

30. maí 2001 Nr. 41

LÖG

um breytingu á lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga, hagfræðinga eða nota heiti sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur hafa þeir menn hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi viðskiptaráðherra. Þeir sem lokið hafa BS- eða cand. oecon.-prófi úr viðskiptadeild eða BS-prófi úr hagfræðideild viðurkennds íslensks háskóla eða meistaranámi úr framangreindum deildum, sbr. lög nr. 136/1997, um háskóla, þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Áður en leyfi er veitt skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal leita álits þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar á eftirfarandi hátt: Einn nefndarmaður samkvæmt tilnefningu Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og tveir samkvæmt tilnefningu ráðherra og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð nefndar sem menntamálaráðherra hefur skipað skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1981, frá 1. október 2000 til 1. október 2001, fellur niður við gildistöku laga þessara. Frá sama tíma skal viðskiptaráðherra skipa í nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1981.

Gjört í Reykjavík 30. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Nr. 42 90 22. maí 2001

LÖG

um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Fegrunar- og snyrtiefni eru efni eða efnablöndur sem ætlaðar eru til notkunar á mannslíkamann, svo sem hörund, hár, neglur, varir, tennur eða slímhúð í munni. Fegrunar- og snyrtiefnum er einkum ætlað að hreinsa, breyta útliti, veita ilm, bæta líkamsþef eða vernda og halda líkamshlutum í góðu ástandi.

b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Markmið þessara laga er að eiturefni, hættuleg efni og fegrunar- og snyrtiefni séu notuð með gát og varúð þannig að hvorki hljótist af tjón á mönnum eða dýrum né matvæli eða umhverfi mengist af efnunum.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein, 17. gr. A, sem orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um framleiðslu, innflutning, dreifingu, sölu, notkun, innihald, eftirlit og merkingu fegrunar- og snyrtiefna, hvort sem efnin flokkast sem eiturefni eða hættuleg efni eða ekki.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Yfirstjórn mála er varða eiturefni, hættuleg efni og fegrunar- og snyrtiefni er í höndum umhverfisráðherra.

b. Á eftir 5. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að taka gjald fyrir vinnu við og útgáfu starfsleyfa til handa þeim sem starfa við garðaúðun í atvinnuskyni, starfsleyfa til handa meindýraeyðum og leyfisskírteina fyrir notendur varnarefna og eiturefna, viðurkenningu sótthreinsiefna og áritun innflutningsskjala.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að taka gjald fyrir vinnu stofnunarinnar við skráningu, breytingu á skráningu, undanþágu frá skráningu, samhliðaskráningu og endurnýjun á skráningu varnarefna. Í skráningu varnarefna felst m.a. úttekt sérfræðinga á þörf fyrir notkun viðkomandi efna og á áhættu við notkun þeirra.

Þá er Hollustuvernd ríkisins heimilt að krefja umsækjanda, sbr. 6. og 7. mgr., um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna eða úttekta utanaðkomandi sérfræðinga, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda um fyrirhugaðar rannsóknir eða úttektir og umsækjanda gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka áður en til slíks kostnaðar er stofnað.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, sett gjaldskrá vegna þeirrar starfsemi sem talin er upp í 6., 7. og 8. mgr. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

19. maí 2001 Nr. 43

LÖG

um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
Gildissvið.

Nú fer Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn þess á leit, í samræmi við samþykkt dómstólsins frá 17. júlí 1998 (Rómarsamþykkt), að hér á landi verði framkvæmdar aðgerðir vegna rannsóknar eða meðferðar máls og skal þá farið með slíkar beiðnir í samræmi við ákvæði þessara laga. Sama gildir um beiðnir dómstólsins um fullnustu dóma.

Beiðni um aðgerðir skv. 1. mgr. skal send dómsmálaráðherra sem hefur að öðru leyti samskipti við dómstólinn fyrir hönd íslenska ríkisins.

2. gr.
Afhending manns til dómstólsins.

Að beiðni dómstólsins skal afhenda mann sem dvelur hér á landi og er grunaður um glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins eða hefur verið ákærður eða dæmdur fyrir slíkan glæp.

Um meðferð máls skv. 1. mgr. gilda ákvæði II. kafla laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum að því leyti sem þau eiga við.

Dómsmálaráðherra getur veitt heimild til þess að maður sem annað ríki hefur samþykkt að afhenda dómstólnum verði fluttur um yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

3. gr.
Önnur aðstoð.

Íslenskir dómstólar og stjórnvöld geta að beiðni dómstólsins veitt þá aðstoð sem tilgreind er í 93. gr. Rómarsamþykktarinnar að því tilskildu að slík beiðni sé í samræmi við önnur ákvæði samþykktarinnar.

Að beiðni dómstólsins er dómsmálaráðherra heimilt að veita starfsmönnum dómstólsins leyfi til að yfirheyra vitni og framkvæma aðrar rannsóknaraðgerðir hér á landi. Um meðferð slíkra beiðna og framkvæmd aðgerða fer eftir lögum um meðferð opinberra mála.

4. gr.

Beiting þvingunarráðstafana.

Að beiðni dómstólsins er heimilt að handtaka mann og beita öðrum þvingunarráðstöfunum. Um meðferð slíkra beiðna fer eftir lögum um meðferð opinberra mála.

Ef lög gera það að skilyrði fyrir beitingu þvingunarráðstafana að fyrir liggi rökstuddur grunur um refsivert brot skal leggja til grundvallar niðurstöðu dómstólsins um það atriði.

Maður sem úrskurðaður hefur verið í gæsluvarðhald skv. 1. mgr. getur gert kröfu um að hann skuli leystur úr gæsluvarðhaldi þar til afhending til dómstólsins fer fram. Krafa þess efnis skal borin fram við héraðsdóm.

Við mat á kröfu um lausn úr gæsluvarðhaldi skv. 3. mgr. þar til afhending fer fram skal dómari hafa hliðsjón af þeim atriðum sem fram koma í 4. mgr. 59. gr. Rómarsamþykktarinnar. Áður en héraðsdómur tekur slíka kröfu til úrskurðar skal tilkynning um meðferð kröfunnar fyrir héraðsdómi send dómstólnum og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir af því tilefni.

5. gr.

Verjandi sakbornings.

Maður sem grunaður er um eða ákærður fyrir háttsemi sem fellur undir lögsögu dómstólsins skal eiga rétt á aðstoð verjanda að eigin vali vegna meðferðar málsins hér á landi. Skal honum tilkynnt um þennan rétt.

Þóknun verjanda greiðist úr ríkissjóði og skal ákveðin samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

6. gr.

Réttargæslumaður brotaþola.

Brotaþoli í máli sem fellur undir lögsögu dómstólsins getur óskað eftir að fá skipaðan réttargæslumann ef ástæða þykir til að ætla að hann hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða heilsu vegna háttsemi ákærða og talið er nauðsynlegt að hann njóti aðstoðar réttargæslumanns.

Ákvæði VII. kafla laga um meðferð opinberra mála skulu gilda eftir því sem við á.

7. gr.

Ne bis in idem.

Maður verður ekki ákærður eða dæmdur hér á landi fyrir verknað sem dómur hefur fallið um hjá dómstólnum.

8. gr.

Fullnusta dóma Alþjóðlega sakamáladómstólsins hér á landi.

Að beiðni dómstólsins er heimilt að fullnægja dómum hans hér á landi. Dómum má fullnægja þótt dómþoli sé ekki íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi.

Fullnusta dóma hér á landi skal fara fram í samræmi við ákvæði 10. kafla Rómarsamþykktarinnar.

9. gr.

Refsingar fyrir brot gegn dómstólnum eða starfsmönnum hans.

Ákvæði XII., XV. og XVII. kafla almennra hegningarlaga eiga við um háttsemi sem beinist að dómstólnum eða starfsmönnum hans.

10. gr.

Reglugerðarheimild.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og um samskipti við dómstólinn.

11. gr.

Gildistaka.

Ákvæði laga þessara taka gildi um leið og Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Gjört á Bessastöðum, 19. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

19. maí 2001 Nr. 44

LÖG

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 147/1998, bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

12. Fyrir háttsemi, sem greinir í samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna frá 9. desember 1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 23. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (23. gr. a.)

Heimilt er stjórnvöldum að semja um að yfirvald í erlendu ríki megi senda einstaklingi hér á landi í pósti tilkynningu eða málsskjöl vegna rannsóknar eða meðferðar sakamáls.

Nú er ástæða til að ætla að viðtakandi skilji ekki tungumálið sem skjal er ritað á og skal þá þýða skjalið eða meginefni þess á íslensku eða annað tungumál sem erlendu yfirvaldi er kunnugt um að viðtakandi skilur.

Með tilkynningum eða málsskjölum skulu fylgja upplýsingar um að móttakandi geti fengið upplýsingar um réttindi sín og skyldur er leiðir af skjalinu hjá yfirvaldinu sem gaf það út eða öðrum yfirvöldum í viðkomandi ríki. Um slíkar leiðbeiningar gilda ákvæði 2. mgr.

b. (23. gr. b.)

Nú tekur erlendur opinber starfsmaður þátt í rannsókn eða meðferð opinbers máls hér á landi og gilda þá um hann ákvæði XII. og XIV. kafla almennra hegningarlaga eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um hönnun.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Hönnuður eða sá sem sækir rétt sinn til hans getur með skráningu samkvæmt lögum þessum öðlast einkarétt á hönnun (hönnunarrétt).

2. gr.

Í lögum þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind sem hér segir:

1. Hönnun merkir útlit vöru eða hluta vöru sem ræðst af einstökum þáttum eða skreytingu hennar, einkum línum, útlínum, litum, lögun, gerð og/eða efni;
2. vara merkir handunninn hlut eða hlut sem framleiddur er með tæknilegum hætti, þ.m.t. hlut sem ætlaður er í samsetta vöru, umbúðir, útbúnað, grafísk tákn og letur-gerðir, að undanskildum tölvuforritum;
3. samsett vara merkir vöru sem hefur að geyma marga hluti sem unnt er að skipta um þannig að vöruna megi taka í sundur og setja saman á ný.

3. gr.

Hönnunarréttur getur einungis tekið til nýrrar og sérstæðrar hönnunar.

Hönnun telst ný ef eins hönnun hefur ekki verið gerð aðgengileg almenningi fyrir umsóknardag, eða forgangsréttardag ef forgangsréttar er krafist. Hönnun telst eins og önnur hönnun ef einstakir þættir hönnunar eru aðeins ólíkir í óverulegum atriðum.

Hönnun telst sérstæð ef heildarmynd sú sem hún veitir upplýstum notanda er frábrugðin heildarmynd hans af annarri hönnun sem hefur verið gerð aðgengileg almenningi fyrir umsóknardag, eða forgangsréttardag ef forgangsréttar er krafist. Við mat á því hvort hönnun telst sérstæð skal taka mið af því svigrúmi sem hönnuður hefur haft við gerð hönnunarinnar.

4. gr.

Hönnun vöru, sem er hluti af samsettri vöru, telst aðeins ný og sérstæð:

1. ef hluti hennar, sem hefur verið felldur inn í hina samsettu vöru, er sýnilegur við eðlilega notkun og
2. sýnilegi hlutinn fullnægir kröfunni um nýjung og sérstæði.

Eðlileg notkun telst hagnýting notanda á endanlegu notkunarstigi á samsettu vörunni, þó að undanskildu viðhaldi eða viðgerð.

5. gr.

Hönnun telst aðgengileg almenningi samkvæmt lögum þessum ef hún hefur verið skráð eða gerð opinber með öðrum hætti ellegar hún hefur verið höfð til sýnis, hagnýtt í viðskiptum eða orðið þekkt með öðrum hætti.

Hönnunin telst ekki orðin aðgengileg almenningi:

1. ef ekki verður með sanngirni talið að kunnáttumenn á viðkomandi sviði á Evrópska efnahagssvæðinu hafi við venjulegar starfsaðstæður getað fengið vitneskju um téð tilvik 1. mgr. fyrir umsóknardag, eða forgangsréttardag ef forgangsréttar er krafist, eða

2. aðrir hafa öðlast vitneskju um hönnunina í trúnaði sem krafist hefur verið með ótvíræðum hætti eða ætla má að hafi verið krafist.

6. gr.

Hönnun telst ekki aðgengileg almenningi ef hún hefur á síðustu tólf mánuðum fyrir umsóknardag, eða forgangsréttardag ef forgangsréttar er krafist, verið gerð aðgengileg almenningi:

1. fyrir atbeina hönnuðar eða þess sem sækir rétt sinn til hans, ellegar fyrir atbeina annars aðila á grundvelli upplýsinga eða athafna hönnuðar eða þess sem sækir rétt sinn til hans, eða
2. vegna misbeitingar gagnvart hönnuði eða þeim sem sækir rétt sinn til hans.

7. gr.

Hönnun nýtur ekki verndar ef hún eða notkun hennar:

1. stríðir gegn siðgæði eða allsherjarreglu,
2. felur heimildarlaust í sér auðkenni sem njóta verndar skv. 6. gr. Parísarsamningsins frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar eða önnur merki, tákn eða skjaldarmerki sem hafa sérstakt gildi fyrir almenning,
3. felur heimildarlaust í sér vörumerki eða heiti á virkri atvinnustarfsemi annars aðila,
4. felur heimildarlaust í sér verk sem nýtur verndar samkvæmt höfundalögum,
5. brýtur gegn hönnun sem þegar nýtur verndar samkvæmt umsókn um eða skráningu á hönnun hér á landi eða samkvæmt alþjóðlegri skráningu sem hefur gildi hér á landi.

8. gr.

Hönnunarréttur nær ekki til þeirra þátta í útliti vöru sem:

1. ráðast eingöngu af tæknilegri virkni vöru eða
2. framleiða þarf í nákvæmlega sömu lögun og stærð til að vöruna, sem hönnunin er hluti af, megi tæknilega tengja annarri vöru, ellegar láta hana í, á, um eða við aðra vöru þannig að báðar vörurnar geti gegnt hlutverki sínu.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 1. mgr. er unnt að öðlast hönnunarrétt ef hönnunin er ný og sérstæð skv. 3. gr. og gefur færi á margs konar samsetningu eða samtengingu vara í kerfi úr víxlanlegum einingum.

9. gr.

Í hönnunarrétti felst að aðrir en hönnuður megi ekki heimildarlaust hagnýta hönnun, sbr. þó undantekningar í 10.–12. gr. Ekki má t.d. heimildarlaust framleiða, bjóða til sölu, markaðssetja, flytja inn eða út eða nota vöru sem einkennist af hönnuninni, svo og safna birgðum í áðurgreindu skyni.

Hönnunarréttur skv. 1. mgr. tekur til sérhverrar hönnunar sem gefur upplýstum notanda ekki aðra heildarmynd.

10. gr.

Hönnunarréttur tekur ekki til:

1. athafna sem framkvæmdar eru í einkaþágu,
2. athafna sem framkvæmdar eru í tilraunaskyni og
3. eftirgerðar til notkunar við tilvísanir eða í fræðslu enda brjóti slíkar athafnir ekki í bága við góða viðskiptahætti, skaði ekki venjulega notkun hönnunar óhæfilega og heimildar sé getið.

11. gr.

Enn fremur tekur hönnunarréttur ekki til:

1. búnaðar skipa og loftfara sem skrásett eru í öðru ríki meðan þau eru stödd um stundarsakir í íslenskri lögsögu,
2. innflutnings hingað til lands á varahlutum og aukabúnaði til viðgerða á skipum og loftförum skv. 1. tölul. og
3. vinnu við viðgerðir á skipum og loftförum skv. 1. og 2. tölul.

12. gr.

Hönnunarréttur tekur ekki til athafna í tengslum við þá vöru sem nýtur verndar hafi eigandi hönnunarréttar eða einhver með samþykki hans markaðssett vöruna á Evrópska efnahagssvæðinu.

II. KAFLI
Umsókn um skráningu hönnunar.

13. gr.

Umsókn um skráningu hönnunar skal skila til Einkaleyfastofunnar sem heldur hönnunarskrá.

Umsókn skal hafa að geyma upplýsingar um nafn umsækjanda og tilgreiningu á vörunni eða vörunum sem hönnun tekur til.

Umsókn skulu fylgja myndir (teikningar eða ljósmyndir) er greinilega sýni hönnun þá er óskast vernduð. Auk þess má senda inn líkan með umsókninni.

Nafn hönnuðar, eins eða fleiri, skal tilgreina í umsókn. Sé umsækjandi annar en hönnuður skal umsækjandi sanna rétt sinn til hönnunar.

Umsókn skulu fylgja tilskilin gjöld, sbr. 53. gr.

14. gr.

Umsókn um skráningu hönnunar telst ekki lögð inn fyrr en umsækjandi hefur afhent myndir sem lýsa hönnuninni, tilgreint þá vöru, sem hönnunin tekur til, og greitt tilskilin gjöld, sbr. 53. gr.

Umsókn má ekki breyta þannig að hún varði aðra hönnun en þá sem lýst er í umsókninni.

15. gr.

Í einni og sömu umsókn er heimilt að sækja um vernd á fleiri en einni hönnun ef þær vörur, er hönnun tengist, mynda samstæðu og verða flokkaðar í sama flokk samkvæmt Locarno-samningnum frá 8. október 1968 um alþjóðlega flokkun hönnunar.

Nánari reglur um slíka samskráningu skal setja í reglugerð.

16. gr.

Hafi verið sótt um skráningu hönnunar í annarri umsókn um hönnun eða smáeinkaleyfi hér á landi eða í öðru ríki, sem er aðili að Parísarsamningnum frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar eða Alþjóðaviðskiptastofnuninni, innan sex mánaða frá umsóknardegi í hinu ríkinu skal litið svo á að seinni umsóknin hafi verið lögð inn samtímis hinni fyrri enda leggi umsækjandi fram kröfu þess efnis.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við þegar um er að ræða ríki sem er ekki aðili að Parísarsamningnum eða Alþjóðaviðskiptastofnuninni ef það ríki viðurkennir samsvarandi forgangsrétt íslenskra umsókna og lög þess eru í aðalatriðum í samræmi við Parísarsamninginn.

Ef sótt er um skráningu hönnunar innan sex mánaða frá því að hönnun er sýnd í fyrsta skipti á opinberri eða opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu skal litið svo á að umsóknin hafi verið lögð inn á þeim tíma. Með alþjóðlegum sýningum er átt við sýningar samkvæmt samningnum um heimssýningar sem undirritaður var í París 22. nóvember 1928.

17. gr.

Einkaleyfastofan kannar auk formskilyrða hvort umsókn taki til hönnunar í skilningi 1. tölul. 2. gr. og samræmist 1. og. 2. tölul. 7. gr.

Umsækjandi getur farið fram á að Einkaleyfastofan rannsaki einnig hvort umsókn fullnægi skilyrðum 3. og 5. tölul. 7. gr. og samræmist að öðru leyti ákvæðum laga þessara.

Með beiðni um rannsókn skv. 2. mgr. skal fylgja tilskilið gjald, sbr. 53. gr.

18. gr.

Teljist umsókn fullnægja settum reglum skal hönnun skráð. Einkaleyfastofan skal flokka hönnun í samræmi við ákvæði Locarno-samningsins frá 8. október 1968 um alþjóðlega flokkun hönnunar. Tilkynning um skráningu hönnunar skal birt í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

Að beiðni umsækjanda má þó fresta skráningu í allt að sex mánuði frá umsóknardegi, eða forgangsréttardegi ef forgangsréttar er krafist. Beiðni um frestun skal koma fram í umsókn.

19. gr.

Ef umsókn um skráningu hönnunar er ekki í samræmi við ákvæði laga eða reglna eða telji Einkaleyfastofan að aðrar tálmanir leiði til þess að synja beri um skráningu skal umsækjanda tilkynnt það og honum veittur kostur á að tjá sig eða lagfæra umsóknina innan tilskilins frests.

Komi ekki fram athugasemdir frá umsækjanda né lagfæring á umsókninni innan tilskilins frests skal umsókn afskrifuð.

Að beiðni umsækjanda skal umsókn tekin fyrir á ný ef hann, innan tveggja mánaða frá því að tilskilinn frestur rann út, tjáir sig um málið eða lagfærir umsóknina enda greiði hann endurupptökugjald, sbr. 53. gr. Endurupptaka getur aðeins átt sér stað einu sinni.

Telji Einkaleyfastofan eitthvað því til fyrirstöðu að umsókn verði samþykkt, og hafi umsækjanda verið gefinn kostur á að tjá sig um annmarkann, skal umsókninni hafnað nema Einkaleyfastofan telji ástæðu til að gefa umsækjanda á ný kost á málsmeðferð skv. 1. mgr.

20. gr.

Telji Einkaleyfastofan að eitthvað komi í veg fyrir skráningu, sbr. 19. gr., er unnt að skrá hönnunina í breyttri mynd ef hún fullnægir kröfum um vernd og heldur sérkennum sínum.

Sé umsækjandi ekki samþykkur hinni breyttu mynd skal umsókn hafnað.

III. KAFLI
Aðgengi að umsókn og upplýsingaskylda.

21. gr.

Frá og með skráningardegi hönnunar skulu umsóknargögn aðgengileg almenningi.

Þegar sex mánuðir eru liðnir frá umsóknardegi, eða forgangsréttardegi ef forgangsréttar er krafist, skulu gögn aðgengileg almenningi þótt birting skv. 18. gr. hafi ekki farið

fram. Hafi verið tekin ákvörðun um að afskrifa umsókn eða hafna henni mega umsóknargögn þó ekki vera aðgengileg nema umsækjandi fari fram á endurupptöku eða kæri ákvörðun um höfnun.

Ef umsækjandi óskar þess skulu umsóknargögn gerð aðgengileg fyrr en kveðið er á um í 1. og 2. mgr.

Þegar umsóknargögn verða aðgengileg skv. 2. og 3. mgr. skal birta auglýsingu um það.

22. gr.

Beri umsækjandi um skráningu hönnunar fyrir sig umsókn sína gagnvart öðrum áður en hún er gerð almenningi aðgengileg er honum skylt að veita viðkomandi aðgang að umsóknargögnum sé þess krafist.

Gefi maður til kynna með því að snúa sér beint til annars, með auglýsingu, áritun á vöru eða umbúðir hennar eða öðrum hætti, að sótt hafi verið um skráningu hönnunar eða hún skráð, án þess að tilgreina þó jafnframt númer umsóknar eða skráningar, er honum skylt að veita þeim sem þess krefst þær upplýsingar án ástæðulausrar tafar. Ef upplýsingar eru til þess fallnar að gefa í skyn að sótt hafi verið um hönnun eða hún skráð án þess að slíkt sé skýrt tekið fram er skylt, sé þess krafist, að veita án ástæðulausrar tafar upplýsingar um hvort svo sé.

IV. KAFLI
Gildistími skráðrar hönnunar.

23. gr.

Skráð hönnun gildir eitt eða fleiri fimm ára tímabil frá umsóknardegi. Skráningu má endurnýja til fimm ára í senn þar til 25 ára verndartíma er náð.

24. gr.

Beiðni um endurnýjun skráningar ásamt tilskildu endurnýjunargjaldi, sbr. 53. gr., skal lögð inn hjá Einkaleyfastofunni í fyrsta lagi þremur mánuðum áður en skráningartímabili lýkur og í síðasta lagi sex mánuðum eftir lok þess.

Berist Einkaleyfastofunni ekki beiðni um endurnýjun á því tímabili sem um getur í 1. mgr. skal skráning afmáð úr hönnunarskrá.

Sé beiðni ekki í samræmi við ákvæði laga eða reglna lætur Einkaleyfastofan viðkomandi vita og gefur honum kost á að tjá sig innan tilskilins frests.

Að þeim tíma liðnum skal Einkaleyfastofan taka afstöðu til beiðninnar enda sé viðkomandi ekki gefinn kostur á að tjá sig á nýjan leik.

Birta skal tilkynningu um endurnýjun skráningar í ELS-tíðindum.

V. KAFLI
Brottfall skráðrar hönnunar.

25. gr.

Ógilda má skráningu hönnunar að nokkru eða öllu leyti með dómi ef:

1. skráning samræmist ekki ákvæðum 1.–8. gr. eða
2. umsókn hefur verið breytt þannig að hún brjóti í bága við ákvæði 2. mgr. 14. gr.

Hver sem er getur höfðað mál skv. 1. mgr. en þó einungis:

1. um rétt til hönnunar: sá sem segist vera löglegur eigandi hönnunar;
2. um réttindi skv. 2. tölul. 7. gr.: sá sem hefur hagsmuna að gæta vegna viðkomandi notkunar;
3. um réttindi skv. 3.–5. tölul. 7. gr.: eigandi þeirra réttinda.

Mál skv. 1. tölul. 2. mgr. skal höfða innan árs frá því að viðkomandi fær vitneskju um skráninguna og aðrar aðstæður sem málið byggist á. Þó má ekki höfða mál síðar en þrem-

ur mánuðum eftir skráningu hönnunar ef eigandi skráningarinnar hefur verið í góðri trú þegar hönnunin var skráð eða viðkomandi öðlaðist hönnunarrétt.

Skráningu hönnunar má fella úr gildi eftir að hönnunarréttur fellur brott eða honum hefur verið afsalað.

26. gr.

Hafi hönnun verið skráð á annan en þann sem skv. 1. gr. á rétt til hönnunar skal dómstóll að kröfu rétthafa yfirfæra réttinn til hans.

Hafi sá sem á þennan hátt er sviptur hönnunarrétti í góðri trú hagnýtt uppfinninguna í atvinnuskyni hérlendis eða gert umfangsmiklar ráðstafanir til þess er honum heimilt gegn sanngjörnu endurgjaldi og að öðru leyti með sanngjörnum skilmálum að halda þeirri hagnýtingu áfram eða hefja fyrirhugaða hagnýtingu enda breytist hagnýtingin ekki til muna. Með sömu forsendum hefur skráður nytjaleyfishafi sama rétt.

Rétt skv. 2. mgr. má aðeins framselja ásamt þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn hefur verið hagnýttur eða til stóð að beita honum.

27. gr.

Þegar hönnun hefur verið skráð má leggja fram beiðni um að Einkaleyfastofan felli skráninguna að nokkru eða öllu leyti úr gildi enda sé tilskilið gjald greitt, sbr. 53. gr. Beiðni getur aðeins byggst á því:

1. að skráning samræmist ekki ákvæðum 1.–8. gr. eða
2. umsókn hafi verið breytt þannig að hún brjóti í bága við 2. mgr. 14. gr.

Beiðni skv. 1. mgr. mega aðeins eftirfarandi leggja fram:

1. um rétt til hönnunar: sá sem segist vera löglegur eigandi hönnunarréttar;
2. um réttindi skv. 2. tölul. 7. gr.: sá sem hefur hagsmuna að gæta vegna viðkomandi notkunar;
3. um réttindi skv. 3.–5. tölul. 7. gr.: eigandi þeirra réttinda.

Hafi eigandi hönnunarréttar afsalað sér réttinum skal Einkaleyfastofan afmá skráningu hönnunar.

Sé beiðni skv. 1. mgr. afturkölluð getur Einkaleyfastofan haldið meðferðinni áfram svo framarlega sem stofnunin telur ástæðu til þess.

28. gr.

Beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. skal vera skrifleg og rökstudd. Séu gögn ófullnægjandi getur Einkaleyfastofan beðið um frekari gögn svo að taka megi afstöðu til beiðninnar.

Komi fram beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. skal eiganda skráðrar hönnunar tilkynnt um hana og honum gefið tækifæri til að tjá sig.

29. gr.

Ef hönnun, sem byggist á forgangsrétti skv. 16. gr., hefur verið skráð eftir að sambærileg hönnun hefur verið skráð skal tilkynna eiganda hinnar skráðu hönnunar það og gefa honum kost á að tjá sig um það. Einkaleyfastofunni er heimilt að ógilda fyrri skráninguna að nokkru eða öllu leyti.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við þegar Einkaleyfastofan fær tilkynningu þar sem farið er fram á að alþjóðleg skráning gildi hér á landi. Þarf þá að vera ljóst að alþjóðlega skráningin hafi öðlast gildi hér, sbr. 1. mgr. 57. gr., áður en sótt var um þá skráningu hönnunar sem þegar hefur verið skráð.

30. gr.

Sé eitthvað því til fyrirstöðu að skráning hönnunar haldi gildi sínu samkvæmt dómi eða vegna ákvörðunar Einkaleyfastofunnar í kjölfar beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. skal fella skráningu úr gildi. Þegar endanlegur dómur eða ákvörðun liggur fyrir skal Einkaleyfastofan birta tilkynningu þar um.

Telji Einkaleyfastofan að beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. leiði ekki til þess að skráning skuli felld úr gildi að nokkru eða öllu leyti skal beiðninni hafnað og skráning standa.

31. gr.

Á grundvelli dóms eða ákvörðunar vegna beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. má viðhalda skráningu hönnunar í breyttri mynd ef hönnunin í þeirri mynd fullnægir skilyrðum um vernd og heldur sérkennum sínum.

Einkaleyfastofan skal birta tilkynningu um skráninguna í breyttu formi.

Ef eigandi hönnunarréttar er ekki sammála ákvörðun Einkaleyfastofunnar í kjölfar beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. um skráningu hönnunar í breyttri mynd skal fella skráningu hönnunar niður.

32. gr.

Ef höfðað hefur verið dómsmál til ógildingar hönnun skv. 25. gr. er ekki unnt að leggja fram beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. um þá hönnun sem dómsmálið varðar.

Sé dómsmál höfðað eftir framlagningu beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. skal Einkaleyfastofan fresta meðferð beiðninnar þar til dómsmálinu er endanlega lokið nema beiðnin hafi komið frá eiganda hönnunarréttarins.

33. gr.

Staðhæfi einhver við Einkaleyfastofuna að hann sé rétthafi hönnunarumsóknar eða -skráningar en ekki umsækjandi eða skráður eigandi hönnunarréttar getur Einkaleyfastofan, ef hún telur vafa leika á því, beint þeim tilmælum til viðkomandi að hann höfði mál til staðfestingar kröfu sinni innan tiltekins frests. Ef viðkomandi verður ekki við tilmælunum getur Einkaleyfastofan virt staðhæfingu hans að vettugi. Skal þess og getið í tilmælunum.

Ef höfðað er mál fyrir dómstólum um rétt til hönnunar getur Einkaleyfastofan frestað frekari meðferð þar til málinu er endanlega lokið.

34. gr.

Færi einhver sönnur á að hann en ekki umsækjandi eða skráður eigandi hönnunarréttar eigi rétt til hennar skal Einkaleyfastofan skrá hönnunina á nafn hans enda fari viðkomandi fram á það. Sá sem fær umsókn eða skráningu með þessum hætti yfirfærða á sitt nafn skal greiða umsóknargjald að nýju, sbr. 53. gr.

Komi fram beiðni um yfirfærslu hönnunarumsóknar eða -skráningar skal umsókn eða skráning standa óbreytt þar til endanleg afstaða hefur verið tekin til beiðninnar.

VI. KAFLI
Áfrýjun.

35. gr.

Umsækjandi eða eigandi hönnunarréttar getur skotið endanlegri ákvörðun Einkaleyfastofunnar til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Sá sem lagt hefur fram beiðni um að skráning hönnunar verði felld úr gildi getur skotið til áfrýjunarnefndar ákvörðun um að skráningin skuli standa í breyttri eða óbreyttri mynd. Sé fallið frá áfrýjun getur áfrýjunarnefnd þó tekið málið til úrskurðar ef sérstakar ástæður mæla með því.

36. gr.

Áfrýjun skal berast iðnaðarráðuneyti innan tveggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun. Innan sama frests skal greiða ráðuneytinu tilskilið áfrýjunargjald. Áfrýjunargjaldið skal ákveðið sem hámarksgjald vegna kostnaðar eða hluta kostnaðar við áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, m.a. þóknunar til nefndarmanna í einstökum málum, póstburðargjalda, ljósritunarkostnaðar og annars umsýslukostnaðar er til fellur við störf nefndarinnar. Sé áfrýjunargjald ekki greitt innan frestsins skal vísa áfrýjun frá. Áfrýjun frestar frekari meðferð málsins hjá Einkaleyfastofunni.

Ákvarðanir áfrýjunarnefndar verða ekki bornar undir annað stjórnvald.

VII. KAFLI
Refsi- og bótaábyrgð o.fl.

37. gr.

Sá sem af ásetningi brýtur gegn hönnunarrétti skal sæta sektum. Sé brot alvarlegt, einkum ef ætlunin er að afla verulegs og augljóslega ólögmæts ávinnings með brotinu, getur refsing verið fangelsi allt að einu ári.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd starfi hjá lögaðilanum.

Sókn sakar á sá sem misgert er við. Þó sæta brot skv. 2. málsl. 1. mgr. opinberri ákæru ef sá krefst þess sem misgert er við. Skulu slík mál rekin í samræmi við lög um meðferð opinberra mála.

38. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn hönnunarrétti skal greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu hönnunar og skaðabætur fyrir annað tjón sem brot hans hefur haft í för með sér.

Hagnist einhver af broti gegn hönnunarrétti án þess að um ásetning eða gáleysi hafi verið að ræða skal hann, ef og að því marki sem það telst sanngjarnt, greiða endurgjald og skaðabætur skv. 1. mgr. Bætur þessar skulu þó ekki vera hærri en ætla má að nemi hagnaði hins bótaskylda af brotinu.

39. gr.

Hafi verið brotið gegn hönnunarrétti getur dómstóll ákveðið í þeim tilgangi að girða fyrir frekari brot, að kröfu þess sem misgert er við og að svo miklu leyti sem það telst sanngjarnt, að vörum, sem hafa verið framleiddar eða fluttar inn ólöglega, skuli breyta á tiltekinn hátt, þær skuli ónýta eða þær afhentar brotaþola gegn endurgjaldi. Sama gildir um hluti ef notkun þeirra felur í sér brot á hönnunarrétti. Ákvæðum 1. og 2. málsl. skal þó ekki beita gagnvart þeim sem hefur í góðri trú eignast viðkomandi vörur eða öðlast réttindi yfir þeim og hefur ekki sjálfur brotið gegn hönnunarrétti.

Þegar mjög sérstakar ástæður eru fyrir hendi og þess er krafist getur dómstóll, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., leyft yfirráð yfir ólöglega framleiddum eða innfluttum vörum á verndartíma hönnunar eða hluta þess tíma gegn hæfilegu endurgjaldi og sanngjörnum kjörum að öðru leyti.

40. gr.

Sé hönnun, sem sótt hefur verið um skráningu á, hagnýtt í heimildarleysi eftir að umsóknargögn hafa verið gerð aðgengileg almenningi gilda ákvæðin um brot gegn hönnunarrétti á sama hátt enda leiði umsóknin til skráningar hönnunarréttar. Þetta á þó ekki við um ákvæði 39. gr. Ef tjón hlýst af broti sem framið er áður en umsóknargögn eru gerð aðgengileg almenningi skal viðkomandi greiða skaðabætur en þó eigi í ríkari mæli en skv. 2. mgr. 38. gr.

41. gr.

Í málum vegna brota á hönnunarrétti má því aðeins halda því fram að hönnunarréttur sé ekki til staðar að kröfu hafi verið beint að eiganda hönnunarréttar um ógildingu skráningar, eftir atvikum eftir að honum var stefnt samkvæmt reglum 45. gr. Sé skráning ógilt verður ákvæðum 37.–40. gr. ekki beitt.

42. gr.

Sá sem lætur undir höfuð leggjast að fullnægja skyldum sínum skv. 22. gr. eða gefur rangar upplýsingar skal sæta sektum enda sé ekki mælt fyrir um þyngri refsingu í öðrum lögum. Hann skal og bæta það tjón sem af slíku hefur hlotist að því marki sem sanngjarnt verður talið.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 37. gr. gilda eftir því sem við á.

VIII. KAFLI
Réttarfar.

43. gr.

Í dómsmálum, er varða rétt til hönnunar, ógildingu skráningar og yfirfærslu skráningar til annars en umsækjanda og eiganda hönnunarréttar, teljast umsækjandi og eigandi hönnunarréttar, sem eiga ekki lögheimili hér á landi, hafa varnarþing í Reykjavík.

44. gr.

Sá sem höfðar mál til ógildingar á skráðri hönnun til að fá skráningu yfirfærða á annað nafn skal tilkynna það Einkaleyfastofunni og skal þess getið í hönnunarskrá. Samtímis skal hann með ábyrgðarbréfi tilkynna málshöfðunina öllum skráðum nytjaleyfishöfum sé heimilisfangs þeirra getið í hönnunarskránni. Nytjaleyfishafi, sem höfðar mál vegna brots á hönnunarrétti, skal með sama hætti tilkynna eiganda hönnunarréttar það.

Nú sinnir stefnandi ekki tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. og getur dómari þá veitt honum stuttan frest í því skyni. Að öðrum kosti skal vísa máli hans frá dómi.

45. gr.

Þegar eigandi hönnunarréttar höfðar mál vegna brota á hönnunarrétti og stefndi gerir kröfu um að hönnunin verði dæmd ógild skal stefndi senda tilkynningar skv. 1. mgr. 44. gr. til Einkaleyfastofunnar og skráðra nytjaleyfishafa. Ákvæði 2. mgr. 44. gr. eiga hér einnig við.

Í málum vegna brota á hönnunarrétti, sem nytjaleyfishafi höfðar, getur stefndi stefnt eiganda hönnunarréttar án tillits til varnarþings hans og beint að honum kröfu um ógildingu hönnunar.

46. gr.

Endurrit dóma í málum samkvæmt lögum þessum skal dómari að eigin frumkvæði láta Einkaleyfastofunni í té.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

47. gr.

Umsækjandi eða eigandi hönnunarréttar, sem á ekki lögheimili hér á landi, skal hafa umboðsmann búsettan á EES-svæðinu sem getur fyrir hans hönd tekið við stefnu og öllum tilkynningum um hönnunina með bindandi áhrifum. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal skrá í hönnunarskrá.

Tilnefni umsækjandi eða eigandi hönnunarréttar ekki umboðsmann skv. 1. mgr. innan tilskilins frests skal umsókn afmáð.

48. gr.

Glati umsækjandi rétti af þeirri ástæðu að hann eða umboðsmaður hans hefur ekki virt frest sem Einkaleyfastofan hefur veitt honum á grundvelli laga þessara skal Einkaleyfastofan endurveita honum réttinn ef umsækjandi hefur gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast til að virða frestinn. Beiðni um slíkt skal berast innan tveggja mánaða frá brottfalli hindrunar er töfinni olli, en þó aldrei síðar en einu ári frá lokum frestsins. Innan sama frests skal umsækjandi bæta úr ágöllum og greiða tilskilið endurveitingargjald, sbr. 53. gr.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við með sama hætti ef eigandi hönnunarréttar eða umboðsmaður hans hefur ekki greitt endurnýjunargjald innan frests skv. 24. gr., sbr. 53. gr. Beiðni um endurveitingu í þeim tilvikum þarf þó að hafa borist og endurnýjunargjald vera greitt innan sex mánaða frá lokum frestsins.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um frest skv. 16. og 36. gr.

49. gr.

Hafi eigandi hönnunarréttar veitt öðrum leyfi til að nota hönnunina (nytjaleyfi) má nytjaleyfishafi ekki framselja rétt sinn nema um það hafi verið samið.

Sé nytjaleyfi veitt fyrirtæki má framselja það ásamt fyrirtækinu nema um annað sé samið.

50. gr.

Nytjaleyfishafa er að fengnu samþykki eiganda hönnunarréttar heimilt að höfða mál vegna brota á hönnunarrétti.

Nytjaleyfishafa er heimilt að gerast aðili að réttaraðgerðum sem eigandi hönnunarréttar á frumkvæði að enda eigi nytjaleyfishafi rétt á bótum vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir eða gæti orðið fyrir vegna brots.

51. gr.

Verði aðilaskipti að skráðri hönnun, m.a. nytjaleyfi veitt, hönnun veðsett, aðför gerð í henni eða hún fellur til þrotabús, skal þess getið í hönnunarskrá enda berist beiðni þar um frá viðkomandi aðila.

Sé um samskráningu að ræða verða aðilaskipti ekki færð í hönnunarskrá nema þau nái til hönnunarsamstæðu í heild.

Mál varðandi hönnun má ætíð höfða gegn þeim sem er skráður eigandi í hönnunarskrá og skulu tilkynningar Einkaleyfastofunnar sendar honum.

52. gr.

Einkaleyfastofunni er eftir beiðni heimilt að taka að sér sérstök verkefni á sviði hönnunar og hönnunarréttar.

Iðnaðarráðherra setur reglur um slíka þjónustu og greiðslu fyrir hana, sbr. 53. gr.

53. gr.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, m.a. um hönnunarumsóknir og meðferð þeirra, meðferð andmælamála, endurnýjun og brottfall hönnunarskráningar, færslu í hönnunarskrá, efni og útgáfu ELS-tíðinda og verklag Einkaleyfastofunnar. Þá skal ráðherra ákveða gjöld samkvæmt lögunum, sbr. 36. gr.

Gjöld skulu standa straum af kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna hönnunarmálefna og við þjónustu sem veitt er, m.a. könnun Einkaleyfastofunnar á formskilyrðum og jafnvel efnisskilyrðum venjulegra umsókna, alþjóðlegra umsókna og endurupptekinna umsókna, þjónustu vegna samskráningar, birtingu, m.a. á myndum, yfirfærslu alþjóðlegra umsókna, umsýslu vegna endurnýjunar umsókna, könnun vegna ógildingar skráningar, útskriftir úr hönnunarskrám og þjónustuverkefni.

Gjöld samkvæmt lögum þessum renna beint til Einkaleyfastofunnar og innheimtir hún gjöldin.

X. KAFLI
Alþjóðleg skráning hönnunar.

54. gr.

Með alþjóðlegri skráningu hönnunar er átt við skráningu hönnunar samkvæmt Genfarsamningnum frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar.

55. gr.

Umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar skal lögð inn hjá Einkaleyfastofunni eða alþjóðaskrifstofunni er starfar á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO). Skilyrði fyrir viðtöku umsóknar um alþjóðlega skráningu samkvæmt lögum þessum hér á landi er að umsækjandi sé íslenskur ríkisborgari, íslenskur lögaðili eða einstaklingur búsettur hér á landi eða að aðili reki hér á landi virka atvinnustarfsemi.

Sé umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar lögð inn hjá Einkaleyfastofunni skal stofnunin senda hana áfram til alþjóðaskrifstofunnar. Fyrir móttöku og meðferð umsókna skal greiða tilskilið gjald, sbr. 53. gr.

56. gr.

Telji Einkaleyfastofan alþjóðlega skráningu hönnunar óskráningarhæfa hér á landi skal alþjóðaskrifstofunni send niðurstaða Einkaleyfastofunnar ásamt rökstuðningi innan tilgreinds frests. Eiganda skráningar er heimilt að tjá sig um málið og óska eftir því að það verði tekið til skoðunar að nýju. Eigandi skráningar skal þá tilnefna umboðsmann skv. 47. gr.

Telji Einkaleyfastofan ekkert því til fyrirstöðu að alþjóðleg skráning hönnunar gildi hér á landi skal hún birt í ELS-tíðindum.

57. gr.

Alþjóðleg skráning hönnunar, sem gildir á Íslandi, hefur sömu réttaráhrif og önnur skráð hönnun hér á landi frá skráningardegi hinnar alþjóðlegu skráningar eða forgangsréttardegi.

Endurnýjun alþjóðlegrar skráningar hönnunar fer eftir reglum Genfarsamningsins. Þegar Einkaleyfastofunni berst tilkynning frá alþjóðaskrifstofunni um endurnýjun alþjóðlegrar skráningar skal hún færð í hönnunarskrá og birt í ELS-tíðindum.

58. gr.

Um umsókn og meðferð alþjóðlegrar skráningar hönnunar gilda ákvæði II. kafla laganna ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla.

59. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla, þar á meðal um birtingu alþjóðlegrar skráningar hönnunar, andmæli gegn skráningu, endurnýjun og gjöld.

XI. KAFLI

Gildistaka.

60. gr.

Lög þessi, sem sett eru m.a. á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/71/EB frá 13. október 1998 um lögvernd hönnunar, öðlast gildi 1. október 2001. Ákvæði X. kafla laganna öðlast þó ekki gildi fyrr en við birtingu auglýsingar ráðherra um að Genfarsamningurinn frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar hafi öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 48/1993, um hönnunarvernd, með síðari breytingum.

Um óskráðan hönnunarrétt, sem stofnast hefur fyrir gildistöku laga þessara, gilda ákvæði eldri laga um hönnunarvernd.

Með þeim undantekningum, sem greindar eru í 5.–6. mgr., gilda ákvæði laga þessara einnig um hönnun sem skráð hefur verið eða sótt hefur verið um skráningu á við gildistöku laga þessara.

Um meðferð umsókna, sem lagðar hafa verið inn hjá Einkaleyfastofunni fyrir gildistöku laga þessara, skal fara samkvæmt ákvæðum eldri laga um hönnunarvernd.

Hafi einhver fyrir gildistöku laga þessara hagnýtt sér hönnun með þeim hætti að ekki þurfti samþykki eiganda hönnunar samkvæmt eldri lögum um hönnunarvernd en samþykki hans er áskilið samkvæmt lögum þessum getur viðkomandi haldið hagnýtingunni áfram þrátt fyrir ákvæði laga þessara. Sá sem hefur við gildistöku laga þessara gert umtalsverðar ráðstafanir til að hagnýta hönnun getur með sömu skilyrðum hagnýtt sér hana.

Gjört á Bessastöðum, 19. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breyting á lögum um leikskóla, nr. 78/1994.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. og 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra setur leikskólum aðalnámskrá leikskóla. Þar skal kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans, gildi leiksins og meginstefnu varðandi starfshætti og innra gæðamat.

Menntamálaráðuneytið hefur aðalnámskrá leikskóla stöðugt til endurskoðunar, sér um útgáfu hennar og breytingar þegar þörf er talin á. Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár leikskóla skal birt í Stjórnartíðindum.

2. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Heimilt er að starfsfólk án leikskólakennaramenntunar taki þátt í að annast uppeldi og menntun barna undir stjórn leikskólakennara, enda fáist ekki leikskólakennari til starfsins. Nánar skal kveðið á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

26. maí 2001 Nr. 48

LÖG

um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Skólanefnd gerir tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir honum faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn.

3. gr.

2. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera að lágmarki níu mánuðir. Kennsludagar skulu ekki vera færri en 170.

5. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Í grunnskóla skal miðað við að jólaleyfi nemenda sé frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði í skólanámskrá, enda sé þess gætt að hvíldartími nemenda sé ekki skertur á skólaárinu.

6. gr.

2. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í íslensku í 4. og 7. bekk. Jafnframt er heimilt að veita nemendum með annað móðurmál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í stærðfræði í 4. og 7. bekk hafi þeir dvalið skemur á landinu en eitt ár.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

Nr. 49 26. maí 2001

LÖG

um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „89/48/EBE eða 92/51/EBE“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: 89/48/EBE, 92/51/EBE eða 1999/42/EB.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

26. maí 2001 Nr. 50

LÖG

um breyting á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

11. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

26. maí 2001 Nr. 51

LÖG

um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsl. 3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til allt að fimm ára í senn, áfangastjóra til allt að fjögurra ára og aðra stjórnendur að höfðu samráði við skólanefnd.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

Nr. 52 26. maí 2001

LÖG

um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er þó skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélaga eða félaga sem eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga.

2. gr.

1. tölul. 6. gr. laganna orðast svo: ef umsækjandi eða einhver sem í húsnæðinu býr með honum er skyldmenni leigusala sem býr í sama húsi í beinan legg eða kjörbarn, fósturbarn, systkini, barn þeirra eða tengdaforeldri.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. um íbúðarhúsnæði hafa fatlaðir sem búa saman á sérstökum sambýlum fyrir fatlaða rétt til húsaleigubóta. Undanþága þessi gildir einnig um námsmenn sem eru í námi á framhalds- eða háskólastigi og leigja á heimavist eða á námsgörðum.

4. gr.

Við 1. tölul. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er þó skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélaga eða félaga sem eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

um sölu kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða í Fljótsdalshreppi.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hreppsnefnd Fljótsdalshrepps er heimilt að selja ábúendum kristfjárjarðirnar Arnheiðarstaði og Droplaugarstaði í Fljótsdalshreppi.

Verð jarðanna, mannvirkja og ræktunar á þeim fer eftir því sem um semst, en ella skal það ákveðið af dómkvöddum matsmönnum.

Andvirði jarðanna skal varið til félagslegra framkvæmda í hreppnum. Ráðstöfun söluandvirðis skal háð samþykki félagsmálaráðuneytisins og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um fyrirtæki sem hefur staðfestu utan Íslands og sendir starfsmann hingað til lands, sbr. 2. gr., í tengslum við veitingu þjónustu, sem starfar að jafnaði utan Íslands en er sendur tímabundið til starfa hér á landi.

Lög þessi gilda ekki um áhafnir kaupskipa.

2. gr.
Fyrirtæki.

Fyrirtæki telst senda starfsmann í skilningi 1. gr. hingað til lands í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar það sendir á sínum vegum og undir sinni stjórn starfsmann í tengslum við samning um veitingu þjónustu við fyrirtæki hér á landi.
2. Þegar það sendir starfsmann til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu sömu fyrirtækjasamstæðu hér á landi.

3. Þegar það framleigir sem afleysingarfyrirtæki eða atvinnumiðlun starfsmann til notendafyrirtækis sem hefur staðfestu eða er með starfsemi hér á landi.

Í þeim tilvikum sem greinir í 1. mgr. er það ávallt skilyrði að ráðningarsamband sé milli fyrirtækisins og starfsmannsins á þeim tíma sem hann starfar hér á landi.

3. gr.

Starfskjör.

Þegar fyrirtæki sendir starfsmann hingað til lands í skilningi laga þessara gildir eftirfarandi löggjöf um starfskjör hans, og reglur settar á grundvelli hennar, án tillits til erlendrar löggjafar sem að öðru leyti gildir um ráðningarsamband hans og hlutaðeigandi fyrirtækis:

1. Lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 1. gr., að því er varðar lágmarkslaun, yfirvinnugreiðslur, réttindi til orlofs, hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma.
2. Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
3. Lög nr. 30/1987, um orlof, sbr. þó 11. gr. orlofslaga.
4. Lög nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, 4. gr.
5. Lög nr. 60/1998, um loftferðir, VI. kafli.
6. Lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, 11., 29. og 30. gr.
7. Lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, auk annarra ákvæða um bann við mismunun.

Ákvæði 1. mgr. gildir með fyrirvara um betri starfskjör starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi við hlutaðeigandi fyrirtæki eða samkvæmt kjarasamningi eða löggjöf í því ríki þar sem hann starfar að jafnaði.

4. gr.

Frávik.

Ef um er að ræða fyrstu samsetningu og/eða fyrstu uppsetningu vöru, sem er þáttur í samningi um veitingu vöru og er nauðsynleg til að taka megi vöruna í notkun og er framkvæmd af faglærðum eða sérhæfðum starfsmönnum fyrirtækis, sbr. 2. gr., skulu ákvæði 1. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. ekki eiga við ef það tímabil sem starfsmaðurinn er hér á landi varir ekki lengur en átta daga.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um hvers kyns byggingarvinnu sem lýtur að byggingu, viðgerðum, lagfæringum, breytingum eða niðurrifi bygginga.

Við ákvörðun þess hve lengi starfsmaður hefur unnið hér á landi skv. 1. mgr. skal reikna með öll starfstímabil hans hér á landi síðustu 12 mánuði. Við slíka útreikninga skal telja með sérhvert fyrra tímabil sem annar starfsmaður kann að hafa gegnt starfinu áður.

5. gr.

Varnarþing.

Starfsmaður erlends fyrirtækis, sbr. 1. gr., getur höfðað mál hér á landi vegna vanefnda vinnuveitanda á skyldum sínum samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. laga þessara.

6. gr.

Upplýsingar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um samstarf og veitingu upplýsinga af hálfu stjórnvalda og samskipti við þar til bærar stofnanir í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. ákvæði 4. og 5. gr. tilskipunar nr. 96/71/EB.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi, sem sett eru með hliðsjón af tilskipun nr. 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu, öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

26. maí 2001 Nr. 55

LÖG

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum, o.fl.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breyting á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á skipum sem skráð eru hér á landi og eru 20 brúttótonn eða stærri, þar með talið skipstjóra. Heimilt er með reglugerð að veita undanþágur frá ákvæðum þessara laga um að lögskrá áhafnir hafnsögubáta, dráttarbáta, björgunarskipa og farþegaskipa til skoðunarferða. Jafnframt er heimilt að uppfylltum skilyrðum, sem nánar skulu skilgreind í reglugerð, að ákveða fyrirkomulag lögskráningar skv. 4. og 5. gr. á annan hátt vegna tiltekinna flokka skipa.

II. KAFLI
Breyting á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað upphafsmálsliðar 2. mgr. 172. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla skv. 1. mgr. Sé útgerðarmaður jafnframt í áhöfn skips er honum skylt að tryggja sig með sama hætti. Tryggingin skal vera sem hér segir.

III. KAFLI
Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eigi skal þó haffærisskírteini gefið út fyrir skip sem er minna en 20 brúttótonn nema fyrir liggi yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

Nr. 56 26. maí 2001

LÖG

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 6. og 7. tölul., svohljóðandi:

6. Vörugjald af bifreiðum til ökukennslu skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	**Sprengirými aflvélar**	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði fyrir því að bifreið til ökukennslu beri vörugjald samkvæmt þessum tölulið eru að kaupandi hennar hafi hlotið löggildingu sem ökukennari og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.

Ökuskólar geta jafnframt notið lækkunar samkvæmt þessum tölulið. Skilyrði þess eru að ökuskóli hagi skráningu á akstri bifreiðar sem nýtur lægra vörugjalds þannig að á hverjum tíma sé unnt að gera grein fyrir akstri bifreiðarinnar í þágu ökukennslu. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um. Sé bifreið notuð til annars er tollstjóra heimilt að innheimta fullt vörugjald skv. 3. gr. laganna með 50% álagi. Við mat á því hvort bifreið hafi einungis verið notuð til ökukennslu skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 80% af akstri hennar í þágu ökukennslu með framvísun þar til gerðrar akstursbókar eða öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um þær bifreiðar sem njóta undanþágu samkvæmt þessum tölulið.

Brot á þeim skilyrðum sem sett eru í þessum tölulið varðar því að hinn brotlegi, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili, missir rétt til lækkunar í þrjú ár frá síðasta broti.

7. Vörugjald af bifreiðum sem notaðar eru til ökukennslu og leigubifreiðaaksturs skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði fyrir því að bifreið sem nýtt er til ökukennslu og leigubifreiðaaksturs beri vörugjald samkvæmt þessum tölulið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi hlotið löggildingu sem ökukennari og hafi þessi störf samanlagt að aðalatvinnu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

26. maí 2001 Nr. 57

LÖG

um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða þeim sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 13/1999, um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, $^{2}/_{3}$ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003. Endurgreiðsluheimildin verði bundin við hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni, sem nýskráðar eru á tímabilinu og búnar eru aflvélum samkvæmt EURO2 staðli ESB. Heimildin tekur ekki til almenningsvagna. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

9. *ársreikningaskrá:* skrá sem starfrækt er í því skyni að taka á móti, geyma og birta ársreikninga skilaskyldra félaga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: ársreikningaskrá.
b. Í stað orðsins „Félagaskrá“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. kemur: Ársreikningaskrá.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1., 2. og 3. mgr. kemur: ársreikningaskrá.
b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra ákveður aðsetur ársreikningaskrár.

4. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 70. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

5. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. mgr. 71. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Útibússtjórar í útibúum erlendra félaga, sem skráð eru hér á landi, skulu í síðasta lagi átta mánuðum eftir lok reikningsárs senda staðfest endurrit ársreiknings eða samstæðureiknings félagsins til ársreikningaskrár ásamt reikningsskilum útibúsins.
b. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 2., 3. og 4. mgr. kemur: ársreikningaskrá.

7. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. og 2. mgr. 74. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

8. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. og 2. mgr. 75. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

9. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1., 2., 3. og 4. mgr. 76. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

10. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. mgr. 77. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

11. gr.

78. gr. laganna orðast svo:

Ársreikningaskrá skal gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði þessara laga. Hún getur krafist þeirra upplýsinga hjá hverju félagi sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Í því skyni að sannreyna hvort félög uppfylli ákvæði laganna um stærðarmörk til að mega skila samandregnum ársreikningum og samstæðureikningum hefur ársreikningaskrá heimild til að afla upplýsinga hjá ríkisskattstjóra um nöfn og kennitölur þeirra félaga sem lög þessi taka til og fara yfir þau stærðarmörk sem greinir í 6. gr.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við skil á ársreikningum vegna rekstrarársins 2000.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

26. maí 2001 Nr. 59

LÖG

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Fyrir afsagnargerðir, stefnubirtingar og aðrar slíkar gerðir er lögbókandi framkvæmir skal greiða 1.200 kr. Sama gjald skal greiða fyrir staðfestingar er starfsmenn utanríkisþjónustunnar framkvæma.

2. gr.

Á eftir 15. tölul. 10. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi:

16. Leyfi til tannsmiða.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

50. Útflutningsleyfi 1.200 kr.

4. gr.

Við 12. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

17. Leyfi til skoteldasýningar	5.000 kr.
18. Brennuleyfi	5.000 kr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi:

d. Útgáfa vegabréfa til öryrkja fer skv. 2. tölul.

b. Á eftir 2. tölul. koma þrettán nýir töluliðir, svohljóðandi:

3. Fyrir útgáfu diplómatískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa:	
a. Fyrir 18–66 ára	4.600 kr.
b. Skyndiútgáfa fyrir 18–66 ára	9.200 kr.
c. Fyrir aðra	1.700 kr.
d. Skyndiútgáfa fyrir aðra	3.400 kr.
4. Aðgangsheimild að varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar:	
a. Fyrir fastráðna starfsmenn	2.000 kr.
b. Fyrir tímabundið skírteini	1.000 kr.
5. Vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn	800 kr.
6. Vegabréfsáritun til gegnumferðar um ríki (ein, tvær eða fleiri komur)	800 kr.
7. Vegabréfsáritun til skamms tíma (hámark til 30 daga)	1.800 kr.
8. Almenn vegabréfsáritun (hámark til 90 daga)	2.400 kr.
og að auki fyrir hverja komu frá og með annarri komu	400 kr.
9. Vegabréfsáritun fyrir fleiri en eina komu sem gildir í eitt ár	4.000 kr.
10. Vegabréfsáritun fyrir fleiri en eina komu sem gildir að hámarki í fimm ár	4.000 kr.
og að auki fyrir hvert viðbótarár	2.400 kr.
11. Vegabréfsáritun til langs tíma	2.400 kr.
12. Vegabréfsáritun með takmarkað gildissvið	2.400 kr.
13. Vegabréfsáritanir skv. 5. og 6. tölul. fyrir hópa (5–50 einstaklingar)	800 kr.
og að auki fyrir hvern einstakling	80 kr.
14. Vegabréfsáritanir skv. 7. tölul. fyrir hópa (30 dagar), ein eða tvær komur (5–50 einstaklingar)	2.400 kr.
og að auki fyrir hvern einstakling	80 kr.
15. Vegabréfsáritanir skv. 7. tölul. fyrir hópa (30 dagar), meira en tvær komur (5–50 einstaklingar)	2.400 kr.
og að auki fyrir hvern einstakling	240 kr.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Verði vegabréfsáritun gefin út við landamæri skal innheimta tvöfalda fjárhæð þess flokks vegabréfsáritunar sem um er að ræða.

6. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli, IX. kafli, **Gjöld vegna sérstakrar þjónustu starfsmanna utanríkisþjónustunnar**, með einni grein, svohljóðandi, og breytist töluröð kafla og greina sem því nemur:

Greiða skal gjöld fyrir sérstaka þjónustu er starfsmenn utanríkisþjónustunnar veita svo sem hér segir:

1. Fyrir aðstoð við útvegun vottorða og yfirlýsinga frá opinberum stjórnvöldum eða öðrum á Íslandi eða erlendis	3.000 kr.
2. Fyrir þýðingar sendiskrifstofa, hver síða	3.500 kr.
3. Fyrir milligöngu um birtingu stefnu í einkamálum og greiðsluáskoranir fyrir aðila erlendis	5.000 kr.
4. Fyrir tilnefningu vegna móttöku stefna, dóma og tilkynninga fyrir hönd innlendra fyrirtækja og stofnana	10.000 kr.
5. Fyrir millifærslu fjármuna til og frá útlöndum:	
a. Fyrir millifærslu allt að 50.000 kr.	3.000 kr.
b. Fyrir millifærslu á bilinu 50.000kr. til 200.000 kr.	7.500 kr.
c. Fyrir millifærslu yfir 200.000 kr. skal greiða 3,75% af millifærðri fjárhæð en þó ekki hærra en 37.500 kr.	

7. gr.

Við 19. gr. laganna, sem verður 20. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gjöld samkvæmt lögum þessum sem innt eru af hendi erlendis ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi hverju sinni. Gjöld sem mælt er fyrir um í 5.–10. tölul. og 12.–15. tölul. 14. gr. skulu taka mið af gengi evrunnar. Við útreikning gjalda þessara er heimilt að námunda upphæðina.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

26. maí 2001 Nr. 60

LÖG

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við sölu hlutabréfa í sparisjóði, sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, skal skattskyldur söluhagnaður þeirra bréfa sem stofnfjáreigandi fékk í skiptum fyrir stofnbréf sín vera söluverð bréfanna að frádregnu kaupverði þeirra. Kaupverð hlutabréfa í eigu stofnfjáreigenda skal ákveðið sem stofnfé sjóðsins endurmetið til ársloka 1996, skv. 23. gr. laga nr. 113/1996, að viðbættu innborguðu stofnfé frá þeim tíma þar til sparisjóðnum var breytt í hlutafélag. Kaupverð hlutabréfa sem rekstraraðili hefur fengið afhent sem stofnfjáreigandi skal þó ákvarð-

að sem kaupverð samkvæmt framangreindu þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. þessara laga, frá árslokum 1996 til söluárs, enda hafi hlutabréfin verið eignfærð í atvinnurekstrinum. Kaupverð hlutabréfa í sparisjóði sem sjálfseignarstofnun hefur eignast samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1996 ákvarðast sem raunvirði hreinnar eignar sparisjóðsins í árslok 1996 að frádregnu kaupverði hlutabréfa í eigu stofnfjáreigenda, sbr. framangreint. Raunvirði hreinnar eignar skal ákveðið samkvæmt þeim reglum sem gilda um ákvörðun á jöfnunarverðmæti hlutabréfa, sbr. 3. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

Nr. 61 26. maí 2001

LÖG

um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 31. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem verða 2. og 3. mgr. og orðast svo:

Fasteignamat ríkisins getur að eigin frumkvæði endurmetið einstakar eignir í því skyni að tryggja samræmt mat hliðstæðra eigna.

Berist beiðni um endurmat fasteignar frá öðrum en eiganda og Fasteignamat ríkisins telur ástæðu til breytinga skal eiganda tilkynnt um þá breytingu sem fyrirhugað er að gera á fasteignamati. Vilji eigandi ekki una þeirri breytingu skal veita honum a.m.k. fjögurra vikna frest til að tilkynna það með sannanlegum hætti til Fasteignamats ríkisins. Að öðrum kosti tekur breytt fasteignamat gildi að liðnum fresti.

2. gr.

2. málsl. 32. gr. laganna orðast svo: Málsmeðferð samkvæmt þessari grein og endurmat einstakra eigna skal fara eftir 31. gr. laganna.

3. gr.

3. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Skráðu matsverði fasteigna skal breytt í Landskrá fasteigna í samræmi við framangreinda stuðla og skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 31. desember til jafnlengdar næsta ár nema sérstakt endurmat komi til.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

26. maí 2001 Nr. 62

LÖG

um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður í suðurhlíðum Úlfarsfells skulu ákvarðast af eftirtöldum hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951:

Nr.	x-hnit	y-hnit
1	11986.4	18379.1
2	11399.400	18304.730
3	10759.351	18088.672
4	10539.402	18015.490
5	10418.802	17972.124
6	10288.693	17930.731
7	10280.431	17928.559
8	9938.844	17813.095
9	9928.809	17810.086
10	9467.337	17654.857
11	9884.968	17333.835
12	9936.344	17382.371
13	9997.587	17338.628
15	10056.334	17210.640
16	10147.194	17211.753
17	10150.204	17211.800
18	10150.340	17211.790
19	10149.570	17172.490
20	10155.193	16723.559
21	10172.083	16718.634
22	10182.636	16717.792
23	10207.610	16727.920
24	10229.695	16723.766

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

Nr. 63 26. maí 2001

LÖG

um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, o.fl.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 22/1962 og 1. gr. laga nr. 95/1994:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er hljóðar svo:
Við birtingu stjórnvaldsfyrirmæla í B-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til innleiðingar EES-reglna, er heimilt að vísa til birtingar skv. 3. mgr.

b. Við 2. mgr., er verður 3. mgr., bætist nýr málsliður er hljóðar svo: Birting ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og þeirra gerða, sem þar er vísað til, í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB telst jafngild birting að þessu leyti.

Um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2 13. janúar 1993, með síðari breytingu.

2. gr.

4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994, fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna, sbr. lög nr. 142/1998, fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „Vígslumaður“ í 2. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: Könnunarmaður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra skulu þó ávallt annast könnun á hjónavígsluskilyrðum ef annað hjónaefna eða bæði eiga ekki lögheimili hér á landi.
b. Í stað orðsins „hún“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: könnunin.
c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki skal taka gjald fyrir útgáfu könnunarvottorðs.
d. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Nú eiga ákvæði 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990, við um hagi hjónaefnis og telst það þá ekki hafa glatað lögheimili hér á landi þótt það hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu.
e. Í stað orðanna „vígslumaður“ og „vígslumanns“ í 2. mgr. kemur: könnunarmaður, og: könnunarmanns.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „vígslumanns“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: könnunarmanns.
b. Í stað orðanna „fjögurra mánaða“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 30 daga.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2001.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

Nr. 66 26. maí 2001

LÖG

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Iðgjaldsstofn bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri, skal vera reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Með búrekstri í þessu sambandi er átt við búrekstur samkvæmt atvinnugreinanúmerum 01, jarðrækt og garðyrkju, þ.m.t. ylrækt og búfjárrækt, og 02, skógrækt, í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Iðgjald þeirra bænda og maka þeirra sem reikna sér ekki laun en þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila sem rekur bú, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa til þeirra vegna búrekstrar, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 1. mgr. 2. gr. skal vera 4% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag sem skal vera 50% hærra en iðgjald skv. 1. málsl. Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Greiðsla iðgjalds og mótframlags skv. 2. mgr. skal fara fram mánaðarlega og skulu gjalddagar vera tíundi dagur næsta mánaðar eftir launatímabil og eindagi 30 dögum síðar. Stofn til innheimtu á mánaðarlegu iðgjaldi bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri og reikna sér laun, skal miða við reiknað endurgjald í hverjum mánuði eins og það er ákveðið skv. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 1. málsl. 6. mgr. Liggi ekki fyrir upplýsingar um reiknað endurgjald yfirstandandi árs skal miðað við laun næstliðins tekjuárs. Einkahlutafélög og aðrir lögaðilar sem reka bú, sbr. 3. málsl. 1. mgr., skulu standa skil á iðgjaldi fyrir alla menn sem að búrekstrinum starfa, sbr. 1. mgr. Greiðandi skal sundurliða iðgjöld eftir sjóðfélögum.

Sjóðurinn annast innheimtu iðgjalda. Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal, þrátt fyrir 1. málsl. 3. mgr., halda eftir af þeim iðgjaldi þeirra sjóðfélaga sem beingreiðslna njóta fyrir næstliðinn mánuð og skila því til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að það er greitt og skal það sundurliðað eftir sjóðfélögum og tímabilum.

Sé iðgjald ekki greitt á eindaga eða sé það vangreitt skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga til greiðsludags.

Leiði eftirlit ríkisskattstjóra skv. 6. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, í ljós að iðgjald bónda hefur verið vangreitt eða ofgreitt skal sjóðstjórn innheimta vangreidd iðgjöld eða úrskurða um bakfærslu og endurgreiðslu ofgreiddra iðgjalda. Iðgjald sem flutt hefur verið í annan lífeyrissjóð, lán verið veitt út á eða lífeyrir verið úrskurðaður og greiddur út á skal hvorki endurgreitt né réttindi sem af því leiða bakfærð. Sjóðfélagi getur enn fremur óskað eftir því að iðgjaldsstofn hans sé reiknað endurgjald í staðgreiðslu sé það hærra en reiknuð laun hans, sbr. 1. málsl. 1. mgr., samkvæmt álagningu að liðnu tekjuári. Vextir skulu reiknaðir á endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um iðgjaldagreiðslur, innheimtu, innheimtuþóknun, dráttarvexti og annað er varðar framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda vegna iðgjaldsákvörðunar á tekjur frá og með 1. janúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr., sbr. 4. mgr. 1. gr., skulu iðgjöld vegna 1. janúar 2001 til gildistöku laganna falla í gjalddaga með iðgjöldum þess greiðslutímabils sem næst fer á eftir gildistöku laganna.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu ákvæði 6. mgr. 1. gr. koma til framkvæmda vegna iðgjalda af tekjum ársins 2000.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

26. maí 2001 Nr. 67

LÖG

um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Héraðslæknir tilnefnir lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu. Sveitarstjórnir skipa án tilnefningar tvo fulltrúa sem hafa þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi eða hafa hliðstæða menntun. Samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum

og sinnir hann öðrum verkefnum þjónustuhóps aldraðra en þeim sem kveðið er á um í 4. tölul. 8. gr.

2. gr.

Á eftir orðunum „þjónustuhóps aldraðra“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: sbr. þó 7. og 8. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jón Kristjánsson.

Nr. 68 26. maí 2001

LÖG

um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Sama gildir um sölt, esta, peptíð og hvers konar afleiður (afbrigði) efna, sbr. 2. og 3. gr., þar með taldar afleiður sem eru frábrugðnar upprunalega efninu (viðmiðunarefninu) að því er varðar staðsetningu efnahóps eða efnahópa á kolefni, köfnunarefni, súrefni og/eða brennisteini.

2. gr.

Í stað orðsins „lögmætan“ í 6. mgr. 5. gr. laganna kemur: ólögmætan.

3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Eftirtalin ávana- og fíkniefni falla undir 1. mgr. 2. gr.: 1-Fenyl-2-butylamine, 4-metylaminorex, 4-MTA, A1-fenyl-1-piperidyl-(2)-metyl acetat, Acetorphine, Acetylmeskaline, Allobarbital, Brallobarbital, Brolamfetamine, Brotizolam, Brom-STP, Butobarbital, Cannabis (Kannabis, Marihuana, Hass), Cannabis harpix, Carfentanil, Cathinone, Chlorali hydras, Chloralodolum, Clomethiazolum, Cocainum, Desornorphinum, DET, Dexamfetamine, DMA, DMHP, DMT, DOET, Enhexymalum, Eticyclideine, Etilamfetamine, Etorphine, Fenetylline, GHB, Heptamalum, Heroin, Hexapropymatum, Hydroxyamfetamine, Hydroxytetrahydrokannabinolar, Ibogain, Kat, Levonantradol, Lysergide, MDA, MDE, MDMA, Mescaline, Methamfetamine, Methandriolum, Methaqualone, Methcathinone, Methylpentynolum, Metohexital, Metylmeskaline, MMDA, Modafinil, Nabilon, N-ethyl MDA, N-hydroxyamfetamine, Parahexyl, PHP, PCPY, PMA, Propylhexedrinum, Psilocybinum, Psilocine, Pyrityldion, STP, DOM, TCP, TMA, Tybamatum, Vinylbital.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jón Kristjánsson.

LÖG

um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Engar hömlur má leggja á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka, sbr. þó 100. gr.

Í samþykktum skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í hlutafélagsbanka og um meðferð hans. Í samþykktum er óheimilt að veita tilteknum hlutum aukið atkvæðagildi eða skipta hlutum með öðrum hætti í sérstaka flokka.

Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í viðskiptabanka skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi banka. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé eða atkvæðisrétti fer yfir 20%, 33% eða 50% eða nemur svo stórum hluta að viðskiptabanki verði talinn dótturfyrirtæki hans.

Þeir sem hyggjast eignast svo stóran eignarhlut í viðskiptabanka sem um ræðir í 3. mgr. skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili umsækjanda.
2. Nafn þess viðskiptabanka sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum viðskiptabanka.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu umsækjanda.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við viðskiptabankann.
8. Reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjanda í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.

11. Náin tengsl umsækjanda við aðra lögaðila, sbr. 3. mgr. 4. gr.
12. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti og máli skipta við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.

Sé umsækjandi lögaðili skal upptalning skv. 4. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 4. mgr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef umsækjandi lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt sé að afla sambærilegra upplýsinga frá fjármálaeftirliti heimaríkis umsækjanda.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðskiptabanka og skal gæta meðalhófs við það mat. Við mat á hæfi umsækjenda skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við.
2. Þekkingu og reynslu umsækjanda.
3. Hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.
4. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
5. Hvort ætla megi að eignarhald umsækjanda muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi viðskiptabanka. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um umsækjanda, hindra eðlilegt eftirlit.
6. Hvort umsækjandi hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.
7. Refsingum sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.

Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðskiptabankans skal það synja umsækjanda um leyfi til þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 7. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

Heimild til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í viðskiptabanka gildir í sex mánuði eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir. Nýti umsækjandi ekki heimildina á þeim tíma ber honum að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins á nýjan leik, sbr. 3. og 4. mgr.

Sæki aðili ekki um leyfi Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 3. mgr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi viðskiptabanka um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið gera hlutaðeigandi aðila að leggja fram umsókn ásamt fylgigögnum skv. 4. mgr. Berist umbeðin gögn innan tilskilins frests tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skv. 7. mgr. Berist gögn ekki innan fjögurra vikna frá því að um þau er beðið eða Fjármálaeftirlitið synjar viðkomandi aðila um leyfi til að eiga eða auka við virkan eignarhlut skal honum skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram

leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimili Fjármálaeftirlitið viðkomandi aðila að eignast eða auka við virkan eignarhlut fá hlutirnir atkvæðisrétt að nýju.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans um það fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi viðskiptabanka um brottfall atkvæðisréttarins. Skal viðkomandi aðila að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að bankinn hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt.

2. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Þegar tilkynning hefur borist um aðilaskipti að hlutabréfum í hlutafélagsbanka sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 3. mgr. 10. gr. skal bankaráð tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal viðskiptabanki tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í honum og um hlutafjáreign hvers þeirra.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í viðskiptabanka, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur bankans getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi banka að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir bankaráð hlutaðeigandi viðskiptabanka að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 6. mgr. 10. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila væri til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi banka, væri hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr., þyki það nauðsynlegt.

4. gr.

5. tölul. 1. mgr. 90. gr. laganna orðast svo:

5. séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 7. mgr. 10. gr. um hæfi hluthafa eða 38. gr. um hæfi bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs og stjórnenda viðkomandi stofnana.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Um skyldu hluthafa lánastofnana til að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins vegna kaupa eða aukningar á virkum eignarhlutum gilda ákvæði 10.–12. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé eða atkvæðisrétti fer yfir 20%, 33% eða 50% eða nemur svo stórum hluta að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu verði talið dótturfyrirtæki hans.

Þeir sem hyggjast eignast svo stóran eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem um ræðir í 1. mgr. skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili umsækjanda.
2. Nafn þess fyrirtækis sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum fyrirtækis í verðbréfaþjónustu.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu umsækjanda.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við fyrirtækið.
8. Reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjanda í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
11. Náin tengsl umsækjanda við aðra lögaðila, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.
12. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti og máli skipta við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.

Sé umsækjandi lögaðili skal upptalning skv. 2. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 2. mgr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef umsækjandi lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt sé að afla sambærilegra upplýsinga frá fjármálaeftirliti heimaríkis umsækjanda.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fyrirtækis í verðbréfaþjónustu og skal gæta meðalhófs við það mat. Við mat á hæfi umsækjenda skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við.
2. Þekkingu og reynslu umsækjanda.

3. Hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.
4. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
5. Hvort ætla megi að eignarhald umsækjanda muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi fyrirtæki. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um umsækjanda, hindra eðlilegt eftirlit.
6. Hvort umsækjandi hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.
7. Refsingum sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.

Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fyrirtækisins skal það synja umsækjanda um leyfi til þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 5. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

Heimild til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu gildir í sex mánuði eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir. Nýti umsækjandi ekki heimildina á þeim tíma ber honum að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins á nýjan leik, sbr. 1. og 2. mgr.

Sæki aðili ekki um leyfi Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 1. mgr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið gera hlutaðeigandi aðila að leggja fram umsókn ásamt fylgigögnum skv. 2. mgr. Berist umbeðin gögn innan tilskilins frests tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skv. 5. mgr. Berist umbeðin gögn ekki innan fjögurra vikna frá því að um þau er beðið eða Fjármálaeftirlitið synjar viðkomandi aðila um leyfi til að eiga eða auka við virkan eignarhlut skal honum skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimili Fjármálaeftirlitið viðkomandi aðila að eignast eða auka við virkan eignarhlut fá hlutirnir atkvæðisrétt að nýju.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans um það fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu um brottfall atkvæðisréttarins. Skal viðkomandi aðila að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að fyrirtækið hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt.

Þegar tilkynning hefur borist um aðilaskipti að hlutabréfum í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. skal félagsstjórn þess tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal fyrirtæki í verðbréfaþjónustu tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra.

7. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir félagsstjórn hlutaðeigandi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 4. mgr. 12. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila væri til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, væri hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr., þyki það nauðsynlegt.

8. gr.

1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, eða móðurfyrirtæki þess, með starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða einstaklingur sem ræður yfir slíku fyrirtæki er á sama hátt og greinir í 12. gr. óheimilt að eignast virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

9. gr.

Í stað tilvísunarinnar „13. tölul. 2. gr.“ í 30. gr. laganna kemur: 14. tölul. 2. gr.

10. gr.

4. tölul. 1. mgr. 60. gr. laganna orðast svo.

4. séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 5. mgr. 12. gr. um hæfi hluthafa eða 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. um hæfi stjórnarmanna.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

11. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í vátryggingafélagi skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlut-

deild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé eða atkvæðisrétti fer yfir 20%, 33% eða 50% eða nemur svo stórum hluta að vátryggingafélag verði talið dótturfyrirtæki hans.

Þeir sem hyggjast eignast svo stóran eignarhlut í vátryggingafélagi sem um ræðir í 1. mgr. skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili umsækjanda.
2. Nafn þess vátryggingafélags sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum vátryggingafélags.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu umsækjanda.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við vátryggingafélag.
8. Reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjanda í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
11. Náin tengsl umsækjanda við aðra lögaðila, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.
12. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti og máli skipta við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.

Sé umsækjandi lögaðili skal framangreind upptalning eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 2. mgr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef umsækjandi lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt sé að afla sambærilegra upplýsinga frá fjármálaeftirliti heimaríkis umsækjanda.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs vátryggingafélags og skal gæta meðalhófs við það mat. Við mat á hæfi umsækjenda skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við.
2. Þekkingu og reynslu umsækjanda.
3. Hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.
4. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
5. Hvort ætla megi að eignarhald umsækjanda muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi vátryggingafélagi. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um umsækjanda, hindra eðlilegt eftirlit.
6. Hvort umsækjandi hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.
7. Refsingum sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.

Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs vátryggingafélagsins skal það synja umsækjanda um

leyfi til þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 5. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

Heimild til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í vátryggingafélagi gildir í sex mánuði eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir. Nýti umsækjandi ekki heimildina á þeim tíma ber honum að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins á nýjan leik, sbr. 1. og 2. mgr.

Sæki aðili ekki um leyfi Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 1. mgr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi vátryggingafélagi um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið gera hlutaðeigandi aðila að leggja fram umsókn ásamt fylgigögnum skv. 2. mgr. Berist umbeðin gögn innan tilskilins frests tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skv. 5. mgr. Berist umbeðin gögn ekki innan fjögurra vikna frá því að um þau var beðið eða Fjármálaeftirlitið synjar viðkomandi aðila um leyfi til að eiga eða auka við virkan eignarhlut skal honum skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal frestur inn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimili Fjármálaeftirlitið viðkomandi aðila að eignast eða auka við virkan eignarhlut fá hlutirnir atkvæðisrétt að nýju.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans um það fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi vátryggingafélagi um brottfall atkvæðisréttarins. Skal viðkomandi aðila að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að vátryggingafélagið hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt.

Þegar tilkynning hefur borist um aðilaskipti að hlutabréfum í vátryggingafélagi sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. skal félagsstjórn þess tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal vátryggingafélag tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra.

Ákvæði þessarar greinar gilda um náin tengsl eftir því sem við getur átt. Ekki má mynda náin tengsl nema sýnt sé að þau hindri ekki eftirlit með starfsemi félagsins.

12. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í vátryggingafélagi, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir félagsstjórn hlutaðeigandi vátryggingafélags að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 4. mgr. 39. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila væri til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi vátryggingafélagi, væri hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr., þyki það nauðsynlegt.

Telji Fjármálaeftirlitið að náin tengsl hindri eftirlit með starfsemi vátryggingafélags skal það fara fram á að tengslin verði strax rofin, nema það telji aðrar ráðstafanir fullnægjandi.

V. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

26. maí 2001 Nr. 70

LÖG

um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Heimilt er að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.
b. 3. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

Nr. 71 26. maí 2001

LÖG

um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:
Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði að beiðni stofnfjáreiganda.

2. gr.

3. málsl. 1. mgr. 36. gr. laganna orðast svo: Í samþykktum er heimilt að kveða á um að stofnfjáreigendur kjósi alla stjórnarmenn sparisjóðs.

3. gr.

Á eftir 37. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (37. gr. A.)
Að tillögu sparisjóðsstjórnar í sparisjóði sem starfandi var 31. desember 2000 getur fundur stofnfjáreigenda ákveðið með $^2/_3$ hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst $^2/_3$ hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, að breyta sparisjóðnum í hlutafélag að fengnu samþykki ráðherra og umsögn Fjármálaeftirlitsins. Skal breyting sparisjóðs í hlutafélag þá framkvæmd þannig að sparisjóðurinn sameinist hlutafélagi sem sparisjóðurinn hefur áður stofnað í því skyni að taka við rekstri sparisjóðsins og öllum eignum hans og skuldum, réttindum og skuldbindingum.
Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um fjölda stofnenda í hlutafélagi skv. 1. mgr. Ákvæði 1. mgr. 20. gr. sömu laga um lágmarksfjölda hluthafa gilda ekki um hlutafélag skv. 1. mgr. fram að því að breyting sparisjóðs í hlutafélag skv. 1. mgr. á sér stað.
Við breytingu á sparisjóði í hlutafélag skv. 1. mgr. skulu stofnfjáreigendur eingöngu fá hlutafé í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína. Skal samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fá í sparisjóðnum nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og stofnfé, endurmetið skv. 23. gr., nemur samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Markaðsvirði sparisjóðsins skal metið af óháðum aðila og miðast við sama tímamark og

breytingin á rekstrarformi sparisjóðsins. Sá hluti hlutafjár sparisjóðsins eftir breytingu hans í hlutafélag sem ekki gengur til stofnfjáreigenda samkvæmt framansögðu skal verða eign sjálfseignarstofnunar sem sett er á stofn skv. 37. gr. B.

Ákvæði 120.–128. gr. og ákvæði 131. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skulu að öðru leyti og eftir því sem við getur átt gilda um breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt undanfarandi ákvæðum þessarar greinar.

Við breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt þessari grein heldur starfsleyfi sparisjóðsins gildi sínu.

Sparisjóði sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum sem leiðir af breytingu sparisjóðs í hlutafélag er undanþegin stimpilgjöldum.

Nú fer um eigið fé sparisjóðs sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 7. gr. og skulu nefnd ákvæði sem og ákvæði 2. mgr. 7. gr. þá gilda áfram um sparisjóðinn eftir breytingu hans í hlutafélag.

Sparisjóði sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er auk orðsins „sparisjóður" skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf.

Í samþykktum sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í sparisjóðnum og um meðferð hans. Einstökum hluthöfum er aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Í samþykktum er þó heimilt að kveða á um að sjálfseignarstofnun skv. 37. gr. B geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Á stofnfundi skal sjálfseignarstofnunin fara með atkvæði í samræmi við hlutafjáreign sína.

Nú er sparisjóði breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og skulu þá í stað ákvæða 15.–23. gr., 32.–37. gr., 59. gr. og 3. mgr. 70. gr. gilda um sparisjóðinn að öðru leyti en kveðið er á um í undanfarandi ákvæðum þessarar greinar og eftir því sem við getur átt ákvæði 10.–13. gr. og 30.–31. gr. og önnur ákvæði laganna, auk ákvæða laga um hlutafélög.

b. (37. gr. B.)

Nú er ákveðið að breyta sparisjóði í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 37. gr. A og skal sparisjóðurinn þá gangast fyrir stofnun sjálfseignarstofnunar sem við breytinguna verður eigandi þess hluta hlutafjár í sparisjóðnum sem kveðið er á um í 3. mgr. 37. gr. A. Megintilgangur sjálfseignarstofnunarinnar skal vera að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins.

Í stjórn sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. skulu eiga sæti fæst fimm menn úr fulltrúaráði stofnunarinnar.

Þegar tilboð virðist óeðlilega lágt miðað við raunvirði þess sem kaupa á skal kaupandi óska eftir nánari upplýsingum frá bjóðanda um þau atriði sem máli skipta og sannreyna þau áður en boði er hafnað. Ef kaupandi hafnar bjóðanda á fyrrgreindum forsendum skal hann tilkynna honum um þau atriði sem hann getur ekki fallist á.

Þegar í útboðsgögnum er kveðið á um að lægsta tilboði skuli tekið ber kaupanda að rökstyðja þá ákvörðun að hafna tilboðum sem álitin eru óeðlilega lág.

Upplýsingar sem kaupandi fær samkvæmt þessari grein skal fara með sem trúnaðarmál.

52. gr.

Höfnun tilboðs.

Kaupandi telst hafa hafnað tilboði ef hann er búinn að semja við annan aðila, gildistími tilboðs er liðinn án þess að óskað hafi verið eftir framlengingu tilboðs eða öllum tilboðum hefur verið hafnað formlega.

Eftir að kaupandi hefur hafnað tilboði getur bjóðandi óskað eftir að hann endursendi sér tilboðið og öll gögn sem því fylgdu.

Kaupanda er óheimilt að nýta hugmyndir eða tilboð bjóðanda á nokkurn hátt eftir að því hefur verið hafnað.

53. gr.

Rökstuðningur höfnunar tilboðs og annarra ákvarðana.

Kaupandi skal tilkynna bjóðendum um niðurstöðu útboðs eða forvals eins fljótt og kostur er. Ef ákveðið hefur verið að hafna öllum boðum eða láta nýtt útboð fara fram skal rökstuðningur fylgja slíkri ákvörðun. Tilkynning skal vera skrifleg sé þess óskað.

Skylt er að skýra frá ástæðum þess að tilboði tiltekins bjóðanda var hafnað ef hann krefst þess. Rökstuðningur skal liggja fyrir eigi síðar en 15 dögum eftir að beiðni um það barst kaupanda eða umsjónarmanni útboðs. Í rökstuðningi skal þó ekki upplýsa um atriði sem gætu torveldað löggæslu eða ganga að öðru leyti gegn almannahagsmunum eða mundu skaða lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja eða samkeppni milli þeirra.

54. gr.

Samþykki tilboðs.

Tilboð skal samþykkja skriflega innan gildistíma þess og er þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda. Þó skal gera sérstakan samning um kaup á vöru, þjónustu eða verki á grundvelli útboðsins þegar við á eða annar aðila óskar þess.

Þegar kominn er á samningur skv. 1. mgr. skal það tilkynnt öllum bjóðendum án tafar.

55. gr.

Gerviverktaka.

Verktaka og undirverktaka er óheimilt að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða starfshópa í þeim tilvikum þar sem um ráðningarsamband er að ræða og það á við samkvæmt venju og eðli máls.

3. ÞÁTTUR
Opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

IX. KAFLI
Gildissvið þessa þáttar.

56. gr.

Ákvæði þessa þáttar gilda um opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum sem ráðherra birtir í reglugerð í samræmi við tilskipun ráðherraráðsins nr. 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu, tilskipun ráðherraráðsins nr. 93/36/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup og tilskipun ráðherraráðsins nr. 93/37/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, eins og þessum tilskipunum kann síðar að hafa verið breytt og þær teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Einnig skal í reglugerð birta aðrar viðmiðunarfjárhæðir sem máli skipta fyrir framkvæmd opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu, svo sem viðmiðunarfjárhæðir heildarinnkaupa.

Í reglugerð skv. 1. mgr. er heimilt að setja nánari reglur um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu til samræmis við ákvæði þeirra tilskipana sem þar greinir.

X. KAFLI
Framkvæmd innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu.

57. gr.

Almennar reglur.

Við opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum 56. gr. skal fara að reglum 2. þáttar ef ekki leiðir annað af ákvæðum þessa kafla.

Við ákvörðun tímabila, dagsetninga og fresta skal gæta ákvæða reglugerðar ráðherraráðsins nr. 1182/71/EBE/KBE frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti.

58. gr.

Samningar um hönnun og byggingu húsnæðis á vegum hins opinbera.

Þegar um er að ræða hönnun og byggingu félagslegs húsnæðis, þar sem umfang, tími og eðli verksins gerir það nauðsynlegt að skipulagning sé frá upphafi byggð á nánu samstarfi innan verkefnahóps, sem í eiga sæti fulltrúar hins opinbera, sérfræðingar og verktakar, er heimilt að velja bjóðanda samkvæmt reglum sem hafa það að markmiði að sá sem best fellur inn í verkefnahópinn verði fyrir valinu. Að öðru leyti fer um slíkt útboð samkvæmt reglum um lokuð útboð.

59. gr.

Tilkynning um heildarinnkaup.

Eins snemma á fjárhagsárinu og unnt er skulu kaupendur birta áætluð heildarinnkaup á vörum, þjónustu eða verkum, sem greinir í I. viðauka A, fyrir næstu tólf mánuði ef heildarfjárhæð kaupanna nær viðmiðunarfjárhæðum vegna heildarinnkaupa sem birtar eru í reglugerð ráðherra skv. 1. mgr. 56. gr.

60. gr.

Tilkynning um einstök innkaup.

Kaupandi, sem hyggst bjóða út opinber innkaup yfir þeim viðmiðunarfjárhæðum sem ráðherra birtir í reglugerð skv. 56. gr., skal tilkynna þá fyrirætlun sína. Sama á við þegar um hönnunarsamkeppni er að ræða og gerð sérleyfissamninga um verk. Fyrirhuguð innkaup á þjónustu, sem greinir í I. viðauka B, þarf þó ekki að tilkynna.

61. gr.

Tilkynning um samning.

Þegar gerður hefur verið samningur í framhaldi af útboði á Evrópska efnahagssvæðinu skal tilkynna um niðurstöðu útboðsins. Sama gildir um niðurstöðu hönnunarsamkeppni.

Heimilt er að víkja frá 1. mgr. ef birting tilkynningar gæti torveldað löggæslu, verið á annan hátt andstæð almannahagsmunum, skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja, opinberra eða einkarekinna, eða hindrað samkeppni.

Þegar um er að ræða þjónustu, sem tilgreind er í I. viðauka B, skal kaupandi ákveða í tilkynningu um samning hvort hana eigi að birta skv. 62. gr.

62. gr.

Birting tilkynninga.

Senda skal tilkynningar með tryggum hætti til útgáfustjórnar Evrópubandalagsins, eins skjótt og unnt er, til birtingar í Stjórnartíðindum bandalagsins og gagnabönkum. Tilkynning skal að jafnaði ekki vera lengri en 650 orð.

Tilkynning, sem um getur í 59. gr., skal send eins snemma á fjárhagsárinu og unnt er.

Tilkynning, sem um getur í 61. gr., skal send í síðasta lagi 48 dögum eftir að samningur hefur verið gerður eða frá lokum hönnunarsamkeppni.

Óheimilt er að birta aðrar tilkynningar um útboð áður en samsvarandi tilkynning hefur verið send útgáfustjórn Evrópubandalagsins. Sömuleiðis skulu í öðrum tilkynningum ekki koma fram ítarlegri upplýsingar en þar greinir.

63. gr.

Form og efni tilkynninga.

Ráðherra getur í reglugerð mælt fyrir um form og efni tilkynninga skv. 59.–62. gr.

64. gr.

Frestir í almennum útboðum.

Við almenn útboð skal frestur til að leggja fram tilboð ekki vera skemmri en 52 dagar frá sendingardegi tilkynningar að telja.

Nú hefur kaupandi tilkynnt heildarinnkaup skv. 59. gr. með fullnægjandi hætti eigi síðar en 52 dögum fyrir sendingu tilkynningar um einstök innkaup og ekki fyrr en 12 mánuðum fyrir sama dag og er þá heimilt að stytta frest til að skila tilboðum ef tilkynning um heildarinnkaup hafði að geyma sambærilegar upplýsingar um innkaupin og fram skulu koma í tilkynningu um einstök innkaup. Fresturinn skal jafnan eigi vera skemmri en 36 dagar og aldrei skemmri en 22 dagar.

Skylt er að senda útboðsgögn innan sex daga frá því að beiðni berst, enda hafi beiðni borist með hæfilegum fyrirvara.

Viðbótarupplýsingum skv. 41. gr. skal komið til bjóðenda eigi síðar en sex dögum áður en frestur til að skila tilboðum rennur út, enda hafi upplýsinganna verið óskað með hæfilegum fyrirvara. Þegar um er að ræða þjónustu er þessi frestur þó fjórir dagar.

Ef útboðsgögn eða viðbótarupplýsingar eru svo umfangsmikil að ekki er unnt að afhenda þau innan þeirra fresta sem greinir í 2. og 3. mgr. eða ef vettvangsganga er nauðsynleg skulu frestir lengjast í samræmi við þær tafir sem af þessu hljótast.

Frestur til að sækja um aðild að sérleyfissamningi um verk skal ekki vera skemmri en 52 dagar frá sendingardegi auglýsingar.

65. gr.

Frestir í lokuðum útboðum og samningskaupum.

Við lokuð útboð og samningskaup skal frestur til að skila tilkynningum um þátttöku ekki vera skemmri en 37 dagar frá sendingardegi tilkynningar að telja.

Frestur til að skila tilboði í lokuðu útboði skal ekki vera styttri en 40 dagar.

Nú hefur kaupandi tilkynnt heildarinnkaup skv. 59. gr. með fullnægjandi hætti eigi síðar en 52 dögum fyrir sendingu tilkynningar um einstök innkaup og ekki fyrr en 12 mánuðum fyrir sama dag og er þá almennt heimilt að stytta frest til að skila tilboðum ef tilkynning um heildarinnkaup hafði að geyma sambærilegar upplýsingar um innkaupin og fram skulu koma í tilkynningu um einstök innkaup. Fresturinn skal eigi vera skemmri en 26 dagar.

Ef útboðsgögn eða viðbótarupplýsingar eru svo umfangsmikil að ekki er unnt að afhenda þau innan þeirra fresta sem greinir í 1. og 2. mgr. eða ef vettvangsganga er nauðsynleg skulu frestir lengjast í samræmi við þær tafir sem af þessu hljótast.

Reynist frestur til að skila tilboði of skammur við gerð aðkallandi samninga má stytta frest bjóðanda til að tilkynna um þátttöku og skila tilboði. Frestur til að tilkynna um þátttöku skal þó eigi vera skemmri en 15 dagar frá sendingardegi tilkynningar og frestur til að skila tilboði eigi skemmri en 10 dagar frá sendingu tilkynningar.

66. gr.

Heimild til að auglýsa útboð undir viðmiðunarfjárhæðum.

Kaupanda er heimilt að birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins auglýsingar um opinber innkaup sem eru undir viðmiðunarfjárhæðum 56. gr.

XI. KAFLI
Skýrslur, Eftirlitsstofnun EFTA o.fl.

67. gr.
Skýrslur um opinber innkaup.

Kaupanda er skylt að senda fjármálaráðuneytinu skýrslu um þá samninga sem hann hefur gert. Fjármálaráðuneytið sendir Eftirlitsstofnun EFTA skýrslurnar ef þess er óskað.

Kaupandi skal eigi síðar en 1. febrúar ár hvert senda fjármálaráðuneytinu yfirlit yfir þá dóma sem kveðnir hafa verið upp vegna brota hans á ákvæðum laga þessara og varða innkaup sem skylt er að bjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um hvaða upplýsingar skuli koma fram í skýrslum samkvæmt þessari grein.

68. gr.
Rannsókn Eftirlitsstofnunar EFTA.

Telji Eftirlitsstofnun EFTA að um augljóst brot á reglum Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup sé að ræða getur hún hafið rannsókn á ætluðu broti. Innan 14 daga frá tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um ástæður fyrir því áliti að augljóst brot hafi átt sér stað skal kaupandi senda fjármálaráðuneytinu staðfestingu á því að bætt hafi verið úr brotinu, greinargerð um ástæður þess að engar úrbætur hafi verið gerðar eða tilkynningu um að útboð og gerð samnings hafi verið stöðvuð um stundarsakir.

Fjármálaráðherra getur stöðvað um stundarsakir útboð eða gerð samnings í tilefni af tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt þessari grein.

4. ÞÁTTUR
Stjórnsýsla, meðferð kærumála, o.fl.

XII. KAFLI
Yfirstjórn opinberra innkaupa og starfsemi innkaupastofnunar.

69. gr.
Yfirstjórn opinberra innkaupa.

Opinber innkaup heyra undir fjármálaráðherra sem fer með framkvæmd laga þessara.

70. gr.
Ríkiskaup.

Á vegum ríkisins skal rekin innkaupastofnun, Ríkiskaup. Stofnunin annast innkaup fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, rannsakar sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beitir sér fyrir samræmdum innkaupum til þarfa ríkisins. Einnig skal stofnunin láta í té aðstoð og leiðbeiningar um útboð og innkaup eftir því sem þörf krefur. Komi upp ágreiningur um ákvörðun við val á tilboðum milli Ríkiskaupa sem umsjónaraðila útboðs og kaupanda er heimilt að vísa ágreiningnum til fjármálaráðuneytisins.

Stofnunin ráðstafar eignum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Ríkiskaup gera rammasamninga fyrir hönd ríkisins og annast útboð á vegum ríkisstofnana vegna innkaupa yfir viðmiðunarmörkum skv. 12. gr. laganna. Fjármálaráðherra getur þó heimilað einstökum ríkisstofnunum að annast eigin innkaup yfir viðmiðunarmörkum.

71. gr.
Markmið í rekstri Ríkiskaupa.

Ríkiskaup skulu leitast við að tryggja hagkvæmni við innkaup ríkisins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. þróa hágæða þjónustustofnun á sviði opinberra innkaupa með starfsfólki sem býr yfir þekkingu og reynslu á sviði innkaupa fyrir ríkisstofnanir,
b. þróa verklag við útboð og innkaup sem tryggir jafnræði bjóðenda og virka samkeppni,
c. auka framleiðni og einföldun í opinberum innkaupum með nútímalegu innkaupakerfi, útboðum og samræmdum innkaupum,
d. auðvelda viðskiptatengsl milli birgja og ríkisstofnana,
e. miðla þekkingu og reynslu til ríkisstofnana til að fullnægja sem best viðskiptalegum þörfum ríkisins.

72. gr.
Yfirstjórn Ríkiskaupa.

Fjármálaráðherra skipar stjórn Ríkiskaupa til þriggja ára í senn og skal hún skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Hlutverk stjórnar er að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar í samráði við forstjóra.

73. gr.
Forstjóri Ríkiskaupa.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar. Forstjóri annast daglegan rekstur Ríkiskaupa og ber ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar og reikningshaldi. Forstjóri gerir tillögur um fjárhagsáætlun stofnunarinnar og leggur áætlunina fyrir stjórn til meðferðar. Forstjóri ræður starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar.

74. gr.
Gjaldskrá Ríkiskaupa.

Ríkiskaup selur ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum þjónustu sína á kostnaðarverði að viðbættri þóknun samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur samkvæmt tillögum stjórnar stofnunarinnar. Gjaldskráin skal miðast við að tekjur standi undir rekstri stofnunarinnar.

XIII. KAFLI
Kærunefnd útboðsmála.

75. gr.
Hlutverk og skipan kærunefndar útboðsmála.

Í kærunefnd útboðsmála eiga sæti þrír menn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum laga til að gegna embætti héraðsdómara. Aðrir nefndarmenn skulu hafa alhliða reynslu og þekkingu á viðskiptum. Nefndarmenn skulu vera óháðir hagsmunum ríkis eða annarra opinberra aðila. Við skipan nefndarinnar skal ráðherra hafa samráð við aðra opinbera aðila sem og helstu samtök sem hafa hagsmuna að gæta við framkvæmd laganna.

Hlutverk kærunefndar útboðsmála er að leysa með skjótum og óhlutdrægum hætti úr kærum einstaklinga og lögaðila vegna ætlaðra brota á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum. Úrskurðum hennar og ákvörðunum samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Að beiðni fjármálaráðuneytis eða tiltekins kaupanda er kærunefnd útboðsmála heimilt að gefa ráðgefandi álit á tilteknum innkaupum þótt engin kæra hafi borist.

76. gr.

Sérfræðileg ráðgjöf.

Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á. Skulu þeir aðilar starfa með kærunefndinni eftir nánari ákvörðun formanns eða varaformanns sem ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

77. gr.

Málskotsréttur.

Heimild til að skjóta málum til nefndarinnar hafa þeir einstaklingar og lögaðilar sem njóta réttinda samkvæmt lögum þessum og hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn máls.

Heimilt er kæranda að framselja kæruheimild sína til félags eða samtaka sem gæta hagsmuna hans.

78. gr.

Kærufrestur.

Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan fjögurra vikna frá því kærandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar skv. 79. og 80. gr.

Ef kæra fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. skal kærunefndin beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Verði kærandi ekki við því skal kærunefndin vísa kærunni frá.

Kærunefnd er jafnan heimilt að beina því til kæranda að leggja fram frekari gögn eða upplýsingar máli til skýringar ef hún telur málið ekki nægilega upplýst og setja honum ákveðinn frest í því skyni.

79. gr.

Meðferð kæru og gagnaöflun.

Nú er kæra tæk til efnismeðferðar skv. 78. gr. og gefur nefndin þá þeim sem kæra beinist gegn kost á að tjá sig um efni kærunnar. Kæranda skal jafnan gefinn stuttur frestur til að tjá sig um athugasemdir hins kærða. Málflutningur skal vera skriflegur, en heimilt er nefndinni að gefa aðilum kost á að færa fram athugasemdir munnlega ef mál er óvenjulega flókið eða umfangsmikið.

Nefndin getur krafist þess að málsaðilar leggi fram öll þau gögn og aðrar upplýsingar sem málið varðar. Sinni kærandi ekki slíkri kröfu er heimilt að vísa kæru hans frá þegar í stað. Sinni sá sem kæra beinist að ekki slíkri kröfu má meta tómlæti hans honum í óhag við úrlausn málsins.

Afl atkvæða nefndarmanna ræður niðurstöðu máls. Minnihlutaatkvæði skal fylgja nefndaráliti ef því er að skipta. Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru eigi sammála um niðurstöðu ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef nefndin þríklofnar í afstöðu sinni eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni ræður atkvæði formanns.

Kærunefnd skal kveða upp úrskurð um kæru eins fljótt og auðið er og eigi síðar en einum mánuði eftir að henni hafa borist gögn sem um ræðir í 78. og 79. gr.

Um meðferð mála fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

80. gr.

Stöðvun samningsgerðar um stundarsakir.

Nú telur nefndin að verulegar líkur séu á því að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim við tiltekin innkaup og getur hún þá, eftir kröfu kæranda, stöðvað útboð eða gerð samnings þar til endanlega hefur verið skorið úr kæru.

Þeim sem kæra beinist gegn skal að jafnaði gefinn skammur frestur til að tjá sig um hugsanlega stöðvun útboðs eða stöðvun samningsgerðar um stundarsakir. Víkja má frá þessu ef um er að ræða skýrt og augljóst brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Aðili máls getur krafist þess að nefndin rökstyðji ákvörðun samkvæmt þessari grein skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

81. gr.

Úrræði kærunefndar útboðsmála.

Nefndin getur með úrskurði fellt úr gildi eða breytt ákvörðun kaupanda vegna opinberra innkaupa, sbr. þó 83. gr. Nefndin getur lagt fyrir kaupanda að bjóða út tiltekin innkaup, auglýsa útboð á nýjan leik eða breyta útboðsauglýsingu, útboðslýsingu eða öðrum þáttum útboðsgagna.

Nefndin getur látið uppi álit sitt á skaðabótaskyldu kaupanda gagnvart kæranda, en tjáir sig ekki um fjárhæð skaðabóta.

Nefndin getur ákveðið að sá sem kæra beinist gegn greiði kæranda kostnað við að hafa kæruna uppi. Ef kæra er bersýnilega tilefnislaus eða höfð uppi í þeim tilgangi að tefja fyrir framgangi opinberra innkaupa getur nefndin úrskurðað kæranda til að greiða málskostnað sem rennur í ríkissjóð.

Ef ekki er farið að úrskurði nefndarinnar skv. 1. mgr. er henni heimilt að ákveða að leggja dagsektir á þann sem úrskurður beinist að. Sektir geta numið allt að 500.000 kr. fyrir hvern dag sem líður án þess að farið sé að úrskurði nefndarinnar. Ef úrskurði er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur.

Dagsektir skv. 4. mgr. renna í ríkissjóð. Gera má aðför, án undangengins dóms, til fullnustu dagsekta og úrskurðar um málskostnað skv. 3. mgr.

82. gr.

Starfsreglur fyrir kærunefnd útboðsmála.

Kærunefnd útboðsmála getur sett nánari reglur, sem ráðherra staðfestir, um framlagningu gagna, málsmeðferð fyrir nefndinni og birtingu úrskurða.

XIV. KAFLI
Gildi samninga og skaðabætur.

83. gr.

Ógilding samninga.

Eftir að samningur hefur verið gerður verður hann ekki felldur úr gildi eða honum breytt þótt ákvörðun kaupanda um framkvæmd útboðs eða gerð samnings hafi verið ólögmæt.

Nú gerir kaupandi samning þótt útboð eða samningsgerð hafi verið stöðvuð skv. 80. gr. og er þá allt að einu heimilt að ógilda samninginn og beita þeim úrræðum sem greinir í 81. gr.

Um gildi samninga, sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum, fer að öðru leyti eftir almennum reglum.

84. gr.

Skaðabótaskylda.

Kaupandi er skaðabótaskyldur vegna þess tjóns sem brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim hefur í för með sér fyrir bjóðanda. Bjóðandi þarf einungis að sanna að hann hafi átt raunhæfa möguleika á að verða valinn af kaupanda og möguleikar hans hafi skerst við brotið. Bótafjárhæð skal miðast við kostnað við að undirbúa tilboð og taka þátt í útboði.

Um skaðabætur vegna brota á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim fer að öðru leyti eftir almennum reglum.

XV. KAFLI

Gildistaka, brottfall laga o.fl.

85. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

86. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

87. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott lög nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 302/1996, um innkaup ríkisins.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

I. Viðauki A.

Þjónusta skv. 8. gr. tilskipunar 92/50/EBE.

	Þjónusta í flokki A	
Nr	Viðfangsefni	CPC - flokkunarnúmer
1	Viðhalds- og viðgerðarþjónusta	6612, 6122,633, 886
2	Flutningaþjónusta á landi(1), þ.m.t. með brynvörðum bifreiðum, og hraðsendingarþjónusta, að undanskildum póstflutningum	712 (þó ekki 71235) 7512,87304
3	Farþega- og vöruflutningaþjónusta í lofti, að undanskildum póstflutningum	73 (þó ekki 7321)
4	Póstflutningar á landi(1) og í lofti	71235, 7321
5	Fjarskiptaþjónusta(2)	752
6	Fjármagnsþjónusta; tryggingar; banka- og fjárfestingarþjónusta(3)	Úr 81812, 814
7	Tölvuþjónusta og skyld þjónusta	84
8	Þjónusta við rannsóknir og þróun(4)	85
9	Reikningshald, endurskoðun og bókfærsluþjónusta	862
10	Markaðsrannsóknir og þjónusta við skoðanakannanir	864
11	Ráðgjöf við stjórnun(5) og skyld þjónusta	865, 866
12	Arkitektaþjónusta; verkfræðiþjónusta og samræmd verkfræðiþjónusta; skipulagsþjónusta og þjónusta skrúðgarðyrkjumeistara; vísindaleg og tæknileg ráðgjöf sem tengist þessum greinum; tækniprófunar- og greiningarþjónusta	867
13	Auglýsingaþjónusta	871
14	Hreingerningar- og húsvarðarþjónusta	874, 82201 til 82206
15	Útgáfu- og prentunarþjónusta gegn gjaldi eða samkvæmt samningi	88442
16	Þjónusta við fráveitur og sorpeyðingu; hreinlætisþjónusta	94

(1) Að undanskildum járnbrautarflutningum sem heyra undir flokk 18.
(2) Að undanskildum talsíma- og fjarritaþjónustu, þráðlausum talsíma, boðkerfis- og gervihnattaþjónustu.
(3) Að undanskildum samningum um fjármagnsþjónustu í sambandi við útgáfu, sölu, kaup eða yfirfærslu verðbréfa og annarra fjármálaskjala, og seðlabankaþjónustu.
(4) Að undanskildum samningum um rannsóknir nema þar sem opinberir aðilar bera allan kostnað við þjónustuna sem um ræðir og hafa einkarétt til að njóta góðs af árangrinum af starfsemi sinni.
(5) Að undanskilinni þjónustu vegna gerðardóms og sáttameðferðar.

I. Viðauki B.

Þjónusta skv. 9. gr. tilskipunar 92/50/EBE.

Nr	Þjónusta í flokki B Viðfangsefni	CPC-flokkunarnúmer
17	Hótel- og veitingaþjónusta	64
18	Járnbrautarflutningar	711
19	Flutningar á sjó eða vatnaleiðum	72
20	Auka- eða viðbótarflutningaþjónusta	74
21	Lögfræðiþjónusta	861
22	Ráðningarþjónusta	872
23	Öryggis- og eftirlitsþjónusta, að undanskildum flutningum með brynvörðum bifreiðum	873 (þó ekki 87304
24	Kennsla og starfsmenntunarþjónusta	92
25	Heilbrigðis- og félagsmálaþjónusta	93
26	Tómstunda-, menningar- og íþróttaþjónusta	96
27	Önnur þjónusta	

II. Viðauki.

Skrá yfir atvinnustarfsemi samkvæmt almennri atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE), sbr. II. viðauka tilskipunar nr. 93/37/EBE.

SKRÁ YFIR ATVINNUSTARFSEMI SAMKVÆMT ALMENNRI ATVINNUGREINAFLOKKUN EVRÓPUBANDALAGSINS (NACE)

Flokkar	Hópar	Undirhópar og atriði	Lýsing
50			BYGGINGAR OG MANNVIRKJAGERÐ
	500		**Almenn byggingarvinna og mannvirkjagerð (ósérhæfð) og niðurrif**
		500.1	Almenn byggingarvinna og mannvirkjagerð (ósérhæfð)
		500.2	Niðurrif
	501		**Byggingar íbúða, skrifstofuhúsnæðis, sjúkrahúsa og annars húsnæðis til íbúðar eða annarra nota**
		501.1	Almenn byggingarverktakavinna
		501.2	Þaklagnir
		501.3	Smíði skorsteina, brennsluofna og miðstöðva
		501.4	Vatns- og rakaeinangrun
		501.5	Lagfæring og viðhald útveggja (málning, hreinsun o.s.frv.)
		501.6	Vinna við að reisa og taka niður vinnupalla
		501.7	Önnur sérhæfð vinna við byggingar (þar með talin trésmíði)
	502		**Mannvirkjagerð: vegagerð, brúarsmíði, járnbrautarlagning o.s.frv.**
		502.1	Almenn mannvirkjagerð
		502.2	Jarðvegsvinna
		502.3	Smíði brúa, ganga og stokka; borun
		502.4	Vatnsvirkjun (ár, skurðir, hafnir, stíflur, flóðgáttir og -garðar)
		502.5	Vegagerð (þar með talin sérhæfð lagning flugvalla og flugbrauta)
		502.6	Sérhæfð byggingarvinna við vatnsmannvirki (þ.e. við áveitur, framræslu, vatnsveitu, hreinsun og losun fráveituvatns o.s.frv.)
		502.7	Sérhæfð starfsemi á öðrun sviðum mannvirkjagerðar

Flokkar	Hópar	Undirhópar og atriði	Lýsing
	503		**Lagnavinna og einangrun**
		503.1	Almenn lagnavinna
		503.2	Gas- og vatnslagnir og uppsetning hreinlætistækja
		503.3	Uppsetning hitunar- og loftræstibúnaðar (miðstöðvarhitunar, loftkælingar, loftræstingar)
		503.4	Hljóð- og hitaeinangrun, einangrun gegn titringi
		503.5	Raflagnir
		503.6	Uppsetning loftneta og eldingavara, símalagnir o.s.frv.
	504		**Frágangur bygginga**
		504.1	Almenn frágangsvinna við byggingar
		504.2	Múrverk
		504.3	Innrétting, einkum samsetning á byggingarstað og/eða uppsetning (þar með talin lagning parketgólfa)
		504.4	Málningarvinna, glerjun, veggfóðrun
		504.5	Flísalagning og önnur gólf- og veggklæðing
		504.6	Önnur frágangsvinna við byggingar (arinhleðsla o.s.frv.)

Nr. 95 31. maí 2001

LÖG

um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks.

Virða skal rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra.

Þeir sem bera ábyrgð á barni skulu stuðla að því að það njóti réttar skv. 2. mgr., einnig þar sem reykingar eru ekki bannaðar skv. III. kafla þessara laga.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Með tóbaki er í lögum þessum átt við tóbaksjurtir (nicotiana) og allan varning unninn að öllu eða einhverju leyti úr þeim til neyslu, svo sem sígarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak.

Með reykfærum er í lögum þessum átt við áhöld og búnað tengdan tóbaksreykingum, svo sem sígarettupappír, reykjarpípur og tæki til að vefja sígarettur, svo og annan slíkan varning.

Með munntóbaki er í lögum þessum átt við allar vörur, unnar að öllu eða einhverju leyti úr tóbaki til töku í munn, að undanskildum þeim sem eru ætlaðar til reykinga.

Með skrotóbaki er í lögum þessum átt við munntóbak í bitum eða ræmum, einkum ætlað til að tyggja.

Með neftóbaki er í lögum þessum átt við duft eða mylsnu, gerða að öllu eða einhverju leyti úr tóbaki til töku í nef.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda ekki um tóbak sem notað er sem lyf samkvæmt lyfjalögum eða sem eiturefni samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni.

4. gr.

3. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Að efna og hvetja til átaks í tóbaksvörnum og leitast við að samræma tóbaksvarnir í landinu.

5. gr.

Á eftir 3. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein og orðast svo:

Sá sem framleiðir, flytur inn eða selur tóbak má ekki án samþykkis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefa með orðum eða táknum sínar eigin upplýsingar á umbúðum vörunnar um heilsufarsleg áhrif af neyslu hennar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „þar á meðal“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: vörukynningar.
b. 3. tölul. 3. mgr. orðast svo: hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir til annars en að vara sérstaklega við skaðsemi þeirra.
c. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast þannig:

Óheimilt er að setja á markað hér á landi tóbak undir vörumerkjum sem eru þekkt sem eða notuð sem merki fyrir aðra vöru eða þjónustu.

Hvers kyns framlög til viðburða eða starfsemi sem miða að því eða hafa þau beinu eða óbeinu áhrif að kynna tóbak eru bönnuð.

Tóbaki og vörumerkjum tóbaks skal komið þannig fyrir á útsölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „neftóbak og munntóbak“ í 5. mgr. kemur: neftóbak og allt munntóbak.
b. Við bætast fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Þeir einir sem orðnir eru 18 ára mega selja tóbak. Heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði getur veitt tímabundna undanþágu frá þessu ákvæði um aldurstakmark. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í reglugerð að fenginni umsögn Vinnueftirlits ríkisins nánari ákvæði um undanþágur um aldurstakmark.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við tóbaksvarnanefnd og í samræmi við gildandi tilskipanir Evrópusambandsins, hver skuli vera hæstu leyfileg mörk skaðlegra efna í tóbaki og tóbaksreyk og hvernig háttað skuli mælingum og eftirliti með því að þessi mörk séu virt.

Til þess að selja tóbak í smásölu þarf sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Skal leyfi veitt til fjögurra ára í senn og verður einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja almennum skilyrðum laga um verslunaratvinnu. Heimilt er sveitarfélögum að innheimta gjald fyrir leyfi og eftirlit með starfsemi leyfishafa að fenginni umsögn heilbrigðisnefnda. Um gjaldtöku fer skv. 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt í samráði við umhverfisráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um leyfisveitingu samkvæmt grein þessari.

Þeim sem selur tóbak í heildsölu er óheimilt að selja eða afhenda tóbak öðrum en þeim sem hafa leyfi til að selja tóbak í smásölu samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Tóbaksreykingar eru óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, svo sem á veitinga- og skemmtistöðum og þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram, þar með talið íþrótta- og tómstundastarf.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má leyfa reykingar á veitinga- og skemmtistöðum á afmörkuðum svæðum, en tryggja skal fullnægjandi loftræstingu, sbr. 4. mgr. Meiri hluti veitingarýmis skal þó ávallt vera reyklaus og tryggja skal að aðgangur að því liggi ekki um reykingasvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má leyfa reykingar í tilteknum gistiherbergjum á hótelum og gistiheimilum. Í gistiskálum má hvorki leyfa reykingar í herbergjum né svefnskálum.

Þar sem reykingar eru leyfðar samkvæmt grein þessari skal séð fyrir loftræstingu sem fullnægir kröfum heilbrigðiseftirlits og þess gætt að reykingarnar mengi ekki andrúmsloftið þar sem þær eru ekki leyfðar.

Stjórnendur veitingastaða skulu leitast við að vernda starfsfólk gegn tóbaksreyk.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um reykingar á veitinga- og gististöðum í samráði við samgönguráðherra og umhverfisráðherra, þar á meðal um flokkun þessara staða með tilliti til reykinga og loftræstingar.

Tóbaksreykingar eru bannaðar í öllu húsrými í sameign fjöleignarhúsa.

Ráðherra skal í samráði við menntamálaráðherra og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setja reglur um takmarkanir á tóbaksneyslu utan húss á íþróttasvæðum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „grunnskólum“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: vinnuskólum sveitarfélaga.
b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Í fangelsum. Leyfa má þó reykingar í fangaklefum. Skylt er að gefa þeim sem ekki reykja kost á reyklausum fangaklefum.
c. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:
   Öll önnur tóbaksneysla er jafnframt bönnuð í grunnskólum, vinnuskólum sveitarfélaga, leikskólum, hvers konar dagvistum barna og húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð til félags-, íþrótta- og tómstundastarfa ungmenna. Sama gildir um allar samkomur sem einkum eru ætlaðar ungmennum.

10. gr.

Í stað orðanna „1. mgr. 17. gr.“ í 11. gr. laganna kemur: 1. mgr. 18. gr.

11. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Með þeirri undantekningu sem leiða kann af 2. og 3. mgr. 9. gr., sbr. þó 5. mgr. sömu greinar, skal hver maður eiga rétt á reyklausu andrúmslofti innan dyra á vinnustað sínum og vinnuveitandi sjá til þess að hann njóti þess réttar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglur í samráði við félagsmálaráðherra og samgönguráðherra um takmarkanir á reykingum á vinnustöðum, þar á meðal í skipum, í samræmi við 1. mgr. og með tilliti til 1. gr. laga þessara.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „farþegarými almenningsfarartækja“ í 1. mgr. kemur: almenningsfarartækjum.
b. Á eftir orðunum „milli landa“ í 2. mgr. kemur: án viðkomu á Íslandi.
c. 3. mgr. fellur brott.

13. gr.

Inngangsmálsliður 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Menntamálaráðuneytið skal í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og tóbaksvarnanefnd sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla í því skyni að draga úr tóbaksneyslu.

14. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að verja a.m.k. 0,9% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarna.

15. gr.

Í stað 2. mgr. 17. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar og orðast svo:

Nú er brotið gegn ákvæðum II. kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Brjóti leyfishafi skv. 8. gr. gegn ákvæðum þeirrar greinar getur heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði að undangenginni áminningu svipt hann leyfinu. Við ítrekað brot ber heilbrigðisnefnd að svipta hann leyfinu og eins ef brot er stórfellt.

Rísi ágreiningur um ákvarðanir heilbrigðisnefndar er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar sem starfar skv. 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

16. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn ákvæðum 6. og 7. gr. eða reglum sem settar eru á grundvelli þessara laga og tengjast þeim greinum varða sektum en fangelsi allt að tveimur árum séu sakir miklar eða brot ítrekað.

Brot gegn ákvæðum 8. gr. eða reglum sem settar eru á grundvelli þessara laga og tengjast þeirri grein varða auk leyfissviptingar skv. 17. gr. sektum.

Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2001.

Ákvæði 9. mgr. 8. gr. laganna um leyfisveitingar á tóbaki í smásölu og eftirlit með henni skal endurskoða innan fimm ára frá því að lög þessi öðlast gildi, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, sbr. breytingu á þeim lögum, nr. 101/1996, og gefa þau út svo breytt með samfelldri hefðbundinni greinatölu.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Jón Kristjánsson.

LÖG

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 41. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

Nr. 97 1. júní 2001

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 1. júní 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 98 8. júní 2001

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 8. júní 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 2001

12. júní 2001 213 Nr. 99

AUGLÝSING

um þingsályktun um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda.

Alþingi hefur hinn 19. maí 2001 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda.

Alþingi ályktar að á árunum 2001 til 2003 skuli gert átak í öryggismálum sjófarenda. Markmið átaksins verði að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu samkvæmt eftirfarandi áætlun. Stefnt verði að því að skilgreina hlutverk þeirra sem vinna að öryggismálum sjófarenda og að slysum til sjós fækki um að minnsta kosti þriðjung fram til ársins 2004 og að sama skapi dragi úr tjóni vegna sjóslysa. Samgönguráðherra skal fyrir 1. apríl hvers árs, fyrst árið 2002, leggja fyrir Alþingi skýrslu um framgang áætlunar í öryggismálum sjómanna og hvernig henni miðar í átt að settu marki.

Helstu verkefni árin 2001, 2002 og 2003 ásamt áætlaðri ráðstöfun fjárframlags hvers árs.

	Verkefni (upphæðir í millj. kr.)	2001	2002	2003
1.	**Menntun og þjálfun sjómanna verði efld með ýmsum hætti.**	**1,3**	**1,8**	**1,8**
	– Samræming sjómannamenntunar og aðlögun að alþjóðasamþykktum um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW og STCW–F).			
	– Endurmenntun skipstjórnarmanna.			
	– Fræðsla og þjálfun í stöðugleika.			
	– Verk- og öryggisstjórnunarfræðsla fyrir yfirmenn á skipum.			
	– Öryggisfræðsla sjómanna á 5 ára fresti.			
	– Námskeið í notkun og meðhöndlun búnaðar til hífinga.			
	– Námskeið fyrir leiðsögu-/hafnsögumenn.			
	– Ýmislegt fjarnám verði eflt og notað í eins miklum mæli og hægt er.			
2.	**Gert verði sérstakt átak í öryggismálum farþegaskipa og farþegabáta.**	**1,3**	**2,0**	**1,5**
	– Áhættumat á siglingaleiðum farþegaskipa.			
	– Námskeið í stjórnun farþega á neyðarstundu.			
	– Úrbótatillögur vinnuhóps framkvæmdar o.fl.			
3.	**Átaksverkefni í fræðslu og áróðri.**	**2,2**	**4,5**	**3,8**
	– Stöðugleikamál skipa og báta, hættur samfara ofhleðslu.			
	– Átak til að nýliðafræðslu sé betur sinnt.			
	– Leiðbeiningar fyrir öryggisfulltrúa.			
	– Skipulegt eftirlit áhafna með öryggisþáttum, svo sem búnaði.			
	– Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn eldsvoða.			
	– Kostir öryggisstjórnunarkerfa fyrir útgerðir og áhafnir.			
	– Kynning á lögum og reglum sem taka gildi.			
	– Kynna að til sé margvíslegur öryggisbúnaður auk skyldubúnaðar.			
	– Kynning á öryggisbúnaði fyrir smábáta.			
	– Frágangur og umgengni á neyðarbúnaði skipa.			
	– Mikilvægi skipulagðra æfinga og þjálfunar í skipum.			
	– Greining áhættu í vinnuumhverfi sjómanna.			
	– Varnir gegn fallhættu.			

Gutenberg

	Verkefni (upphæðir í millj. kr.)	2001	2002	2003
4.	**Gerð fræðsluefnis og leiðbeininga.**	**3,0**	**4,0**	**6,0**
	– Handbækur, bæklingar eða myndbönd um öryggismál.			
	– Fræðsluefni um æfingar.			
	– Útgáfa samræmdrar fræðslu um hífingarbúnað.			
	– Útgáfa leiðbeininga um frágang neyðarbúnaðar.			
	– Upplýsingarit fyrir sjómenn um vinnuöryggi.			
	– Merkingar á hættusvæðum í skipum.			
	– Viðvörunarspjöld og leiðbeiningar.			
5.	**Söfnun og miðlun upplýsinga milli sjómanna og aðila í landi.**	**0,7**	**1,0**	**1,8**
	– Slysa- og óhappaskráning í skipum.			
	– Sérstakt eyðublað í skip fyrir athugasemdir um öryggismál sjófarenda.			
	– Endurnýjuð sjókort séu gefin út og þau séu aðgengileg sem víðast.			
	– Ákvörðun þarf að taka um siglingaleiðir olíuskipa.			
	– Skráningarkerfi fyrir „næstum því slys og óhöpp“.			
	– Aðgengi skipverja að upplýsingum um ástand skips.			
	– Sérstök heimasíða um öryggismál sjómanna.			
	– Upplýsingum dreift á netinu, með WAP-tækni og textavarpi.			
	– Úrbætur séu gerðar á farsímasambandi við land.			
	– Skilgreind verði neyðarsímsvörun í 112 fyrir sjómenn.			
	– Veðurstöðvum sé fjölgað við land.			
	– Úrbætur vegna NAVTEX-sendinga.			
6 .	**Nauðsynlegt er að samræmd slysa- og sjúkdómaskráning sjómanna verði tekin upp sem fyrst.**	**0,0**	**0,0**	**0,0**
7.	**Úrbætur í stöðugleikamálum skipa og báta.**	**0,3**	**0,6**	**1,0**
	– Gögn/ábendingar um stöðugleika séu á íslensku og stöðluð.			
	– Sérstakt leiðbeiningarspjald um hleðslu smábáta.			
	– Merkingar á dyrum og lúgum sem eiga að vera lokaðar á rúmsjó.			
	– Könnun á stöðugleika opinna báta.			
8.	**Lagt er til að gerð sé úttekt sambærileg þeirri sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði árið 1998 á árlegum þjóðfélagskostnaði vegna sjóslysa og tekið verði inn mat á fleiri kostnaðarliðum, svo sem öllum beinum og óbeinum kostnaði sem leggst á útgerðina vegna slysa og óhappa til sjós.**	**0,3**	**0,0**	**0,0**
9.	**Slysatryggingamál og bótarétt sjómanna þarf að skoða og þurfa stjórnvöld, samtök sjómanna, útgerðir og tryggingafélög að vinna saman að útfærslu þessa máls.**	**0,0**	**0,0**	**0,0**
10.	**Áætlanir þarf að gera um fyrirbyggjandi aðgerðir í heilbrigðismálum sjómanna.**	**0,0**	**0,0**	**0,0**
11.	**Stuðla þarf að því að öryggis- og gæðastjórnunarkerfi séu notuð á sem flestum sviðum.**	**0,1**	**0,2**	**1,2**
	– Gæðastjórnunarkerfi séu notuð við skoðanir og eftirlit með skipum.			
	– Öryggisstjórnunarkerfi séu notuð í öllum farþegaskipum og -bátum.			
	– Öryggisstjórnunarkerfi séu notuð við eftirlit með öryggi í höfnum.			
	– Öryggisstjórnunarkerfi verði tekin upp í öllum íslenskum fiskiskipum.			
12.	**Stuðla þarf að því að öryggistrúnaðarmannakerfi verði tekið upp til reynslu í fiskiskipum.**	**0,0**	**0,0**	**0,0**
13.	**Tryggja þarf betur að farið sé eftir gildandi lögum og reglum um öryggisatriði.**	**0,3**	**0,0**	**0,5**
	– Efla þarf skilvirkni eftirlits og samstarf allra eftirlitsaðila.			
	– Skipuleggja þarf fyrirkomulag skyndiskoðana í íslenskum skipum.			
	– Fræða þarf útgerðarmenn og áhafnir um tilgang laga og reglna.			

Verkefni (upphæðir í millj. kr.)	2001	2002	2003
– Öryggisfulltrúar útgerða og áhafna séu skipaðir.			
– Reglubundnar athuganir á æfingahaldi og starfsþjálfun í skipum.			
– Reglum um öryggisráðstafanir við hífingar sé betur fylgt eftir.			
– Skilvirkara eftirlit með aðbúnaði í skipum.			
14. Rannsóknir og úttektir á sviði öryggismála.	**0,5**	**0,9**	**2,4**
– Auka þarf og festa í sessi samstarf Íslendinga og nágrannaþjóða í rannsóknar- og þróunarverkefnum sem tengjast öryggismálum sjómanna.			
– Upplýsingum um ýmsar rannsóknir sem verið er að vinna að eða hafa verið gerðar ætti að safna saman á einn stað þannig að aðilar viti hver af öðrum.			
– Nauðsynlegt er að gerðar séu reglulega kannanir, úttektir og prófanir á ástandi og fyrirkomulagi öryggisbúnaðar í skipum og í höfnum.			
– Rannsóknir á stjórnun stöðugleika fiskiskipa.			
Samtals (millj. kr.)	**10,0**	**15,0**	**20,0**

Samgönguráðuneytinu, 12. júní 2001.

Sturla Böðvarsson.

Jón Birgir Jónsson.

12. júní 2001 Nr. 100

AUGLÝSING

um þingsályktun um sjóvarnaáætlun 2001–2004.

Alþingi hefur hinn 19. maí 2001 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um sjóvarnaáætlun 2001–2004.

Alþingi ályktar, skv. 4. gr. laga um sjóvarnir, nr. 28/1997, að árin 2001–2004 skuli framkvæmdum við sjóvarnir hagað samkvæmt eftirfarandi sjóvarnaáætlun.

Tafla 1. Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs, í millj. kr.

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			Fjárveitingar alls
	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	2001–2004
VESTURLAND													
Akraneskaupstaður	0,0	0,0	0,0	6,5	0,0	6,5	2,3	0,0	2,3	0,0	0,0	0,0	8,8
Innri-Akraneshreppur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,9	0,0	0,9	0,0	0,0	0,0	0,9
Snæfellsbær	0,0	1,0	1,0	1,6	0,0	1,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,6
Eyrarsveit	5,1	0,0	5,1	0,0	0,0	0,0	2,4	0,0	2,4	1,2	0,0	1,2	8,7
	5,1	**1,0**	**6,1**	**8,1**	**0,0**	**8,1**	**5,6**	**0,0**	**5,6**	**1,2**	**0,0**	**1,2**	**21,0**
VESTFIRÐIR													
Reykhólahreppur	0,0	0,0	0,0	2,5	0,0	2,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,5
Vesturbyggð	6,0	0,0	6,0	0,0	0,0	0,0	6,9	0,0	6,9	6,2	0,0	6,2	19,1
Ísafjarðarbær	23,0	0,0	23,0	6,7	0,0	6,7	0,0	0,0	0,0	4,4	0,0	4,4	34,1
Súðavíkurhreppur	0,0	0,0	0,0	3,2	0,0	3,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,2
Árneshreppur	0,9	0,0	0,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,9	0,0	0,9	1,8
Kaldrananeshreppur	0,0	0,0	0,0	1,6	0,0	1,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,6
Broddaneshreppur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,3	0,0	1,3	1,3
	29,9	**0,0**	**29,9**	**14,0**	**0,0**	**14,0**	**6,9**	**0,0**	**6,9**	**12,8**	**0,0**	**12,8**	**63,6**

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			Fjárveitingar alls
	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	2001–2004
NORÐURLAND VESTRA													
Húnaþing vestra	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,8	0,0	1,8	1,8
Blönduósbær	8,7	0,1	8,8	0,0	0,0	0,0	4,4	0,0	4,4	10,1	0,0	10,1	23,3
Höfðahreppur	0,0	0,0	0,0	4,1	0,0	4,1	1,9	0,0	1,9	0,0	0,0	0,0	6,0
Skagahreppur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,5	0,0	3,5	0,0	0,0	0,0	3,5
	8,7	**0,1**	**8,8**	**4,1**	**0,0**	**4,1**	**9,8**	**0,0**	**9,8**	**11,9**	**0,0**	**11,9**	**34,6**
NORÐURLAND EYSTRA													
Dalvíkurbyggð	4,4	0,0	4,4	0,0	0,0	0,0	10,7	0,0	10,7	0,0	0,0	0,0	15,1
Dalvíkurbyggð/Árskógssandur	0,0	0,7	0,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,7
Hríseyjarhreppur	0,0	0,1	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1
Arnarneshreppur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,9	0,0	0,9	0,9
Grýtubakkahreppur	5,7	0,0	5,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,7
Húsavíkurkaupstaður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,4	0,0	4,4	0,0	0,0	0,0	4,4
Öxarfjarðarhreppur	0,0	0,0	0,0	1,9	0,0	1,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,9
	10,1	**0,8**	**10,9**	**1,9**	**0,0**	**1,9**	**15,1**	**0,0**	**15,1**	**0,9**	**0,0**	**0,9**	**28,8**
AUSTURLAND													
Vopnafjarðarhreppur	0,0	0,0	0,0	4,8	0,0	4,8	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,8
Fjarðabyggð	1,5	(1,5)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
	1,5	**(1,5)**	**0,0**	**4,8**	**0,0**	**4,8**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**4,8**
SUÐURLAND													
Vestmannaeyjabær	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,8	0,0	1,8	1,3	0,0	1,3	3,1
Árborg, sveitarfélag	0,0	0,0	0,0	17,7	0,0	17,7	9,4	0,0	9,4	7,4	0,0	7,4	34,5
Ölfus, sveitarfélag	10,2	0,0	10,2	7,9	0,0	7,9	3,2	0,0	3,2	0,0	0,0	0,0	21,3
	10,2	**0,0**	**10,2**	**25,6**	**0,0**	**25,6**	**14,4**	**0,0**	**14,4**	**8,7**	**0,0**	**8,7**	**58,9**
REYKJANES													
Grindavíkurkaupstaður	0,0	0,0	0,0	7,0	0,0	7,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	7,0
Sandgerðisbær	0,6	0,0	0,6	0,0	0,0	0,0	4,7	0,0	4,7	3,7	0,0	3,7	9,0
Gerðahreppur	5,0	0,0	5,0	0,0	0,0	0,0	2,7	0,0	2,7	5,1	0,0	5,1	12,8
Reykjanesbær	0,0	0,1	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,7	0,0	4,7	4,8
Vatnsleysustrandarhreppur	5,0	0,0	5,0	0,0	0,0	0,0	3,6	0,0	3,6	3,3	0,0	3,3	11,9
Hafnarfjörður	0,5	(0,5)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Bessastaðahreppur	0,0	0,0	0,0	8,1	0,0	8,1	3,2	0,0	3,2	10,2	0,0	10,2	21,5
Seltjarnarneskaupstaður	0,0	0,0	0,0	5,0	0,0	5,0	10,0	0,0	10,0	6,1	0,0	6,1	21,1
	11,1	**(0,4)**	**10,7**	**20,1**	**0,0**	**20,1**	**24,2**	**0,0**	**24,2**	**33,1**	**0,0**	**33,1**	**88,1**
ÓSKIPT	0,0		0,0	2,2		2,2	1,1		1,1	3,7		3,7	7,0
Samtals allt landið	**76,6**	**0,0**	**76,6**	**80,8**	**0,0**	**80,8**	**77,1**	**0,0**	**77,1**	**72,3**	**0,0**	**72,3**	**306,8**

Tafla 2. Sundurliðun framkvæmda í einstökum sveitarfélögum. Heildarframkvæmdakostnaður.

Skýringar: Áætlanatölur byggjast á útreikningum Siglingastofnunar á heildarkostnaði. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkissjóðs. Verðlag miðast við meðalbyggingarvísitölu árið 2000 (3,3% hækkun frá meðalvísitölu 1999, úr 236 í 244 stig).

VESTURLAND

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Akraneskaupstaður						
Veggurinn yst á Breið, SA-hluti (200 m - 1.200 m^3)	C			2,6		7/8
Breiðin, Kárabæjarlóð - Bræðrapartur (130 m - 1.350 m^3)	B - C		3,6			7/8
Breiðin meðfram fyllingu við ÞÞÞ (100 m - 1.750 m^3)	B - C		3,8			7/8

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Innri-Akraneshreppur						
Ytri-Hólmur 2, frágangur móts við bæjarhúsin (500 m³)	C			1,0		7/8
Snæfellsbær						
Ólafsvík við Ytra-Klif, félagsheimilið (40 m - 680 m³)	B - C		1,8			7/8
Eyrarsveit						
Grundarfjörður, við Nesið (250+ m - 2.000 m³)	B - C	4,5				7/8
Grundarfjörður, við Sæból 16 (50 m - 600 m³)	B - C	1,4				7/8
Grundarfjörður, við Grundargötu (100 m - 600 m³)	C				1,4	7/8
Skallabúðir (120 m - 1.200 m³)	C			2,7		7/8
		5,9	**9,2**	**6,3**	**1,4**	

VESTFIRÐIR

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Reykhólahreppur						
Flatey, við gamla frystihúsið og austan við bryggjuna (50 m - 700 m³)	B - C		2,9			7/8
Vesturbyggð						
Patreksfjörður, kverkin ofan við Oddann (110 m - 2.400 m³)	B - C	6,9				7/8
Patreksfjörður, við vélsmiðjuna á Eyrinni (100 m - 1.500 m³)	C			4,3		7/8
Patreksfjörður, að Björgum (80 m - 1.200 m³)	C			3,5		7/8
Bíldudalur, við íbúðarhúsið Svalborg (60 m - 1.200 m³)	C				3,5	7/8
Bíldudalur, austan og vestan við Svalborg (100 m - 1.200 m³)	C				3,5	7/8
Ísafjarðarbær						
Flateyri, Brimnesvegur, hækkun krónu og styrking, framhaldsverk (um 2.500 m³)	B	7,7				7/8
Flateyri, Brimnesvegur norðan Tjarnargötu, styrking (um 2.500 m³)	B - C		7,7			7/8
Flateyri, Ytri Bót (80 m - 1.600 m3)	C				5,0	7/8
Ísafjörður, við Sundstræti (260 m - 6.000 m³)	B - C	13,6				7/8
Hnífsdalur, við rækjuverksm. (260 m - 2.200 m³)	B - C	5,0				7/8
Súðavíkurhreppur						
Norðan Súðavíkurhafnar við Nesveg (90 m - 1.600 m³)	B - C		3,6			7/8
Árneshreppur						
Djúpavík, við bensínstöð (400 m³)	C	1,0				7/8
Við Gjögur, við lóðir 3 og 4 austan við Gjögurbryggju (400 m³)	C				1,0	7/8
Kaldrananeshreppur						
Drangsnes, við Framtíðina (40 m - 400 m³)	B - C		0,8			7/8
Drangsnes, við Grundargötu (80–100 m - 500 m³)	C		1,0			7/8
Broddaneshreppur						
Óspakseyri, norðurbakkinn við sláturhúsið (500 m³)	C				1,5	7/8
		34,2	**16,0**	**7,8**	**14,5**	

NORÐURLAND VESTRA

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Húnaþing vestra						
Reykir við Hrútafjörð, við íþróttahúsið, styrking (200 m³)	C				0,8	7/8
Reykir við Hrútafjörð, við byggðasafnið (80 m - 300 m³)	C				1,2	7/8
Blönduósbær						
Upp með Blöndu að sunnan (350 m - 2.100 m³)	C				6,5	7/8
Norðan Blöndu (320 m - 6.500 m³)	B - C	9,9		5,0	5,0	7/8
Höfðahreppur						
Við Árblik vestan hafnar (60 m - 900 m³)	B - C		2,5			7/8
Sunnan við Hólanes, styrking (200 m - 800 m³)	C			2,2		7/8
Suður fyrir iðnaðarhús Vallarbraut, framhald sjóvarnar (50 m - 800 m³)	B - C		2,2			7/8
Skagahreppur						
Víkur (100 m - 1000 m³)	C			2,1		7/8
Kálfshamarsvík, fremst á eiðið (70 m - 900 m³)	C			1,9		7/8
		9,9	**4,7**	**11,2**	**13,5**	

NORÐURLAND EYSTRA

Sveitarfélag / Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Dalvíkurbyggð						
Dalvík, við Árhól, hækka grjótvörn (50 m - 400 m³)	B - C			1,1		7/8
Dalvík, Bliki - hafnargarður (90 m - 1.500 m³)	B - C	3,6				7/8
Dalvík, sunnan Dalvíkurhafnar (150 m - 900 m³ og endurröðun)	C			2,7		7/8
Dalvík, sunnan við Dalvíkurhöfn (þar fyrir sunnan, 300 m - 3.000 m³)	C			7,1		7/8
Árskógssandur við Brimnes (40 m - 650 m+)	C			1,3		7/8
Hauganes, norðan hafnar (60 m - 600 m+)	B - C	1,4				7/8
Sveitarfélag / Verkefni	**Flokkur**	**2001 m.kr.**	**2002 m.kr.**	**2003 m.kr.**	**2004 m.kr.**	**Hlutur ríkissjóðs**
Arnarneshreppur						
Hjalteyri, norðan vitans og meðfram Hjalteyrartjörnn (100 m - 400 m³)	C				1,0	7/8
Grýtubakkahreppur						
Sunnan gömlu bryggjunnar með Höfðavegi (200 m - 2.500 m³)	B - C	6,5				7/8
Húsavíkurkaupstaður						
Húsavíkurbakkar syðst, suður að Haukamýrarlæk (150 m - 2.100 m³)	C			5,0		7/8
Öxarfjarðarhreppur						
Kópasker við Geflu, utan hafnar (70 m - 700 m³)	B - C		2,2			7/8
		11,5	**2,2**	**17,2**	**1,0**	

AUSTURLAND

Sveitarfélag / Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Vopnafjarðarhreppur						
Innan Kaupfélagsbryggju (140 m - 2.400 m³)	C		5,5			7/8
Fjarðabyggð						
Eskifjörður, við Mjóeyri (40 m - 500 m³)		1,7				7/8
		1,7	**5,5**	**0,0**	**0,0**	

SUÐURLAND

Sveitarfélag / Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Vestmannaeyjabær						
Sjóvörn við Eiðið, endurröðun og styrking (80 m - 800 m³)				2,0	1,5	7/8
Árborg, sveitarfélag						
Stokkseyri, við Ísólfsskála (250 m - 2.500 m³)	C			5,2		7/8
Stokkseyri, Kaðlastaðir - Hraunsá (850 m - 12.750 m³ og 200 m - 5.000 m³)	B - C		20,2	5,5		7/8
Eyrarbakki, Hraunsá - Hraunsnef (400 m - 4.800 m³)	C				8,4	7/8
Ölfus, sveitarfélag						
Þorlákshöfn, Fiskeldi Eyjafjarðar hf., Hafnarbergi (150 m - 1.900 m³)	B - C	3,1				7/8
Þorlákshöfn, Hafnarberg - Stekkjarbót (870 m - 13.900 m³)	B - C	8,6	8,6			7/8
Strandarkirkja, styrking (vélavinna og röðun)	B - C		0,5			7/8
Herdísarvík, leið c, sjóvörn ofan við tjarnarbakkann (1.200 m³)	C			3,7		7/8
		11,7	**29,3**	**16,4**	**9,9**	

REYKJANES

Sveitarfélag / Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Grindavíkurkaupstaður						
Hraun (50 m - 800 m³)	C		1,3			7/8
Stofnfiskur hf. Húsatóftum (80 m - 1.000 m³)	C		1,7			7/8
Húsatóftavöllur (200 m - 1.800 m³)	C		3,0			7/8
Litlabót (200 m - 1.200 m³)	C		2,0			7/8
Sandgerðisbær						
Flankastaðir (250 m - 2.000 m³)	C			3,3		7/8
Þóroddsstaðir (150 m - 1.200 m³)	C			2,0		7/8

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Garðskagi - Lambarif, viðgerð suðurhluta kaflans (680 m - 2.700 m^3)	C				4,2	7/8
Garðskagi - Lambarif, næst bæjarmörkum (120 m - 480 m^3)	B - C	0,7				7/8
Gerðahreppur						
Garðskagi - Lambarif, frá Garðskaga að bæjarmörkum (400 m - 1.620 m^3)	B - C	2,5				7/8
Byggða- og sjóminjasafn - Helgarétt (150 m - 1.200 m^3)	C				1,9	7/8
Helgarétt - Neðra Hof, styrking á hluta (200 m - 500 m^3)	C				0,8	7/8
Neðra Hof - Lambastaðir (120 m - 2.000 m^3)	C				3,1	7/8
Hólmsvöllur í Leiru, lokauppgjör vegna fyrri ára		3,2				7/8
Hólmsvöllur í Leiru (170 m - 2.000 m^3)	C			3,1		7/8
Reykjanesbær						
Keflavík, við Bakkastíg (200 m - 3.500 m^3)	C				5,4	7/8
Vatnsleysustrandarhreppur						
Minni Vogar, í átt að Grænuborg (150 m - 2.500 m^3)	C			4,1		7/8
Brunnastaðahverfi, Halakot (15 m - 150 m^3 og 300 m styrking - 1.350 m^3, alls 1.500 m^3)	C				2,5	7/8
Brunnastaðahverfi, Skjaldarkot (200 m - 3.000 m^3 + 500 m^3 styrking = 3.500 m^3)	C	5,7				7/8
Auðnar (80 m - 800 m^3)	C				1,3	7/8
Hafnarfjörður						
Hvaleyri, undirbúningur/mat á umhverfisáhrifum		0,6				7/8
Bessastaðahreppur						
Kasttangi - Grund (300 m - 4.800 m^3)	C				9,9	7/8
Kasthúsatjörn, styrking (250 m - 4.500 m^3)	B - C		9,3			7/8
Sunnan við sjómerki, Akrakot (100 m - 1.000 m3 og endurröðun)	C			3,6		7/8
Við Hlið (70 m - 500 m^3 og 100 m - 300 m^3, alls 800 m^3)	C				1,7	7/8
Seltjarnarneskaupstaður						
Kotagrandi, styrking við Bakkatjörn (160 m - 2.400 m^3)	B - C		5,7			7/8
Kotagrandi, styrking við Bakkatjörn og sunnan við hana (270 m - 4.000 m^3)	C			9,5		7/8
Við Sandvík, austast að Steinavör (100 m - 600 m^3)	C				1,4	7/8
Frá Melshúsabryggju austur fyrir Lambastaðavör (150 m + styrking 70 m - 1.800 m^3)	B - C				4,3	7/8
Lambastaðagrandi - botn víkurinnar (80 m - 800 m^3 - fyrirh. skolpdælustöð)	B - C			1,9		7/8
Lambastaðagrandi - bæjarmörk, hækkun á krónu (140 m - 400 m^3)	C				1,2	7/8
		12,7	**23,0**	**27,5**	**37,7**	
VESTURLAND TIL REYKJANESS		**87,6**	**89,9**	**86,4**	**78,0**	
HEILDARKOSTNAÐUR ALLT LANDIÐ		**341,9**				
Þar af hlutur ríkissjóðs		299,8				
Hlutur sveitarfélaga		42,1				

Samgönguráðuneytinu, 12. júní 2001.

Sturla Böðvarsson.

Jón Birgir Jónsson.

AUGLÝSING

um þingsályktun um hafnaáætlun 2001—2004.

Alþingi hefur hinn 19. maí 2001 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um hafnaáætlun 2001–2004.

Alþingi ályktar skv. 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, að árin 2001–2004 skuli framkvæmdum í hafnamálum hagað samkvæmt eftirfarandi hafnaáætlun.

I. Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs.

a) Til hafnarframkvæmda samkvæmt hafnalögum.

Upphæðir í millj. kr. Tölur í svigum tákna að til er ónotuð fjárveiting.

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			
Höfn	Til nýframkvæmda	Til uppgjörs	Fjárveitingar alls	Til nýframkvæmda	Til uppgjörs	Fjárveitingar alls	Til nýframkvæmda	Til uppgjörs	Fjárveitingar alls	Til nýframkvæmda	Til uppgjörs	Fjárveitingar alls	Samtals 2001–2004
Vesturland													
Akranes	0,0		0,0	52,8	0,0	52,8	59,4	0,0	59,4	67,0	0,0	67,0	179,2
Borgarnes	0,0		0,0	0,0	0,0	0,0	2,4	(0,1)	2,3	0,0	0,0	0,0	2,3
Snæfellsbær	31,9	6,5	38,4	60,7	0,0	60,7	43,3	0,0	43,3	37,1	0,0	37,1	179,5
Grundarfjörður	83,1		83,1	21,0	0,0	21,0	9,8	0,0	9,8	0,0	0,0	0,0	113,9
Stykkishólmur	1,4	7,4	8,8	13,2	0,0	13,2	8,3	0,0	8,3	46,2	0,0	46,2	76,5
Búðardalur	0,0		0,0	0,0	0,0	0,0	1,5	0,0	1,5	0,0	0,0	0,0	1,5
	116,4	**13,9**	**130,3**	**147,7**	**0,0**	**147,7**	**124,7**	**(0,1)**	**124,6**	**150,3**	**0,0**	**150,3**	**552,9**
Vestfirðir													
Reykhólahöfn	0,0		0,0	2,7	(0,1)	2,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,6
Vesturbyggð	2,0	(0,4)	1,6	16,3	0,0	16,3	0,0	0,0	0,0	11,0	0,0	11,0	28,9
Tálknafjörður	3,8	(2,3)	1,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,5
Bolungarvík	20,7	(5,9)	14,8	8,2	0,0	8,2	12,0	0,0	12,0	6,0	0,0	6,0	41,0
Ísafjarðarbær	33,4	(24,8)	8,6	33,8	0,0	33,8	49,8	0,0	49,8	59,6	0,0	59,6	151,8
Súðavík	4,2	(0,6)	3,6	9,7	0,0	9,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	13,3
Drangsnes	4,2	0,3	4,5	1,0	0,0	1,0	2,5	0,0	2,5	0,0	0,0	0,0	8,0
Hólmavík	5,7	(5,7)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	6,0	0,0	6,0	6,0
	74,0	**(39,4)**	**34,6**	**71,7**	**(0,1)**	**71,6**	**64,3**	**0,0**	**64,3**	**82,6**	**0,0**	**82,6**	**253,1**
Norðurland vestra													
Hvammstangi	13,1	(13,1)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Skagaströnd	1,5	0,7	2,2	7,7	0,0	7,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	9,9
Skagafjörður	41,5	(2,3)	39,2	43,4	0,0	43,4	0,2	0,0	0,2	18,2	0,0	18,2	101,0
Siglufjörður	54,1	(4,6)	49,5	9,4	0,0	9,4	18,9	0,0	18,9	40,2	0,0	40,2	118,0
	110,2	**(19,3)**	**90,9**	**60,5**	**0,0**	**60,5**	**19,1**	**0,0**	**19,1**	**58,4**	**0,0**	**58,4**	**228,9**
Norðurland eystra													
Hafnasamlag Eyjafjarðar	0,0	18,4	18,4	47,5	0,0	47,5	36,8	0,0	36,8	18,3	0,0	18,3	121,0
Hafnasamlag Norðurlands	65,9	(4,8)	61,1	25,1	0,0	25,1	34,7	0,0	34,7	40,8	0,0	40,8	161,7
Grímsey	0,0		0,0	7,0	(1,5)	5,5	0,6	0,0	0,6	10,8	0,0	10,8	16,9
Húsavík	192,8	32,4	225,2	0,0	155,6	155,6	88,8	0,0	88,8	12,0	33,4	45,4	515,0
Kópasker	3,7	(1,3)	2,4	4,6	0,0	4,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	7,0
Raufarhöfn	9,1	(4,5)	4,6	8,7	0,0	8,7	229,5	0,0	229,5	0,0	0,0	0,0	242,8
Þórshöfn	56,3	(1,0)	55,3	63,9	0,0	63,9	24,6	0,0	24,6	97,6	0,0	97,6	241,4
	327,8	**39,2**	**367,0**	**156,8**	**154,1**	**310,9**	**415,0**	**0,0**	**415,0**	**179,5**	**33,4**	**212,9**	**1.305,8**
Austurland													
Bakkafjörður	0,0		0,0	10,9	0,0	10,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	10,9
Vopnafjörður	14,6	0,3	14,9	104,9	0,0	104,9	73,4	0,0	73,4	11,4	0,0	11,4	204,6
Borgarfjörður eystri	5,6		5,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,6
Hafnasamlag A-Héraðs og Fella	0,0		0,0	0,0	0,0	0,0	21,1	0,0	21,1	0,0	0,0	0,0	21,1
Seyðisfjörður	39,7	(1,8)	37,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	37,9
Fjarðabyggð	78,1	11,8	89,9	148,7	0,0	148,7	348,8	0,0	348,8	94,6	0,0	94,6	682,0
Fáskrúðsfjörður	19,2	0,7	19,9	0,0	0,0	0,0	22,1	0,0	22,1	9,5	0,0	9,5	51,5
Breiðdalsvík	5,0	(5,0)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Djúpivogur	83,2	(36,4)	46,8	28,3	0,0	28,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	75,1
Hornafjörður	40,8	1,1	41,9	7,8	0,0	7,8	96,4	0,0	96,4	137,1	0,0	137,1	283,2
	286,2	**(29,3)**	**256,9**	**300,6**	**0,0**	**300,6**	**561,8**	**0,0**	**561,8**	**252,6**	**0,0**	**252,6**	**1.371,9**

Kjördæmi	2001			2002		2003			2004			
Höfn	Til ný-framkvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-framkvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-framkvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-framkvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Samtals 2001–2004
Suðurland													
Vestmannaeyjar	91,5	35,0	126,5	162,4	0,0	162,4	175,0	15,1	190,1	182,1	11,7	193,8	672,8
Þorlákshöfn	17,9	1,5	19,4	6,3	34,0	40,3	39,5	12,0	51,5	21,5	3,6	25,1	136,3
	109,4	**36,5**	**145,9**	**168,7**	**34,0**	**202,7**	**214,5**	**27,1**	**241,6**	**203,6**	**15,3**	**218,9**	**809,1**
Reykjanes													
Grindavík	50,5	157,5	208,0	101,4	10,0	111,4	0,0	93,1	93,1	91,4	61,8	153,2	565,7
Sandgerði	64,0	24,3	88,3	45,6	0,0	45,6	29,6	0,0	29,6	0,0	85,3	85,3	248,8
Hafnasamlag Suðurnesja	0,0	9,4	9,4	17,3	0,0	17,3	0,0	0,0	0,0	57,8	0,0	57,8	84,5
Hafnarfjörður	0,0	9,0	9,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	9,0
	114,5	**200,2**	**314,7**	**164,3**	**10,0**	**174,3**	**29,6**	**93,1**	**122,7**	**149,2**	**147,1**	**296,3**	**908,0**
Óskipt til slysavarna o.fl.	8,7	(7,5)	1,2	8,2	0,0	8,2	10,5	0,0	10,5	22,0		22,0	41,9
Rannsóknir o.fl.	10,0		10,0	15,0		15,0	15,0		15,0	15,0		15,0	55,0
Samtals	**1.157,2**	**194,3**	**1.351,5**	**1.093,5**	**198,0**	**1.291,5**	**1.454,5**	**120,1**	**1.574,6**	**1.113,2**	**195,8**	**1.309,0**	**5.526,6**

b) Önnur hafnarmannvirki.

	2001	2002	2003	2004
Lendingarbætur	**2,8**	**3,0**	**3,0**	**3,0**
Ferjubryggjur	**5,7**	**6,0**	**6,0**	**6,0**
Samtals	**8,5**	**9,0**	**9,0**	**9,0**

II. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum.

Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir. Í aftasta dálki þátttökuhlutfall ríkissjóðs.

Verðlag miðast við áætlað meðaltal ársins 2001 (byggingarvísitala 254 stig). Upphæðir í millj. kr.

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
VESTURLAND					
Akranes					
Dýpkun við aðalhafnargarð í 8–9 m (~3.000 m2 spr.) og viðhaldsdýpkun		52,0			75%
Stálþil aðalhafnargarði, 1.–3. áfangi, 160 m, dýpi 8–9 m, lagnir og þekja (3.200 m^2)		23,0	80,0	57,0	60%
Klæðning á austurhlið Ferjubryggju, 60 m þybbuklæðning úr asobe og uppsetning á þybbum				5,7	60%
Endurröðun og styrking á grjótvörn aðalhafnargarði (150 m, ~8.000 m^3)				24,0	75%
Endurnýjun skipalyftu. Hliðarfærslusleði, nemabúnaður og raflagnir			19,0	19,0	60%
Borgarnes					
Bryggjurif, grjót og kjarnafylling (~3.200 m^3) við gömlu bryggjuna og frágangur við þá nýju			4,0		60%
Snæfellsbær					
Arnarstapi:					
Lenging grjótgarðs (30–35 m, (14.000 m^3) og dýpkun (spr. svæði (2.000 m^2)	38,0	38,0			75%
(Viðhaldsdýpkun/ ljós í bryggjustiga, sjá Ólafsvík)					75%
Rifshöfn:					
Staurakista, endurbygging og lenging um 10 m, stálþil (35 m, dýpi 4 m)		24,0			60%
Ljúka endurbyggingu trébryggju (5×18 m, dýpi 3,5 m) og rif á eldri bryggju		24,0			60%
Lenging stálþils, 80 m, dýpi 6 m lagnir og þekja (1.600 m^2)			50,8	23,0	60%
(Viðhaldsdýpkun/ljós í bryggjustiga, sjá Ólafsvík)					60%
Ólafsvík:					
Lenging á flotbryggjum, 20 m og 10 m og slitlag á tengibraut (klæðning ~300 m^2)	5,7				60%
Ljós í bryggjustiga Ólafsvík, Rifi og Arnarstapa (40 stigar alls)		4,3			60%
Endurbygging á fenderklæðningu trébryggju			20,0		60%
Styrking og endurbygging grjótvarnar Suðurgarðs				19,0	75%
Dýpkun, viðhalda dýpi í innsiglingum og höfnum Ólafsvík, Rifi og Arnarstapa (~25.000 m^3)		1,0	1,0	12,0	75%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Grundarfjörður					
Lenging Stórubryggju, stálþil (100 m, dýpi 8 m), lagnir, lýsing og þekja	88,0	35,0			60%
Lenging Stórubryggju, grjótvörn norðan á (~18.000 m^3)	40,4				75%
Smábátaaðstaða, dýpkun (~3.000 m^3)			3,4		75%
Smábátaaðstaða, uppsátur (530 m), flotbryggja (10 m), fylling, frág. fláa, lýsing, vatns- og raflögn			10,0		60%
Öryggismál, stigar á flotbryggju, laga og setja ljós í stiga Stórubryggju og Suðurgarði			2,0		60%
Stykkishólmur					
Skipavík, ljósamasturs- og vatnshús	2,4				60%
Stálþil næst brúarbás Súgandisey, 20 m, dýpi 6 m, lagnir og þekja (300 m^2)		16,0	5,0		60%
Dýpkun í höfn við þil Súgandisey og víðar (gröbbun ~5.000 m^3)		7,0			75%
Dráttarbraut Skipavík, styrkja braut, nýr sleði, 16 hliðarf.vagnar, rif á görðum og st. plan (3.000 m^2)		6,0		77,0	60%
Dalabyggð					
Gamla bryggjan Búðardal, endurbyggja kanttré, þybbur, stiga og þekju (70 m^2)			2,5		60%
	174,5	**223,3**	**204,7**	**236,7**	
VESTFIRÐIR					
Reykhólar					
Dýpkun, grabbað upp meðfram bryggju (~1.500 m^3)		3,6			75%
Vesturbyggð					
Patreksfjörður:					
Innsigling lagfærð, dýpkun (grafið ~11.000 m^3) og grjótvörn á enda Oddans		21,7			75%
Endurbygging þekju (1.000 m^3)				8,3	60%
Endurbygging stálþils, undirbúningsframkvæmd (um 280 m þil byggt 1948)				10,0	60%
Bíldudalur:					
Flotbryggja, lenging (20 m)	3,4				60%
Tálknafjörður					
Þekja við stálþil, lagnir og lýsing (steypt 300 m2, klæðning 900 m^2)	6,3				60%
Ísafjarðarbær					
Þingeyri:					
Rífa gömlu trébryggjuna við ytri hafnargarð og ganga frá kanti		4,8			60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5(30 m)	3,4				60%
Flateyri:					
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5(30 m)	3,4				60%
Endurbygging hafnarkants, frágangur, lagnir og þekja (1.400 m^2)	16,1				60%
Suðureyri:					
Stækkun smábátahafnar		14,0			60%
Dýpkun innsiglingarrennu í 5 m (10.000 m^3, dæling)				6,4	75%
Ísafjörður:					
Tengibraut Ásgeirsbakki – Sundahöfn (uppgjör)	20,0				60%
Sundahöfn, lagnir, lýsing og þekja (1.400 m^2) við stálþilsbakka	12,8	6,1	3,4		60%
Endurbyggja flotbryggju Sundahöfn (70 m)		11,5			60%
Viðgerðarbryggja skipasmíðastöðvar, staurabr. úr stáli og harðviði (38 m)		19,8			60%
Bátahöfn við Olíumúla, lokið endurbyggingu			28,0		60%
Dýpkun við Olíumúla og viðgerðarbryggju (grafnir 23.000 m^3)			41,3		75%
Ferjubryggja Sundahöfn, lenging, staurabryggja úr harðviði (17 m)				11,4	60%
Ásgeirsbakki, endurbygging, 1. áfangi, stálþil með kantbita (85 m, dýpi 8 m)				50,0	60%
Dráttarbraut, endurbygging á braut, vagni og spili m.v. 400 þungatonna skip				30,0	60%
Bolungarvík					
Grundargarður, breikkun og grjótvörn á (300 m kafla (24.000 m^3)	27,6				75%
Brjóturinn, niðurrif skjólveggs og þekja að 20 m línu (~600 m^2)		13,6			60%
Tengibraut Lækjarbryggja – Grundargarður			20,0		60%
Brjóturinn, endurbygging stálþils efst við Brjótinn – undirbúningsframkvæmd				10,0	60%
Súðavík					
Viðlegubryggja við Suðurgarð lengd (15 m léttbyggð timburbryggja – dýpi 3 m)		7,0			60%
Suðurgarður, þvergarður og styrking á núverandi garði (~7.000 m^3)	5,6	7,3			75%
Drangsnes					
Drangsnesbryggja, hækkun efri hluta bryggju, steypt þekja (400 m^2) og veggur (18 m)	7,0				60%
Kokkálsvík, slitlag við bryggjur (klæðning 1.000 m^2)		1,7			60%
Kokkálsvík, flotbryggja (20 m)			4,1		60%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Hólmavík					
Bæta aðstöðu smábáta, flotbryggja	9,5				60%
Stálþilsbryggja endurbyggð, undirbúningsframkvæmdir				10,0	60%
	115,1	**111,1**	**96,8**	**136,1**	
NORÐURLAND VESTRA					
Hvammstangi					
Dýpkun hafnar í 5–6 m og innsiglingin í 7 m, sprengt að hluta (5.000 m^3)	17,5				75%
Skagaströnd					
Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	2,0				75%
Dýpkun í höfn og innsiglingu (10.000 m^3 dæling/gröftur)		10,3			75%
Skagafjörður					
Sauðárkrókur:					
Stálþil Norðurgarði, endurbygging og lenging, 130 m, dýpi 8,5 m, lagnir og þekja (2.600 m^2)	62,8	52,0			60%
Dýpkun, snúningssvæði og innsigling í 8 m, við þil í 8,5 m (30.000 m^3)		16,2			75%
Sandfangari, lenging um 30 m				14,0	75%
Tengibraut Hafnargarður – Sandeyri (800 m^2 – var á áætlun '99 en frestað)				5,5	60%
Hofsós:					
Lenging Þvergarðs um 5 m (~1000 m^3)	4,8				75%
Norðurgarður, styrking á grjótvörn				5,9	75%
Haganesvík:					
Viðhaldsdýpkun	0,3		0,3		75%
Siglufjörður					
Óskarsbryggja, 75 m þil, dýpi 10 m, steypt þekja 1.500 m^2	65,4	15,7			60%
Dýpkun í 9 m við Óskarsbryggju og á siglingaleið (30.000 m^3 dæling)	16,2				75%
Togarabryggja, endurnýjun þekju (malbik)	4,5				60%
Smábátahöfn, viðlegubryggja við vesturkant (40 m)			11,8		60%
Styrking á grjótvörn norðan við Brjót			5,7		60%
Roaldsbryggja við Síldarminjasafn (göngubryggja 75×3,0 m)			14,0		60%
Bæjarbryggja, endurbygging, 1. áfangi, stálþil (100 m, dýpi 8 m)				67,0	60%
	173,5	**94,2**	**31,8**	**92,4**	
NORÐURLAND EYSTRA					
Hafnasamlag Eyjafjarðar					
Ólafsfjörður:					
Loðnulöndunarkantur, endurnýja staura (84 m, ~$^1/_3$ hluti)		24,9			60%
Togarabryggja, rífa trébryggju, 40 m stálþil, dýpi 7 m, lagnir og þekja (800 m^3)		30,9	12,7		60%
Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn (dæling, 12.000 m^3)				6,5	75%
Innsigling í Vesturhöfn, frágangur garðsenda				20,0	60%
Dalvík:					
Endurröðun og styrking grjótvarnar Suðurgarði, öldudempandi flái við verbúð (alls ~8.000 m^3)		18,0			75%
Timburbryggja Suðurgarði, endurbygging (65 m)			38,6		60%
Árskógssandur/Hauganes:					
Upptökubraut Árskógssandi (5×20 m)				2,3	60%
Hauganes, grjótvörn á hafnarsvæði við gömlu bryggjuna (~500 m^3)		1,0			60%
Hrísey:					
Aðstaða fyrir ferju, lenging stálþils/dýpkun (óvisst)			10,0		60%
Hafnasamlag Norðurlands					
Hjalteyri:					
Viðhaldsdýpkun	0,3		1,1		75%
Akureyri:					
Fiskihöfn, dýpkun, 2. áfangi (91.000 m3)	41,2				75%
Fiskihöfn, Vesturbakki, stálþil, 2. áfangi (70 m, dýpi 9 m, þekja 1.400 m^2)	51,4	19,7			60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5×20 m)	2,3				60%
Sverrisbryggja rifin, bryggja fyrir fóðurskip (20 m)	4,4	22,1			60%
Dýpkun, Krossanes, 2. áfangi (40.000 m^3) og uppgjör, dýpkun fyrir olíuskip (framkv. 2000, 13 m.kr.)			34,6		75%
Stálþil við Krossanes, 2. áfangi (80 m, dýpi 9 m), rekið niður þil og steyptur kantur			5,0	63,0	60%
Stálþil við Strýtu, undirbúningsframkvæmdir			8,1		60%
Ísbryggja ÚA endurbyggð, undirbúningsframkvæmdir				5,0	60%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Grímsey					
Endurbygging fremsta hluta hafnargarðs, þekja (~300 m^2) og skvettmúr		11,6			60%
Úttekt og endurbygging á kervegg við fremri hluta aðalhafnargarðs (25 m)			1,0	8,4	60%
Lokið styrkingu grjótvarnar á hafnargarði, grjót úr landi (500 m^3)				7,7	75%
Húsavík					
Brimvarnargarður við Böku (300.000 m^3 – grjót á lager 30.000 m^3)	509,0				75%
Stálþilsbryggja, endurbygging/nýbygging			148,0	20,0	60%
Kópasker					
Endurbyggja steypta þekju á bryggju (330 m^2)	3,0				60%
Viðlegubryggja smábáta (15 m flotbryggja)	3,2				60%
Dýpkun hafnar (10.000 m^3 dæling)		6,1			75%
Raufarhöfn					
Löndunarbryggja við bræðslu, lagnir, lýsing og steypt þekja (1.000 m^2)	15,2				60%
Dýpkun innsiglingarrennu í 8,5–10 m (22.300 m^2 klapparsprenging)		7,5	306,0		75%
Frágangur vegna niðurrifs á bryggjum, grjóthleðsla við Hótel Norðurljós (120 m)		5,1			60%
Þórshöfn					
Dýpkuð innsigling í 8,5 m, höfn í 8–9 m snúningssvæði og að stálþili (~80.000 m^3 gröftur, spr. að hluta)	75,0			124,0	75%
Stálþil 135 m, dýpi 9 m, lagnir og þekja (2.700 m^2)		106,5	36,5		60%
Ytri leiðarljós			3,6		75%
Grjótflái við tengibraut (á áætlun 2000 en frestað)				7,7	60%
	705,0	**253,4**	**605,2**	**264,6**	
AUSTURLAND					
Bakkafjörður					
Lenging Löndunarbryggju, harðviðarbryggja (20 m, dýpi 3 m)		11,2			60%
Lenging Sjafnarbryggju, léttbyggð furubryggja (20 m, dýpi 2,5 m)		7,0			60%
Vopnafjörður					
Löndunarbryggja, stálþil, lagnir og þekja (1.600 m^2)	24,3				60%
Dýpkun siglingaleiðar innan hólma (89.000 m^3, sprengt að hluta)		139,9	97,8	15,2	75%
Borgarfjörður eystri					
Dýpkun sunnan gömlu bryggju og í bátakví (~3.600 m^3)	7,4				75%
Hafnasamlag Austur-Héraðs og Fella					
Dýpkun og skjólgarður vegna ferju Lagarfljóti			15,6		75%
Bryggja fyrir Lagarfljótsferju, trébryggja 35 m, dýpi 2,5 m			15,6		60%
Seyðisfjörður					
Dýpkun rennu við Fjarðarhöfn í 8 m dýpi og dýpkun við dráttarbraut (~90.000 m^3)	50,0				75%
Bryggja við Fjarðarhöfn, frágangur	3,6				60%
Fjarðabyggð					
Neskaupstaður:					
Lenging Togarabryggju, stálþil (70 m, dýpi 9 m, þekja 1.400 m2)	49,7	19,6			60%
Dýpkun vegna færslu flotbryggju (15.000 m^3) og stækkun hafnar (100.000 m^3)	8,4	57,9			75%
Skjólgarður norðan hafnar ((200 m, dælt undir garð og efni tekið úr núverandi garði að hluta)	56,0	44,0			75%
Stálþil við bræðslu lengt um 52 m, í 100 m, dýpi 9 m, 1. áfangi, þil með kanti				43,7	60%
Eskifjörður:					
Hafskipakantur, efniskostnaður vegna lengingar stálþils úr 80 í 130 m (uppgjör)			18,6		60%
Hraun í Reyðarfirði – höfn fyrir stóriðju:					
Stálþilsbakki 260 m, dýpi 14,3 m, lagnir og steypt þekja (7.800 m^2)		47,0	502,0	114,0	60%
Dýpkun við stálþil í 14,3 m (dæling, 118.000 m3) og siglingarmerki		43,0	48,5		75%
Fáskrúðsfjörður					
Stækkun Loðnulöndunarbryggju (harðviðarbryggja 40 m, dýpi 7 m)	32,0				60%
Endurbygging Bæjarbryggju, 1. áfangi (50 m, dýpi 7 m), lagnir, lýsing og þekja (1.000 m^2)			36,9	15,8	60%
Breiðdalsvík					
Gengið frá lögnum og lokið við þekju (1.080 m^2) – á áætlun '99 en frestað	8,4				60%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Djúpivogur					
Dýpkun Gleðivík (3.500 m^2 í 9 m, gröftur, að hluta sprengt)	36,5				75%
Löndunarkantur 75 m, dýpi 9 m, grjótvarin fylling (49.000 m^3), lagnir og þekja (1.425 m^2)	93,0	47,1			60%
Hornafjörður					
Faxeyrarhöfn, umhverfismat og undirbúningur	10,0				75%
Viðhaldsdýpkun (25.000 m^3 hvert ár – er 15.000 í núgildandi áætlun)	10,4	10,4	10,4	10,4	75%
Leiðigarðar norðan og sunnan hafnarmynnis og leiðigarður út frá Mikley (~8.000 m^3)	18,0				75%
Smábátaaðstaða vestan Óslandsbryggju	20,0				60%
Faxeyrarhöfn, skjólgarður (~15.000 m^3) og dýpkun (~400.000 m^3)			24,0	108,0	75%
Grynnslin, dýpkun, undirbúningsframkvæmd			30,0	35,0	75%
Stálþilsbryggja, 100 m, dýpi 8 m, lagnir og þekja (2.000 m^2)			80,1	30,3	60%
Raflögn í Hvanneyjarvita				5,0	75%
	427,7	**427,1**	**879,5**	**377,4**	
SUÐURLAND					
Vestmannaeyjar					
Nausthamarsbryggja, lokið endurbyggingu (þil 360 m, dýpi 5–9 m, þekja 4.640 m^2 steypt)	67,2	47,3			60%
Dýpkun við bryggjur í 8 m, Nausthamar, Friðarhafnarkantur (dæling/gröftur ~35.000 m^3)	22,2				75%
Friðarhöfn, Ísk./suðurk., endurbætt þil 140 m, dýpi 9 m, lagnir, þekja (steypt 1.500/malb. 1.200 m^2)	57,5	64,3			60%
Smábátahöfn, flotbryggjur 30 m og 2×40 m, lýsing og lagnir við bryggjur		22,2			60%
Friðarhöfn, norður-/austurk., endurbætt þil 150 m, dýpi 8 m, lagnir, þekja (steypt 3.400 m^2)		46,9	75,1		60%
Dýpkun hafnar, Pyttur í 8 m, snúningssv. 210 m í 7,5 m (grafið/dælt 78.000 m^3, að hluta spr.)			50,0	50,0	75%
Friðarhöfn, vesturk., endurbætt þil 195 m, dýpi 8 m, lagnir, þekja (steypt ~2.200 m^2)			64,0	86,0	60%
Dýpkun í innsiglingu, viðhaldsdýpkun (gröftur 35.000 m^3)				52,0	75%
Þurrkví, framkvæmd dreifist jafnt á árin 2002–2005		90,0	90,0	90,0	60%
Þorlákshöfn					
Dýpkun innan hafnar (~50.000 m^3 sprengt og grafið að hluta)	90,0				75%
Tunna á garðsenda Suðurvarargarðs, úrbætur samkvæmt tillögum frá maí '97		8,4			75%
Loðnulöndunarbryggja, stálþil 70 m, dýpi 9 m			65,9	22,3	60%
Dýpkun í innsiglingu og höfn, viðhaldsdýpkun (~20.000 m^3 dæling)				10,8	75%
	236,9	**279,1**	**345,0**	**311,1**	
REYKJANES					
Grindavík					
Skjólgarður vestan innsiglingar (80.000 m^3)	101,9				75%
Skjólgarður austan innsiglingar (100.000 m^3)		135,2			75%
Rif á þverbryggju við Svíragarð, og flotbryggja (uppgjör)				21,0	60%
Dýpkun hafnar við Svíragarð (6.200 m^2 í 7–8 m) og dýpkun á svæðum A–E (uppgjör 25 millj. kr.)				105,0	75%
Sandgerði					
Dýpkun á svæði A við Norðurgarð í 8 m og B við Suðurbryggju í 5 m (14.500 m^2 spr.)	165,3				75%
Suðurgarður, styrking og endurröðun á grjótvörn (ca. 300 m – 9.000 m^3)	20,0				75%
Norðurgarður, lenging, stálþil 50 m, dýpi 8 m, lagnir og þekja (1.000 m^2)	17,1	41,3			60%
Suðurbryggja, norðurhlið, stálþil 65 m, dýpi 6 m, lagnir og þekja (1.600 m^2)		34,7	34,6		60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5(30 m)			3,2		60%
Löndunarbryggja við fiskmarkað, harðviðarbryggja (15 m, dýpi 5 m)			11,5		60%
Hafnasamlag Suðurnesja					
Reykjanesbær:					
Öldudempari Helguvík, sprengt berg við suðurhluta hafnar		16,1			75%
Festipollar við vestur- og austurenda viðlegu í Helguvík (2 stk. 100 t pollar)		2,4			60%
Grjótgarður Njarðvík styrktur og lengdur, 60 m		5,0		77,0	75%
	304,3	**234,7**	**49,3**	**203,0**	

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
ALLT LANDIÐ					
Óskipt til slysavarna o.fl. (styrkhæfni ýmist 60% eða 75%, meðaltal áætlað 67%)	13,0	12,3	15,7	32,8	67%
	2.150,0	**1.635,2**	**2.228,0**	**1.654,1**	
Samtals árin 2001-2004:				**7.667,4**	
Þar af hlutur ríkisins:				5.113,3	
Hlutur hafnarsjóða:				2.554,1	

Samgönguráðuneytingu, 12. júní 2001.

Sturla Böðvarsson.

Jón Birgir Jónsson.

Nr. 102 18. júní 2001

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 18. júní 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 103 21. júní 2001

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 21. júní 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

LÖG

um húsafriðun.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Yfirstjórn og skipulag.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi.

Lögin kveða á um friðun húsa og annarra mannvirkja og skipulag húsafriðunar.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn húsafriðunar í landinu.

Menntamálaráðherra skipar húsafriðunarnefnd til fjögurra ára í senn. Arkitektafélag Íslands tilnefnir einn fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn og þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Húsafriðunarnefnd stuðlar að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar og metur hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gerir um það tillögur til menntamálaráðherra. Nefndin hefur samráð við embætti þjóðminjavarðar og minjavörð þess landsvæðis sem hús tilheyrir þegar fjallað er um friðun húss. Húsafriðunarnefnd fer með yfirstjórn og veitir styrki úr húsafriðunarsjóði. Jafnframt er húsafriðunarnefnd umsagnaraðili fyrir ráðherra í málum er snerta húsafriðun.

Þjóðminjavörður eða fulltrúi hans hefur seturétt á fundum húsafriðunarnefndar.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann húsafriðunarnefndar til fimm ára í senn. Kveða skal á um störf hans að öðru leyti í reglugerð.

II. KAFLI
Friðun húsa og annarra mannvirkja.

4. gr.

Friða má mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis friðaðs mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem besta varðveislu friðaða mannvirkisins.

5. gr.

Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar. Ráðherra getur að tillögu húsafriðunarnefndar ákveðið að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum 6. gr.

Friðun sem ákveðin var í tíð eldri laga heldur gildi sínu.

6. gr.

Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918.

Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Húsafriðunarnefnd skal innan fjögurra vikna tilkynna viðkomandi aðilum, að fenginni umsögn minjavarðar, hvort hún telur ástæðu til friðunar.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, leiti eftir áliti húsafriðunarnefndar og minjavarða áður en leyfi er veitt til framkvæmda.

7. gr.

Ákvörðun um friðun skal tilkynna húseiganda, öðrum þeim sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, hlutaðeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn og byggingarnefnd. Greina skal í tilkynningu til hvers friðunin nær.

Þinglýsa skal friðun sem kvöð á fasteign sem í hlut á og auglýsa friðunina í Stjórnartíðindum. Þinglýsingarstjóri skal tilkynna húsafriðunarnefnd ef þinglesin eru eigendaskipti að friðaðri húseign.

Heimilt er að fella niður fasteignagjöld af friðuðum húsum.

8. gr.

Telji húsafriðunarnefnd hættu á að hús, sem hefur menningarsögulegt eða listrænt gildi en hefur þó ekki verið friðað, verði rifið eða gildi þess rýrt á nokkurn hátt getur hún ákveðið skyndifriðun viðkomandi húss.

Skyndifriðun tekur gildi þegar húsafriðunarnefnd hefur tilkynnt með tryggilegum hætti öllum hlutaðeigandi aðilum, sbr. 7. gr., ákvörðun sína og gildir hún í tvær vikur. Skyndifriðun þarf ekki að þinglýsa.

Meðan á skyndifriðun stendur gilda að öðru leyti allar reglur um friðun.

Menntamálaráðherra ákveður að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar hvort friða skuli viðkomandi hús áður en skyndifriðun lýkur.

9. gr.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign án leyfis húsafriðunarnefndar.

Við endurbætur og viðhald friðaðra fasteigna skal leitað álits og samþykkis húsafriðunarnefndar. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðuð hús.

Vilji eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til skv. 1. mgr., skal hann í umsókn sinni til húsafriðunarnefndar lýsa nákvæmlega fyrirhuguðum framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin skal svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt á tiltekinn annan hátt en tilgreindur er í umsókn er eiganda skylt að hlíta því. Skal eigandi fá greiddan aukakostnað sem leiðir af fyrirmælum nefndarinnar.

10. gr.

Ef breytingar hafa verið gerðar á friðuðu húsi án leyfis húsafriðunarnefndar getur nefndin lagt fyrir eiganda að færa húsið í fyrra horf innan hæfilegs frests. Nú sinnir eigandi ekki fyrirmælum nefndarinnar og getur hún þá að fengnu samþykki menntamálaráðherra látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

11. gr.

Ef vanrækt er viðhald friðaðs húss getur húsafriðunarnefnd lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú líður frestur án þess að úr sé bætt og getur þá húsafriðunarnefnd að fengnu samþykki menntamálaráðherra látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

12. gr.

Nú verður friðuð eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum og skal eigandi eða sá er afnot hefur af eigninni þá gera húsafriðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðist verður í endurbyggingu gilda ákvæði 9. gr.

13. gr.

Nú vill eigandi friðaðs húss rífa húsið eða flytja það af stað sínum og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafriðunarnefndar. Nefndin skal svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum um hvort fella skuli niður friðun og aflýsa friðunarkvöðinni eða skilgreina að nýju til hvaða þátta friðun hússins nær.

14. gr.

Ef byggingarnefnd verður vör við að friðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni er ekki vel við haldið skal hún gera húsafriðunarnefnd viðvart.

15. gr.

Húsafriðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma eiganda að kostnaðarlausu hvers konar eftirlit með friðaðri eign og skoðanir sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

III. KAFLI
Um húsafriðunarsjóð.

16. gr.

Starfrækja skal húsafriðunarsjóð til að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðaðra húsa. Tekjur sjóðsins eru:

a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
b. framlag sveitarfélaga,
c. frjáls framlög.

Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 150 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags.

Framlög sveitarfélaga greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

17. gr.

Hlutverk húsafriðunarsjóðs er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum. Heimilt er að veita styrki til viðhalds annarra húsa en friðaðra sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

18. gr.

Húsafriðunarnefnd stjórnar húsafriðunarsjóði og ákveður styrki úr honum samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum sem menntamálaráðherra staðfestir. Skal þar m.a. kveðið á um skyldur þeirra sem fjárframlög fá úr sjóðnum. Slík framlög eru undanþegin tekjuskatti.

Húsafriðunarnefnd ber ábyrgð á fjárreiðum húsafriðunarsjóðs.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

19. gr.

Hver sá sem verður fyrir fjártjóni vegna framkvæmda húsafriðunarnefndar, sbr. II. kafla, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

20. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

21. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. mgr. 6. gr., 9. gr., 12. gr. og 14. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

22. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði V. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi húsafriðunarnefnd við gildistöku laga þessara skal sitja áfram eftir gildistöku þeirra þar til ný húsafriðunarnefnd hefur verið skipuð í samræmi við ákvæði þessara laga, þó ekki lengur en til 31. desember 2000. Hlutverk hennar skal þá einvörðungu vera að hafa eftirlit með framvindu þegar styrktra verkefna, að framvinda þeirra og framkvæmd séu í samræmi við umsóknir og forsendur styrkveitinga.

Við gildistöku laga þessara skal þegar hafinn undirbúningur að skipan húsafriðunarnefndar í samræmi við ákvæði þeirra og skipunartími nefndarinnar hefjast eigi síðar en 1. janúar 2001.

Þeir starfsmenn sem eru fastráðnir hjá Þjóðminjasafni Íslands og starfa á vegum húsafriðunarnefndar við gildistöku laga þessara skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri. Breyting á stöðu starfsmanns sem lög þessi hafa í för með sér felur því ekki í sér að staða sé lögð niður í skilningi starfsmannalaga, nr. 70/1996.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að varðveita menningarsögu íslensku þjóðarinnar, standa vörð um menningarsögulegar minjar hennar og tryggja skil á menningarverðmætum til annarra landa.

2. gr.

Eigi má flytja úr landi muni og gripi sem hér eru taldir, sbr. þó 3. gr., nema formlegt leyfi skv. 3. mgr. komi til:

1. Forngripi, eldri en 100 ára, hvort sem eru í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga.
2. Hluta úr listrænum, sögulegum eða trúarlegum minjum er losaðir hafa verið frá þeim og eldri eru en 100 ára.
3. a. Málverk og handgerðar myndir, aðrar en þær sem getið er um í b-lið 3. tölul. og 4. tölul., úr hvaða efni sem er ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
   b. Vatnslitamyndir, gvassmyndir og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti á hvaða efni sem er ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
4. Mósaíkverk úr hvaða efni sem er og að öllu leyti handunnin, sem ekki falla undir 1. eða 2. tölul., og teikningar úr hvaða efni sem er séu myndverkin að öllu leyti handunnin, eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
5. Frumeintök af stungum, þrykki, silkiprenti og steinprenti, ásamt tilheyrandi plötum og frumgerð veggspjalda, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
6. Frumeintök höggmynda eða myndastyttna og eftirmyndir þeirra sem eru gerðar með sömu aðferð og frumeintökin séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra, enda falli þau ekki undir 1. tölul.
7. Ljósmyndir og kvikmyndir og filmur eða glerplötur af þeim, enda séu þær eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda myndanna.
8. Bækur, prentaðar fyrir 1500 (vögguprent), svo og handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
9. Aðrar bækur, eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.
10. Prentuð landabréf, eldri en 200 ára.
11. Skjalasöfn hvers konar og hluta þeirra, úr hvaða efni sem er, eldri en 50 ára.
12. Dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök og sömuleiðis söfn sem gildi hafa fyrir sagnfræði, steingervingafræði, þjóðflokkafræði eða myntfræði.
13. Samgöngutæki, eldri en 75 ára.
14. Aðrar menningarminjar, eldri en 50 ára.

Leiki vafi á um aldur minja sem taldar eru upp í 1.–11. og 13.–14. tölul. 1. mgr. sker safnaráð úr, en Náttúrufræðistofnun Íslands ef 12. tölul. á við.

Safnaráð samkvæmt safnalögum veitir formlegt leyfi til útflutnings muna eða gripa sem taldir eru upp í 1.–14. tölul. 1. mgr., þó þannig að Náttúrufræðistofnun Íslands veitir slíkt leyfi ef um er að ræða útflutning náttúrugripa skv. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 60/1992.

Ef um er að ræða muni eða gripi sem taldir eru upp í 8.–11. tölul. 1. mgr. skal safnaráð hafa samráð við Þjóðskjalasafn Íslands og Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi eftir því sem við á.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 1., 2., 8. og 11. tölul. þeirrar greinar án tillits til verðgildis þeirra.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 4., 5., 7. og 10. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 1.100.000 kr. eða meira.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 6., 9., 12., 13. og 14. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 3.800.000 kr. eða meira.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir a-lið 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 11.500.000 kr. eða meira og b-lið 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 2.300.000 kr. eða meira.

Við verðgildismat skal miðað við ætlað markaðsverð hlutaðeigandi menningarminja hér á landi á þeim degi er umsókn um útflutningsleyfi berst safnaráði.

4. gr.

Safnaráði er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að koma í veg fyrir útflutning menningarminja, jafnt þeirra sem taldar eru í 2. gr. sem annarra, án tillits til aldurs þeirra og verðgildis, ef minjarnar teljast til þjóðardýrgripa eða þær hafa að öðru leyti sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu. Getur þá safnaráð stöðvað útflutning þeirra um stundarsakir meðan leitað er umsagna sérfróðra manna og þar til formleg afstaða ráðuneytisins er fengin. Fallist ráðuneytið eigi á beiðni um útflutningsleyfi er sú niðurstaða bindandi fyrir alla aðila og hið sama gildir um samþykki ráðuneytisins við útflutningi.

5. gr.

Óheimilt er að flytja til Íslands menningarminjar ef flutningurinn brýtur gegn:

a. reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá ríki á svæðinu eða
b. löggjöf þess ríkis sem menningarminjar eru fluttar frá.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til þess ef menningarminjar eru fluttar löglega til landsins en er ekki skilað á umsömdum tíma.

Menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins skal skilað í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Finnist menningarminjar hér á landi sem safnaráð telur að rökstuddur grunur leiki á að fluttar hafi verið til landsins með ólögmætum hætti skal ráðið með sannanlegum hætti tilkynna hlutaðeigandi ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins um fundinn. Telji valdbær stjórnvöld einhvers ríkjanna að minjarnar hafi verið fluttar frá yfirráðasvæði þess með ólögmætum hætti skal krafa þeirra um skil hafa borist safnaráði innan tveggja mánaða frá því að ráðið tilkynnti um fundinn. Berist krafa um skil ekki innan þess frests falla skyldur safnaráðs til varðveislu minjanna niður.

Ákvæði 5. og 6. mgr. þessarar greinar og ákvæði 6. gr., svo og ákvæði 7. gr. að því er varðar skil menningarverðmæta til annarra ríkja, gilda einvörðungu um kröfur um skil frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Íslensk stjórnvöld skulu þó jafnframt leitast við eftir föngum að aðstoða við réttmæt skil menningarminja til ríkja er ekki eiga aðild að nefndum samningi hafi minjarnar verið fluttar þaðan í andstöðu við þarlend lög. Skil á menningarminjum sam-

kvæmt ákvæði þessu hafa farið fram þegar menningarminjar hafa verið afhentar stjórnvöldum þess ríkis sem leggur fram beiðni um skil.

Íslenskum stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að menningarminjum, sem fluttar hafa verið til Íslands með ólögmætum hætti, án tillits til núverandi eignaraðildar eða vörslu á þeim, verði skilað til réttra eigenda eða umsjármanna þeirra erlendis, enda sé skilyrðum 3. gr. um verðmæti þeirra fullnægt. Umsókn þar að lútandi skal borin upp formlega af valdbæru stjórnvaldi í hlutaðeigandi ríki og skal henni beint til safnaráðs sem gerir síðan viðeigandi ráðstafanir, eftir atvikum í samvinnu við hlutaðeigandi stjórnvöld hér á landi, sbr. nánar 6. gr.

Við verðgildismat menningarminja skv. 5. mgr., sbr. og 3. gr., skal miða við þann dag er íslenskum stjórnvöldum berst krafa um skil á minjum frá valdbærum stjórnvöldum í öðru ríki. Við ákvörðun verðgildis skal haft mið af ætluðu markaðsverði hér á landi.

6. gr.

Séu menningarminjar sem fjallað er um í 5. og 6. mgr. 5. gr. í eigu eða vörslu manna hérlendis er eigi vilja láta þær af hendi þegar safnaráð krefst þess, sbr. 5. og 7. gr., geta hlutaðeigandi stjórnvöld í öðru ríki, sem bera fram lögformlega kröfu um skil menningarminja, krafist þess fyrir dómi hér á landi, hvort heldur sem er í einkamáli eða opinberu dómsmáli, að eigendum eða vörslumönnum minjanna verði gert að láta þær af hendi og að mælt verði fyrir um að þeim skuli skilað með lögmætum hætti til þess ríkis er skila krefst. Sé um einkamál að ræða skal það höfðað gegn eiganda minjanna, hvernig sem hann er að minjunum kominn, og jafnframt gegn vörslumanni þeirra sé hann annar en eigandinn. Dómur um skil menningarverðmæta er grundvöllur innsetningargerðar, ef á reynir, en dómi má síðan jafnframt framfylgja með aðstoð sýslumanna, lögreglu og annarra þar til bærra yfirvalda, eftir því sem þörf krefur, fyrir atbeina safnaráðs.

Í kröfu um skil menningarminja, sem hér um ræðir og borin er upp fyrir íslenskum stjórnvöldum og dómstóli, ef á reynir, skal minjunum m.a. lýst svo nákvæmlega sem frekast er kostur, svo og menningarlegu gildi þeirra og verðmæti. Þá skal fylgja kröfu skýr yfirlýsing frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í því ríki er skila krefst um að munirnir hafi verið fluttir úr því ríki með ólögmætum hætti.

Krafa um skil menningarminja skv. 1. mgr. þessarar greinar verður eigi höfð uppi fyrir dómi eftir að eitt ár er liðið frá því að hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki er skila krefst fengu vitneskju um hvar menningarminjarnar eru niðurkomnar og hver sé núverandi eigandi eða vörslumaður þeirra hér á landi. Kröfu um skil verður heldur ekki komið að fyrir dómi þegar liðin eru meira en 30 ár frá því að minjarnar voru fluttar ólöglega frá því ríki er skila krefst. Sé um að ræða minjar sem eru hluti af opinberum söfnum í því ríki er skila krefst eða þær heyra til kirkjulegra minja þar er lúta sérstökum verndarráðstöfunum samkvæmt lögum þess ríkis skal þó kröfufresturinn miðast við 75 ár, nema íslenska ríkið hafi skuldbundið sig til þess, gagnvart hlutaðeigandi ríki, að virða lengri frest.

Það ríki, er krafist hefur skila á menningarverðmætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal bera kostnað af þeim skilum, þar með talið kostnað af málsmeðferð.

Þeir er komist hafa yfir menningarminjar sem þessi grein tekur til án þess að flutningur minjanna til Íslands hafi verið þeim saknæmur eða þeir hafi að öðru leyti öðlast þær með ólögmætum hætti geta krafist hæfilegra bóta frá því ríki er skila krefst vegna þess að þeim er gert að skila minjunum. Verður kröfu um bætur af þessum sökum m.a. komið að í dómsmáli sem höfðað er til skila minjanna eða þar sem krafa um skil er borin upp með öðrum hætti, en jafnframt getur grandlaus eigandi minja, sem skilakrafa beinist að, samið við hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki, er skila krefst, um bætur af þessum sökum. Hefur safnaráð milligöngu um þá samningsgerð eftir því sem þörf gerist. Hafi bótakrafa, sem hér um ræðir, verið viðurkennd með dómi eða liggi fyrir formlegur samningur um bætur, þar

á meðal dómsátt, getur safnaráð gert það að skilyrði fyrir afhendingu minjanna til hlutaðeigandi erlendra stjórnvalda að bætur verði greiddar.

7. gr.

Safnaráð annast framkvæmd ákvæða þessara laga fyrir hönd íslenska ríkisins. Það veitir formleg leyfi til útflutnings menningarminja skv. 2. gr. og jafnframt skv. 4. gr. að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis. Um framkvæmd leyfisveitinga, m.a. um form leyfisskjala, skal farið að nánari reglum er menntamálaráðherra setur. Safnaráð leggur mat á verðgildi menningarminja skv. 3. gr., sbr. og 5. gr., og annast um framkvæmd skila á menningarminjum til annarra ríkja skv. 5. gr.

Ágreiningi um leyfisveitingar eða synjanir útflutnings á þessu sviði má skjóta til menntamálaráðuneytis, sbr. nánar ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Verður þá ekki af útflutningi fyrr en ráðuneytið hefur heimilað hann og lagt fyrir safnaráð að gefa út leyfisbréf þar að lútandi. Til menntamálaráðuneytis má og skjóta ágreiningi um önnur atriði er lúta að framkvæmd ákvæða laga þessara.

Við mat á gildi menningarverðmæta, er hér um ræðir, svo og um meiri háttar álitaefni, skal safnaráð hafa samráð við forstöðumenn þeirra stofnana hér á landi er einkum varðveita þess konar muni sem mál snýst um hverju sinni. Ef þörf gerist skal og leitað álits sérfróðra manna er eigi starfa við stofnanir þær er hér um ræðir.

Safnaráð tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og sömuleiðis ber ráðið fram kröfur til hlutaðeigandi stjórnvalda erlendis um skil menningarminja frá þeim ríkjum hafi þær verið fluttar frá Íslandi með ólögmætum hætti, sbr. 2., 3. og 4. gr., og veitir þeim viðtöku fyrir hönd réttra eigenda eða vörslumanna hérlendis.

Safnaráð skal hafa náið samstarf og samráð við þau stjórnvöld í öðrum ríkjum er fjalla þar um leyfi til útflutnings menningarminja og um skil þeirra, svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig þau mál varða. Þá skal safnaráð leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins með óheimilum hætti. Skulu lögregluyfirvöld aðstoða við þá leit ef þörf gerist.

Tollayfirvöld skulu tafarlaust tilkynna safnaráði um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins og hið sama gildir um ólögmætan útflutning.

Safnaráði til ráðuneytis um allt það er snertir framkvæmd ákvæða þessara laga starfar þriggja manna nefnd kunnáttumanna er menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal ráðherra skipa formann nefndarinnar sérstaklega en nefndin skiptir að öðru leyti með sér störfum. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við val aðalmanna og varamanna, annarra en formanns og varaformanns, skal þess gætt að einn þeirra hafi sérkunnáttu á sviði listfræði, annar á sviði menningarsögu eða fornminjafræði, þriðji á sviði bókfræði og hinn fjórði á sviði skjalfræði. Varði mál, sem undir nefndina er borið, sérsvið varamanns skal hann fjalla um það mál jafnhliða aðalmönnum. Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar.

8. gr.

Hvað varðar kröfur um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum að samningi um Evrópska efnahagssvæðið gilda ákvæði laga þessara um skil á minjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá þeim ríkjum hingað til lands 1. janúar 1995 og síðar. Hið sama tímamark gildir um kröfur íslenskra stjórnvalda um skil menningarminja frá öðrum aðildarríkjum að nefndum samningi.

9. gr.

Hver sá sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum laga þessara á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

10. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum 2.–5. gr. laga þessara varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

12. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði VI. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 60/1996.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

31. maí 2001 Nr. 106

SAFNALÖG.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Yfirstjórn og skipulag.

1. gr.

Í lögum þessum er kveðið á um skipulag lista- og minjasafna í þeim tilgangi að varðveita og kynna menningarsögu íslensku þjóðarinnar og náttúrusögu Íslands.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn málefna minja- og listasafna. Til minjasafna teljast menningarminjasöfn og náttúruminjasöfn.

Menntamálaráðherra skipar safnaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa auk varamanns og Félag íslenskra safnmanna einn fulltrúa auk varamanns. Auk þeirra eiga sæti í ráðinu forstöðumenn höfuðsafna og skulu þeir tilnefna varamenn í sinn stað. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna.

3. gr.

Safnaráð er samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna. Safnaráð hefur eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Safnaráð úthlutar úr safnasjóði, sbr. 10. gr.

II. KAFLI
Safnastarfsemi.

4. gr.

Safn er samkvæmt lögum þessum stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.

5. gr.

Höfuðsöfn eru í eigu íslenska ríkisins og eru miðstöð safnastarfsemi hvert á sínu verksviði. Höfuðsöfn skal stofna með lögum þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra. Höfuðsöfn eru öðrum söfnum til ráðgjafar og stuðla þau að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði.

Höfuðsöfn kalla eftir safnastefnu þeirra safna sem starfa á þeirra sviði. Á fjögurra ára fresti skulu höfuðsöfn semja sameiginlega stefnuyfirlýsingu fyrir það safnasvið sem þau veita forstöðu og skal stefnuyfirlýsing ásamt verkáætlun kynnt safnaráði.

Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu. Þjóðminjasafn Íslands annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningu þeirra, innan lands og utan.

Listasafn Íslands er höfuðsafn á sviði myndlistar. Listasafn Íslands annast heimildasöfnun, kynningu og rannsóknir á íslenskri myndlist.

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Náttúruminjasafn Íslands annast kynningu og sýningar á náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda.

6. gr.

Höfuðsöfn mega ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstök rök mæla með því. Gjafir og fjárframlög til safna eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

7. gr.

Heimilt er að lána gripi eða verk úr söfnum til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra að fenginni umsögn forstöðumanns viðkomandi höfuðsafns og safnaráðs ef um er að ræða gripi sem falla undir ákvæði laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa. Höfuðsöfnum er heimilt að lána um lengri eða skemmri tíma einstaka gripi eða verk til annarra safna eða opinberra stofnana, en tryggilega skal gengið frá varðveislu þeirra og þeir tryggðir eftir því sem forstöðumaður ákveður. Sama regla gildir um söfn sem hljóta styrki á grundvelli laga þessara. Nánari reglur um útlán muna og verka skal setja í reglugerð.

8. gr.

Ekki má nota myndir af gripum eða verkum höfuðsafna sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi viðkomandi forstöðumanns enda sé gætt réttar rétthafa samkvæmt höfundalögum. Sama regla gildir um söfn sem hljóta styrki á grundvelli laga þessara.

9. gr.

Hvert höfuðsafn hefur sjálfstæða fjárveitingu í fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers höfuðsafns til fimm ára.

III. KAFLI
Safnasjóður o.fl.

10. gr.

Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starfsemi safna sem heyra undir lög þessi. Safnaráð úthlutar úr sjóðnum styrkjum til safna samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum sem ráðið setur og menntamálaráðherra staðfestir.

Tekjur sjóðsins eru:

a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
b. önnur framlög.

Öll söfn sem undir lög þessi falla geta sótt um verkefnastyrki til safnasjóðs. Til þess að geta sótt um rekstrarstyrki þarf safn að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Safnið skal hafa sjálfstæðan fjárhag og vera stjórnað af forstöðumanni í a.m.k. hálfu starfi.
2. Safnið skal starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs og skal starfa eftir stefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.
3. Safnið skal rekið óaðfinnanlega að mati safnaráðs og fjárhagsgrundvöllur þess skal vera tryggður.
4. Safnið skal vera opið almenningi daglega á auglýstum tíma a.m.k. þrjá mánuði á ári.
5. Safnið skal bjóða upp á safnfræðslu eftir því sem við verður komið.
6. Safnið skal skrá safngripi eftir viðurkenndu skráningarkerfi.
7. Safnið skal fylgja viðurkenndum alþjóðlegum siðareglum safna.

Höfuðsöfn og önnur söfn, sem rekin eru af ríkinu, geta ekki notið styrkja úr safnasjóði.

11. gr.

Nú vilja stjórnendur safns sem uppfyllir skilyrði laga þessara um rekstrarstyrk, sbr. 10. gr., afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og eiga þeir þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess í fjárlögum enda samþykki safnaráð húsnæðið og stofnkostnað. Framlag ríkissjóðs skal innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun sem stjórnendur safns gera við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast.

12. gr.

Nú telur safnaráð að safni sem hlýtur ríkisstyrk sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengist úr bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir og getur þá menntamálaráðherra svipt safnið ríkisstyrk.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið eru numin úr gildi ákvæði II. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Söfn sem nú starfa samkvæmt sérstökum lögum skulu laga starfsemi sína að lögum þessum innan tveggja ára frá gildistökudegi þeirra. Á þeim tíma skal lokið við að endurskoða löggjöf um starfsemi þeirra.

Ákvæði 5. mgr. 5. gr. sem kveður á um að Náttúruminjasafn Íslands hafi stöðu höfuðsafns kemur ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið sérlög um Náttúruminjasafn Íslands í samræmi við lög þessi. Náttúruminjasöfn eiga eftir sem áður rétt á styrkjum úr safnasjóði á grundvelli 10. gr. með sama hætti og önnur minjasöfn.

II.

Þar til Náttúruminjasafn Íslands hefur verið sett á stofn, sbr. 5. mgr. 5. gr., skal forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands eiga sæti í safnaráði og tilnefna varamann í sinn stað. Eftir þann tíma tekur forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands sæti í safnaráði samkvæmt lögum þessum.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Nr. 107 31. maí 2001

ÞJÓÐMINJALÖG.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Yfirstjórn og skipulag.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Til menningarsögulegra minja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar og gömul mannvirki, kirkjugripir og minningarmörk, forngripir, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Til slíkra minja geta einnig talist staðir sem tengjast menningarsögu.

Þjóðminjar teljast þær minjar er varða menningarsögu Íslendinga sem ákveðið hefur verið að varðveita í Þjóðminjasafni Íslands, í byggðasöfnum eða með friðlýsingu.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar fornleifar og hins vegar forngripir.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu. Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifavernd ríkisins og fornleifanefnd annast framkvæmd þjóðminjavörslunnar svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Þjóðminjavörður og forstöðumaður

Fornleifaverndar ríkisins starfa saman að mörkun stefnu og gerð langtímaáætlunar um þjóðminjavörsluna í heild.

II. KAFLI
Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn.

3. gr.

Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslunnar. Það annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningar þeirra, innan lands og utan. Þjóðminjasafn Íslands er byggðasöfnum og öðrum minjasöfnum til ráðgjafar og stuðlar að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörð, til fimm ára í senn. Skipaður skal maður með sérfræðimenntun og staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins og stjórnunarreynslu.

4. gr.

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum önnur söfn en Þjóðminjasafn Íslands sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem segir í 5. gr., hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar og uppfylla skilyrði um rekstrarstyrki safna samkvæmt safnalögum.

5. gr.

Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar, svo sem forngripi, kirkjugripi, listmuni, nytjahluti, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti og kynna þær almenningi, innan lands og utan. Til slíkra minja geta einnig talist hús sem hafa sérstakt gildi að mati þjóðminjavarðar.

Hverju byggðasafni ber að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlag eða landsfjórðung.

Þjóðminjasafn Íslands skal stuðla að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær.

Í Þjóðminjasafni Íslands skulu varðveittir aflagðir kirkjugripir og þeir gripir sem Fornleifavernd ríkisins og forráðamenn kirkna eru sammála um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður í samráði við Fornleifavernd ríkisins falið viðkomandi byggðasafni varðveislu gripanna.

III. KAFLI
Fornleifavernd ríkisins.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Fornleifaverndar ríkisins til fimm ára í senn. Þá eina má ráða í embættið sem hafa sérfræðimenntun í fornleifafræði eða minjafræði og hafa reynslu af stjórnunarstörfum.

Fornleifavernd ríkisins fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna. Fornleifavernd ríkisins er söfnum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja er heyra undir starfssvið hennar. Fornleifavernd ríkisins hefur eftirlit með öllum fornleifarannsóknum og er hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um skráningu, rannsóknir og varðveislu fornleifa.

7. gr.

Heimilt er að skjóta ákvörðunum Fornleifaverndar ríkisins er varða rétt eða skyldu manna, svo sem ákvörðunum er varða leyfisveitingar og rannsóknir, sbr. 10. gr., stöðvun

framkvæmda, sbr. 13. og 14. gr., og leyfisveitingar, sbr. 15. gr., til úrskurðar fornleifanefndar.

Menntamálaráðherra skipar fornleifanefnd til fjögurra ára í senn. Félög fornleifafræðinga tilnefna tvo fulltrúa og þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar. Skal a.m.k. einn þeirra vera með próf í fornleifafræði og annar með embættispróf í lögfræði. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Fornleifanefnd fjallar eingöngu um mál sem skotið er til hennar á grundvelli 1. mgr.

Menntamálaráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um starfsemi nefndarinnar.

IV. KAFLI
Minjasvæði, fornleifar og forngripir.

8. gr.

Landinu er skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum Fornleifaverndar ríkisins. Í Reykjavík fer borgarminjavörður með minjavörslu. Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins ræður aðra minjaverði er hafa umsjón með minjasvæðum samkvæmt nánari ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins. Þeir eru starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins.

Minjaverðir skulu vera menntaðir fornleifafræðingar eða hafa menntun í menningarsögu. Fornleifavernd ríkisins er heimilt að fela forstöðumanni byggðasafns að gegna hlutverki minjavarðar á viðkomandi minjasvæði samkvæmt sérstökum starfssamningi.

Fornleifavernd ríkisins er heimilt að stofna minjaráð á hverju minjasvæði. Minjaráð skulu skipuð forstöðumönnum allra viðurkenndra byggðasafna á svæðinu ásamt minjaverði. Hlutverk þess er að fjalla um fornminjar og varðveislu þeirra í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

9. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

10. gr.

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Fornleifavernd ríkisins hefur rétt til að láta rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

11. gr.

Fornleifavernd ríkisins lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Fornleifavernd ríkisins lætur skrár þessar í té Þjóðminjasafni Íslands.

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.

Fornleifavernd ríkisins getur afturkallað friðlýsingu og skal afturköllunin auglýst með sama hætti og friðlýsingin.

12. gr.

Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Fornleifavernd ríkisins viðvart. Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal viðkomandi sveitarfélag eða framkvæmdaraðili gera Fornleifavernd ríkisins viðvart með hæfilegum fyrirvara. Fornleifavernd ríkisins ákveður að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins hvort rannsóknar er þörf, hvort friðlýsa beri viðkomandi stað eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum.

13. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

14. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggað geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og

hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Kostnaður Fornleifaverndar ríkisins vegna athugunar á fornleifafundi sem gerð er í því augnamiði að staðfesta eðli og umfang fundarins skal greiddur af stofnuninni.

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað vegna þeirra rannsókna á fornleifum sem Fornleifavernd ríkisins úrskurðar að séu nauðsynlegar vegna athafna hans.

Fornleifavernd ríkisins er heimilt að leiðbeina framkvæmdaraðilum um kostnaðaráætlun, útboð og framkvæmd rannsóknarverkefna.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

15. gr.

Fornleifavernd ríkisins annast eftirlit með rannsóknum á fornleifum í landinu.

Með fornleifarannsókn er átt við hvers kyns jarðrask, sem fram fer í vísindalegum tilgangi og með það að markmiði að rannsaka jarðfastar fornleifar, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á rannsóknarsvæðinu.

Þegar Fornleifavernd ríkisins veitir leyfi til stað- og tímabundinna fornleifarannsókna, sbr. 2. mgr. 6. gr., skal þess gætt að stjórnandi þeirra hafi tilskilda menntun í fornleifafræði. Skal leyfi vera skriflegt hverju sinni og sá sem slíkt leyfi fær hlíta þeim reglum sem Fornleifavernd ríkisins setur þar að lútandi, svo sem um skil á rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra og um skil á gripum sem finnast við rannsóknina, sbr. 18. gr.

Fornleifavernd ríkisins skal taka afstöðu til fram kominna umsókna um rannsóknarleyfi svo fljótt sem við verður komið.

Fornleifavernd ríkisins skal leitast við að bjóða út þær fornleifarannsóknir sem hún telur nauðsynlegar á hverjum tíma.

16. gr.

Óheimil er notkun málmleitartækja eða annars tækjabúnaðar við leit að forngripum í jörðu nema með sérstöku leyfi þjóðminjavarðar.

17. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs friðlýstum fornleifum.

18. gr.

Forngripir eru lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri. Þegar forngripir finnast sem liggja eða legið hafa í jörðu skal finnandi tilkynna Fornleifavernd ríkisins fundinn svo fljótt sem við verður komið.

Finnandi skal ekki hagga við fundinum nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu með því að ella væri hætta á að munir spilltust eða færu forgörðum. Ákvæði 1. mgr. taka til allra muna sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og einnig til leifa af líkömum manna og dýra sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum. Allir munir, sem grein þessi fjallar um, sem og 15. gr., eru eign ríkisins. Skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Ef upp kemur ágreiningur um hvar varðveita skuli forngripi sker þjóðminjavörður úr.

19. gr.

Finnandi forngrips á rétt á greiðslu að mati Fornleifaverndar ríkisins vegna útgjalda sem hann hefur haft vegna fundarins. Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal gullpeningar eða silfurpeningar, og skal þá Fornleifavernd ríkisins meta málmverð hlutar-

ins og leggja ofan á tíu af hundraði. Skal annar helmingur fjárhæðarinnar greiddur finnanda en hinn landeiganda. Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

V. KAFLI
Kirkjugripir og minningarmörk.

20. gr.

Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins ákveður í samráði við þjóðminjavörð friðlýsingu og varðveislu kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur friðunarverða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra. Gripir hverrar kirkju sem friðlýstir eru skulu skráðir sérstaklega.

Munir, sem á friðlýsingarskrá eru teknir skv. 1. mgr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu nema með leyfi forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins. Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi.

21. gr.

Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins friðlýsir þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum sem hann telur rétt að vernda vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Halda skal nákvæmar skrár yfir minningarmörk og skulu minningarmörk í hverjum kirkjugarði skráð sérstaklega. Minningarmörk sem tekin eru á friðlýsingarskrá eru friðhelg. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka svo sem segir í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993.

22. gr.

Fornleifavernd ríkisins heldur skrár skv. 20. og 21. gr. og lætur þær í té sóknarprestum, próföstum og sóknarnefndum sem hlut eiga að máli.

23. gr.

Sé kirkja lögð niður skulu gripir hennar renna til Þjóðminjasafns Íslands eða til annarra kirkna að höfðu samráði milli forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins, þjóðminjavarðar og biskups eða prófasts. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur sem safnaðarkirkjur. Þjóðminjasafn Íslands skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða.

VI. KAFLI
Fornleifasjóður.

24. gr.

Fornleifasjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornleifum og forngripum. Menntamálaráðherra skipar fornleifasjóði þriggja manna stjórn sem úthlutar úr sjóðnum styrkjum til rannsóknar- og varðveisluverkefna og ber stjórnin ábyrgð á umsýslu sjóðsins. Menntamálaráðherra setur sjóðnum sérstakar úthlutunarreglur. Stjórn fornleifasjóðs skal þannig skipuð: Einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera fornleifafræðingur. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Tekjur sjóðsins eru:

1. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
2. önnur framlög.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

25. gr.

Hver sá sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum IV. kafla laga þessara á rétt á skaðabótum úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

26. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

27. gr.

Brot gegn ákvæðum 10.–15. gr., 18. gr., 20. gr. og 21. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

28. gr.

Fornleifavernd ríkisins skal a.m.k. árlega birta skrár þær sem stofnuninni ber að færa samkvæmt lögum þessum.

29. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Í reglugerðinni skal m.a. kveða nánar á um samstarf Fornleifaverndar ríkisins, Þjóðminjasafns Íslands og húsafriðunarnefndar.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda innan þriggja mánaða frá gildistöku þeirra. Með lögum þessum falla úr gildi ákvæði I., II., III., IV. og VII. kafla laga nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð þjóðminjaráðs og fornleifanefndar samkvæmt lögum nr. 88/1989, með síðari breytingum, fellur niður við gildistöku laganna. Ný fornleifanefnd skal skipuð innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

Leyfi til fornleifarannsókna sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu.

Starfandi þjóðminjavörður gegnir embætti sínu í allt að þrjá mánuði frá gildistöku laga þessara eða þar til skipað hefur verið í embætti þjóðminjavarðar, sbr. 3. gr., og forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins, sbr. 6. gr., og skal embætti hans lagt niður frá og með þeim tíma.

Þeir starfsmenn sem eru fastráðnir hjá Þjóðminjasafni Íslands við gildistöku laga þessara skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri annaðhvort hjá Fornleifavernd ríkisins eða hjá Þjóðminjasafni Íslands samkvæmt nánara samkomulagi við forstöðumenn stofnananna. Breyting á starfsstöð starfsmannanna sem lög þessi hafa í för með sér felur því ekki í sér niðurlagningu starfa þeirra í skilningi starfsmannalaga, nr. 70/1996, og gilda þau ákvæði því ekki um þá.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Stjórnartíðindi A 15, nr. 99–107. Útgáfudagur 17. júlí 2001.

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 – 2001

27. júní 2001 245 Nr. 108

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 27. júní 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

28. júní 2001 Nr. 109

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 28. júní 2001.

F. h. r.
Ólafur Davíðsson.

2. júlí 2001 Nr. 110

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 2. júlí 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda þann 15. júlí nk.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 13. júlí 2001.

F. h. r.
Guðmundur Árnason.

Nr. 112 7. ágúst 2001

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 7. ágúst 2001.

F. h. r.
Ólafur Davíðsson.

Guðmundur Árnason.

Nr. 113 24. ágúst 2001

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 24. ágúst 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 27. ágúst 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

5. september 2001 Nr. 115

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 1. október 2001.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 1. október 2001.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 5. september 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 – 2001

Nr. 116 248 17. september 2001

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 17. september 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 117 22. september 2001

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 22. september 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til þess að ríkissjóður geti tímabundið tekist á hendur tryggingu eða endurtryggingu gegn bótaábyrgð sem íslensk flugfélög kunni að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika. Í lána- og flugvélaleigusamningum íslenskra flugrekenda sem stunda flug til og frá Íslandi og utan lands sé almennt kveðið á um að viðkomandi flugrekandi skuli vátryggður fyrir nánar tiltekinni lágmarksfjárhæð gegn hverju einstöku tjóni af völdum viðkomandi loftfars sem verði hjá þriðja aðila vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka og áþekkra atvika. Eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum hinn 11. september sl. og vegna þeirrar óvissu sem ríkt hafi í kjölfarið hafi vátryggingarfélög um allan heim sagt upp slíkum ábyrgðartryggingum og tilkynnt flugrekendum að þau muni aðeins veita lítinn hluta af þeirri vátryggingavernd sem þau hafa veitt til þessa. Þessi breyting taki gildi á miðnætti 24. september 2001. Lánveitendur íslenskra flugrekenda og eigendur flugvéla sem þeir nota hafi tilkynnt að það feli í sér vanefndir á viðkomandi láns- og flugvélaleigusamningum uppfylli ábyrgðartryggingar ekki áfram áskilnað viðkomandi samninga. Þótt talsverðar líkur séu taldar á að fljótlega verði unnt að fá keyptar einhverjar viðbótartryggingar á alþjóðlegum tryggingamörkuðum sé ljóst að það muni ekki standa til boða áður en núgildandi ábyrgðartryggingar falla úr gildi. Því liggi fyrir að allt flug íslenskra flugrekenda til og frá landinu og erlendis muni stöðvast á miðnætti mánudaginn 24. september 200l ef ekki hafi fyrir þann tíma tekist að veita þeim nauðsynlegar viðbótartryggingar. Flugfélög um allan heim hafi leitað eftir því hjá stjórnvöldum í heimaríkjum sínum að þau takist á hendur nauðsynlegar ábyrgðartryggingar og hafi í mörgun tilvikum þegar fengist staðfesting á að það verði gert. Sums staðar sé til athugunar að þetta verði gert í formi endurtryggingar ríkisins á ábyrgðartryggingu sem flugrekandi taki hjá vátryggingarfélagi. Á fundi efnahags- og fjármálaráðherra Evrópusambandsins hinn 22. september sl. hafi verið samþykkt að við ríkjandi aðstæður gengi tímabundinn stuðningur ríkisstjórna sambandsins við að veita flugrekendum nauðsynlegar ábyrgðartryggingar ekki gegn meginreglum sambandsins og væri miðað við að slíkar stuðningsaðgerðir gætu staðið í einn mánuð. Afar brýnt sé að flugrekstur íslenskra flugfélaga stöðvist ekki. Ekki verði séð að koma megi í veg fyrir það nema ríkissjóður geti tímabundið veitt flugrekendum tilskilda ábyrgðartryggingu, endurtryggt vátryggingarfélag sem slíka tryggingu veitir eða tekið þátt í samstarfi nágrannaríkja um slíkt, ef þess verði kostur. Lagaheimildar sé þörf til þess að ríkissjóður geti átt atbeina að því að veita nauðsynlegar tryggingar.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Ríkissjóði er heimilt að veita tryggingu eða endurtryggingu gegn bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns af notkun loftfars sem stafar af hernaðaraðgerðum, hryðjuverkum eða áþekkum atvikum. Trygging ríkissjóðs skal vera í formi viðbótartryggingar við eða endurtryggingar á viðbótartryggingu við ábyrgðartryggingu sem flugrekendur geta keypt á almennum markaði. Tryggingin skal að hámarki

tryggja það sem á vantar að vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar sem unnt er að kaupa á almennum markaði nái þeirri lágmarks fjárhæð ábyrgðartryggingar sem viðkomandi flugrekandi hefur skuldbundið sig gagnvart þriðja aðila til þess að hafa í gildi.

Binda má veitingu tryggingar samkvæmt 1. mgr. þeim skilyrðum og skilmálum sem ríkissjóður álítur nauðsynleg. Heimilt skal að áskilja ríkissjóði gjald fyrir þá tryggingu sem ríkissjóður lætur í té.

2. gr.

Trygging sem ríkissjóður veitir á grundvelli heimildar samkvæmt 1. gr. skal vera tímabundin og má eigi gilda lengur en til 25. október 2001.

Trygging ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. skal hafa að geyma áskilnað um rétt ríkisjóðs til þess að segja tryggingu upp á gildistíma hennar ef áhættustig í flugsamgöngum vex eða vátryggjendur hefja að bjóða viðbótar ábyrgðartryggingar.

3. gr.

Ríkissjóði skal í því skyni að dreifa áhættu ríkissjóðs af veitingu trygginga samkvæmt 1. gr. heimilt að taka þátt í samstarfi við önnur ríki um veitingu eða endurtryggingu ábyrgðartrygginga á borð við þær sem um ræðir í 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 23. september 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L.S.)

Davíð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 18 – 2001

9. október 2001 251 Nr. 119

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

		A %	A1 kr/kg	E %
	1. gr.			
	Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:			
1.	Á 2. kafla:			
	Tollskrárnúmer 0208.9007 bætist við undirlið 0208.90 og orðist svo:			
	0208.9007 – – Hvalkjöt og aðrar hvalaafurðir, nýtt eða kælt	30	363	
2.	Á 23. kafla:			
	Tollskrárnúmer 2309.9005 bætist við undirlið 2309.90 og orðist svo:			
	2309.9005 – – Fiskmelta	55		
3.	Á 84. kafla:			
	a) Undirliður 8430.69 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:			
	– – Annars:			
	– – – Moksturs- og graftarbúnaður framan á almennar hjóladráttarvélar:			
	8430.6911 – – – – Nýr	0		
	8430.6919 – – – – Notaður	0		
	8430.6990 – – – Annar	0		
	b) Vöruliðir 8432, 8433, 8434 og 8436 orðist svo:			
8432	**Landbúnaðar-, garðyrkju- eða skógræktarvélbúnaður til vinnslu jarðvegs og ræktunar; valtarar fyrir húsgarða eða íþróttavelli:**			
	– Plógar:			
	8432.1001 – – Nýir	0		
	8432.1009 – – Notaðir	0		
	– Herfi, hreykivélar, arfatætarar og vélar til að skrapa og losa jarðveg:			
	– – Diskaherfi:			

Gutenberg

		A %	A1 kr/kg	E %
8432.2101	– – – Ný		0	
8432.2109	– – – Notuð	0		
	– – Annað:			
8432.2901	– – – Nýtt	0		
8432.2909	– – – Notað	0		
	– Vélar til að sá, planta og umplanta:			
8432.3001	– – Nýjar	0		
8432.3009	– – Notaðar	0		
	– Mykjudreifarar og áburðardreifarar:			
8432.4001	– – Nýir	0		
8432.4009	– – Notaðir	0		
	– Annar vélbúnaður:			
8432.8001	– – Nýr	0		
8432.8009	– – Notaður	0		
8432.9000	– Hlutar	0		
8433	**Uppskeru- eða þreskivélar, þar með taldar strá- eða fóðurbaggavélar; gras- eða heysláttuvélar; vélar til að hreinsa, aðgreina eða flokka egg, ávexti eða aðrar landbúnaðarafurðir, þó ekki vélbúnaður í nr. 8437:**			
	– Sláttuvélar fyrir húsgarða, útivistarsvæði eða íþróttavelli:			
8433.1100	– – Vélknúnar, með sláttubúnaði sem snýst í láréttum fleti	0		
8433.1900	– – Aðrar	0		
	– Aðrar sláttuvélar, þar með taldar sláttugreiður á dráttarvélar:			
8433.2001	– – Nýjar	0		
8433.2009	– – Notaðar	0		
	– Aðrar heyvinnuvélar:			
	– – Rakstrar- og snúningsvélar:			
8433.3011	– – – Nýjar	0		
8433.3019	– – – Notaðar	0		
	– – Annars:			
8433.3091	– – – Nýtt	0		
8433.3099	– – – Notað	0		
	– Strá- eða fóðurbaggavélar, þar með taldar baggatínur:			
8433.4001	– – Nýjar	0		
8433.4009	– – Notaðar	0		
	– Aðrar uppskeruvélar; þreskivélar:			
	– – Sambyggðar uppskeruþreskivélar:			
8433.5101	– – – Nýjar	0		
8433.5109	– – – Notaðar	0		
	– – Aðrar þreskivélar:			
8433.5201	– – – Nýjar	0		
8433.5209	– – – Notaðar	0		
	– – Rótar- eða hnýðisuppskeruvélar:			
8433.5301	– – – Nýjar	0		

		A %	A1 kr/kg	E %
8433.5309	– – – Notaðar	0		
	– – Annars:			
8433.5901	– – – Nýjar	0		
8433.5909	– – – Notaðar	0		
	– Vélar til að hreinsa, aðgreina eða flokka egg, ávexti eða aðrar landbúnaðarafurðir:			
	– – Rafknúnar eða rafstýrðar:			
8433.6011	– – – Nýjar	0		
8433.6019	– – – Notaðar	0		
	– – Aðrar:			
8433.6091	– – – Nýjar	0		
8433.6099	– – – Notaðar	0		
8433.9000	– Hlutar	0		
8434	**Mjaltavélar og mjólkurbúsvélar:**			
	– Mjaltavélar:			
8434.1001	– – Nýjar	0		
8434.1009	– – Notaðar	0		
	– Mjólkurbúsvélar:			
	– – Rafknúnar eða rafstýrðar:			
8434.2011	– – – Nýjar	0		
8434.2019	– – – Notaðar	0		
	– – Aðrar:			
8434.2091	– – – Nýjar	0		
8434.2099	– – – Notaðar	0		
8434.9000	– Hlutar	0		
8436	**Annar vélbúnaður til landbúnaðar, garðyrkju, skógræktar, alifugla- eða býflugnaræktar, þar með talin spírunartæki með vélrænum útbúnaði eða hitabúnaði; útungunarvélar og ungamæður:**			
	– Vélbúnaður til að laga dýrafóður:			
	– – Rafknúinn eða rafstýrður:			
8436.1011	– – – Nýr	0		
8436.1019	– – – Notaðar	0		
	– – Annars:			
8436.1091	– – – Nýr	0		
8436.1099	– – – Notaðar	0		
	– Vélbúnaður til alifuglaræktar; útungunarvélar og ungamæður:			
	– – Útungunarvélar og ungamæður:			
8436.2101	– – – Nýjar	0		
8436.2109	– – – Notaðar	0		
	– – Annað:			
	– – – Rafknúið eða rafstýrt:			
8436.2911	– – – – Nýtt	0		
8436.2919	– – – – Notað	0		

		A %	A1 kr/kg	E %
	– – – Annars:			
8436.2991	– – – – Nýtt	0		
8436.2999	– – – – Notað	0		
	– Annar vélbúnaður:			
	– – Rafknúinn eða rafstýrður:			
8436.8011	– – – Nýr	0		
8436.8019	– – – Notaðar	0		
	– – Annars:			
8436.8091	– – – Nýr	0		
8436.8099	– – – Notaðar	0		
	– Hlutar:			
8436.9100	– – Til vélbúnaðar til alifuglaræktar eða útungunarvéla og ungamæðra	0		
8436.9900	– – Aðrir	0		

4. Á 85. kafla:
Tollskrárnúmer 8518.3000 skiptist upp og orðist svo:

	– Heyrnartól, eyrnartól og sambyggð hljóðnema/hátalarasett:			
8518.3001	– – Handfrjáls búnaður fyrir farsíma	7,5	0	
8518.3009	– – Annað	7,5	0	

5. Á 87. kafla:
a) Tollskrárnúmer 8701.1000 skiptist upp og orðist svo:

	– Dráttarvélar stjórnað af gangandi:			
8701.1001	– – Nýjar	0		
8701.1009	– – Notaðar	0		

b) Tollskárnúmer 8701.9001 og 8701.9002 verða númer 8701.9010 og 8701.9020.

c) Tollskrárnúmer 8701.9009 skiptist upp og orðist svo:

	– – Annars:			
8701.9091	– – – Nýtt	0		
8701.9099	– – – Notað	0		

d) Tollskrárnúmer 8716.2001 skiptist upp og orðist svo:

	– – Að heildarþyngd 750 kg eða minna:			
8716.2011	– – – Nýir	0		
8716.2019	– – – Notaðir	0		

e) Tollskrárnúmer 8716.2009 skiptist upp og orðist svo:

	– – Aðrir:			
8716.2091	– – – Nýir	0		
8716.2099	– – – Notaðir	0		

f) Tollskrárnúmer 8716.3901 skiptist upp og orðist svo:

	– – – Að heildarþyngd 750 kg eða minna:			

		A %	A1 kr/kg	E %
8716.3911	– – – – Nýtt	0		
8716.3919	– – – – Notað	0		
	g) Tollskrárnúmer 8716.3902 skiptist upp og orðist svo:			
	– – – Að heildarþyngd meira en 750 kg til og með 5 tonnum:			
8716.3921	– – – – Nýtt	0		
8716.3929	– – – – Notað	0		
	h) Tollskrárnúmer 8716.3909 skiptist upp og orðist svo:			
	– – – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:			
8716.3991	– – – – Nýtt	0		
8716.3999	– – – – Notað	0		
6.	Á 95. kafla:			
	Tollskrárnúmer 9507.1000 skiptist upp og orðist svo:			
	– Veiðistangir:			
9507.1001	– – Nýjar	10		0
9507.1009	– – Notaðar	10		0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra vara sem ótollafgreiddar eru við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytinu, 9. október 2001.

F. h. r.

Maríanna Jónasdóttir.

Lilja Sturludóttir.

Endurprentað blað.

LÖG

um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóði er heimilt að veita tryggingu eða endurtryggingu gegn bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns af notkun loftfars sem stafar af hernaðaraðgerðum, hryðjuverkum eða áþekkum atvikum. Trygging ríkissjóðs skal vera í formi viðbótartryggingar við eða endurtryggingar á viðbótartryggingu við ábyrgðartryggingu sem flugrekendur geta keypt á almennum markaði. Tryggingin skal að hámarki tryggja það sem á vantar að vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar sem unnt er að kaupa á almennum markaði nái þeirri lágmarksfjárhæð ábyrgðartryggingar sem viðkomandi flugrekandi hefur skuldbundið sig gagnvart þriðja aðila til þess að hafa í gildi.

Binda má veitingu tryggingar skv. 1. mgr. þeim skilyrðum og skilmálum sem ríkissjóður álítur nauðsynleg. Heimilt skal að áskilja ríkissjóði gjald fyrir þá tryggingu sem ríkissjóður lætur í té.

2. gr.

Trygging sem ríkissjóður veitir á grundvelli heimildar skv. 1. gr. skal vera tímabundin og má eigi gilda lengur en til ársloka 2001.

Trygging ríkissjóðs skv. 1. gr. skal hafa að geyma áskilnað um rétt ríkissjóðs til þess að segja tryggingu upp á gildistíma hennar ef áhættustig í flugsamgöngum vex eða vátryggjendur hefja að bjóða viðbótarábyrgðartryggingar.

3. gr.

Ríkissjóði skal í því skyni að dreifa áhættu ríkissjóðs af veitingu trygginga skv. 1. gr. heimilt að taka þátt í samstarfi við önnur ríki um veitingu eða endurtryggingu ábyrgðartrygginga á borð við þær sem um ræðir í 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. október 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 – 2001

16. nóvember 2001 257 Nr. 121

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fer til útlanda í dag.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 16. nóvember 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

27. nóvember 2001 Nr. 122

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 27. nóvember 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Gutenberg

LÖG

um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986, nr. 25/1990 og nr. 19/1993.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru í Lundúnum 19. nóvember 1981, 19. nóvember 1987, 19. október 1989 og 4. nóvember 1993.

2. gr.

Í fylgiskjali með lögunum verða þær breytingar sem greinir í fylgiskjali með lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Breytingar á alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 3. reglu:
   a. Í stað orðanna „Meðal skipa með takmarkaða stjórnhæfni má telja“ í 2. mgr. g-liðar kemur: Hugtakið „skip með takmarkaða stjórnhæfni“ nær til, en takmarkast þó ekki við.
   b. 3. tölul. 2. mgr. g-liðar orðast svo: skip við móttöku eða losun eldsneytis, vista og farms skipa á milli eða við flutning manna, vista eða farms meðan skipið er laust.
2. Í stað orðsins „dyggilega“ í 5. reglu kemur: dyggilegan.
3. Eftirfarandi breytingar verða á 10. reglu:
   a. Í stað orðsins „siglingaleiðar“ í 1. tölul. b-liðar kemur: einstefnuleiðar.
   b. Í stað orðsins „siglingaleið“ í 3. tölul. b-liðar kemur: einstefnuleið.
   c. Í stað orðanna „afmarkaða siglingaleið“ í c-lið kemur: afmarkaðar einstefnuleiðir, og í stað orðanna „hinnar afmörkuðu siglingaleiðar“ kemur: skipaumferðarinnar.
   d. 1. tölul. d-liðar orðast svo: Skip á ekki að sigla strandleið þegar það getur með öryggi siglt eftir þeirri einstefnuleið er við á í aðskilinni siglingaleið sem næst liggur. Þó mega skip, sem eru styttri en 20 metrar, seglskip og skip að fiskveiðum sigla strandleiðina.
   e. Í stað orðanna „Að jafnaði má ekki sigla skipi yfir svæði“ í 1. mgr. e-liðar kemur: Að jafnaði má ekki sigla skipi inn á svæði.

4. A-liður 14. reglu orðast svo: Þegar tvö vélskip mætast á gagnstæðum stefnum eða því nær gagnstæðum stefnum, svo að hætta er á árekstri, skulu bæði víkja til stjórnborða, svo að þau komist hvort framhjá öðru á bakborða.
5. Í stað orðanna „torvelda góða útsýn frá skipinu“ í b-lið 20. reglu kemur: torvelda að halda dyggilegan útvörð á skipinu.
6. 2. tölul. c-liðar 23. reglu orðast svo: Vélskip, sem er styttra en 7 metrar og siglir með 7 sjómílna hámarkshraða á klukkustund, má hafa uppi hvítt hringljós í stað þeirra ljósa, sem kveðið er á um í a-lið þessarar reglu, og skal einnig hafa uppi hliðarljós, ef framkvæmanlegt er.
7. Í stað orðanna „svo sem að varpa ljósi á dráttartaugina“ í i-lið 24. reglu kemur: sérstaklega með því að lýsa upp dráttartaugina.
8. Eftirfarandi breytingar verða á 26. reglu:
   a. Orðin „á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi körfu“ í 1. tölul. b-liðar falla brott.
   b. Orðin „á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi körfu“ í 1. tölul. c-liðar falla brott.
   c. D-liður orðast svo: Viðbótarmerki, sem lýst er í II. viðauka við þessar reglur, á við skip sem er að fiskveiðum rétt í námunda við önnur skip að fiskveiðum.
9. Eftirfarandi breytingar verða á I. viðauka:
   a. 2. tölul. f-liðar 2. hluta, *Lóðrétt staðsetning siglingaljósa og fjarlægð á milli þeirra,* orðast svo: Sé óframkvæmanlegt að hafa hringljósin, sem fyrirskipuð eru í 1. gr. b-liðar 27. reglu eða 28. reglu, undir sigluljósunum, má koma þeim fyrir ofan við aftara sigluljósið(in) eða lóðrétt milli fremra(i) og aftara(i) sigluljóssins (sigluljósanna), svo fremi að framfylgt verði ákvæðum c-liðar 3. hluta þessa viðauka.
Bátum sem krókaaflamarksleyfi fengu 1. september 2001 skal á fiskveiðiárinu 2001/2002 úthlutað aflahlutdeild í keilu, löngu og karfa á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á tímabilinu 1. júní 1998 til 31. maí 2001. Að úthlutun lokinni skal endurreikna aflahlutdeild og aflamark allra fiskiskipa í keilu, löngu og karfa að teknu tilliti til þeirra breytinga sem stafa af þessari úthlutun.

Á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal enn fremur úthluta bátum með krókaaflamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 200 lestum af ýsu og 600 lestum af steinbít sem skiptist milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á fiskveiðiárinu 1999/2000 eða 2000/2001, að vali útgerðar. Þetta aukna aflamark ýsu og steinbíts á fiskveiðiárinu 2001/2002 kemur til viðbótar því heildarmagni sem ákveðið er í 1. mgr. þessa ákvæðis.

Við ákvörðun veiðireynslu samkvæmt þessu ákvæði skal taka tillit til flutnings veiðileyfa milli krókabáta.

Útgerðum báta, sem á fiskveiðiárinu 2000/2001 stunduðu línu- eða handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga með föstu þorskaflahámarki, er heimilt að velja á milli veiðileyfis með krókaaflamarki og veiðileyfis til handfæraveiða með dagatakmörkunum, enda hafi ekki verið flutt af bátnum krókaaflahlutdeild eða krókaaflamark. Skulu útgerðir tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 15. febrúar 2002. Tilkynni útgerðir ekki um val fyrir þau tímamörk skal bátum þeirra úthlutað veiðileyfi með krókaaflamarki. Velji útgerð veiðileyfi með dagatakmörkunum fyrir bát reiknast róðrardagar hans fyrir útgáfu veiðileyfisins til leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiárinu 2001/2002.

b. (II.)

Á tímabilinu 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2002 og á fiskveiðiárinu 2002/2003 er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að allt að 5% heildarafla hvors tímabils í botnfiski reiknist ekki til aflamarks skipsins, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
2. Aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Sé framangreind heimild nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla til Hafrannsóknastofnunarinnar að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 6. og 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV við lög nr. 38 15. maí 1990, sbr. 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II við lög nr. 1 14. janúar 1999 og a-lið 3. gr. laga nr. 93 22. maí 2000.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „922 kr.“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 1.018 kr., og í stað „350.000 kr.“ í sömu málsgrein kemur: 387.000 kr.

2. gr.

Í stað „1.230 kr.“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: 1.358 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

STJÓRNARTÍÐINDI A 23 – 2001

12. desember 2001 381 Nr. 131

FORSETAÚRSKURÐUR

um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu utanríkisráðherra og með vísan til 4. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. a. Sendiráð skulu vera í Berlín, Brussel, Helsinki, Kaupmannahöfn, London, Mapútó, Moskvu, Ottawa, Ósló, París, Peking, Stokkhólmi, Tókýó og Washington. Sendiráðið í París skal jafnframt gegna hlutverki fastanefndar hjá nánar tilteknum alþjóðastofnunum.
   b. Fastanefndir skulu vera í Brussel, Genf, New York, Strassborg og Vín. Fastanefndirnar í Genf, New York, Strassborg og Vín skulu jafnframt gegna hlutverki sendiráðs gagnvart nánar tilteknum ríkjum.
   c. Aðalræðisskrifstofur skulu vera í New York og Winnipeg.
2. Umdæmi sendiráða skulu vera sem hér segir:
   a. **Berlín**. Auk Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Króatía, Pólland og Sviss.
   b. **Brussel**. Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Marokkó, Liechtenstein og Lúxemborg. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra Íslands hjá Evrópusambandinu (ESB/EU).
   c. **Helsinki**. Auk Finnlands skal umdæmi sendiráðsins vera Eistland, Lettland og Úkraína.
   d. **Kaupmannahöfn**. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ísrael, Litháen, Malta, Rúmenía og Tyrkland.
   e. **London**. Auk Bretlands skal umdæmi sendiráðsins vera Grikkland, Holland, Indland, Írland, Maldíveyjar, Nepal og Nígería.
   f. **Mapútó**. Auk Mósambík skal umdæmi sendiráðsins vera Malaví, Namibía, Suður-Afríka og Úganda.
   g. **Moskva**. Auk Rússlands skal umdæmi sendiráðsins vera Armenía, Aserbaídsjan, Georgía, Hvíta-Rússland, Kasakstan, Kirgisía, Moldóva, Tadsjikistan, Túrkmenistan og Úsbekistan.
   h. **Ottawa**. Umdæmi sendiráðsins skal vera Kanada.
   i. **Ósló**. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Egyptaland, Makedónía (fyrrum Sambandslýðveldi Júgóslavíu), Kýpur og Tékkland.
   j. **París**. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Andorra, Ítalía, Portúgal, San Marínó og Spánn. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) í Róm á Ítalíu.
   k. **Peking**. Auk Kína skal umdæmi sendiráðsins vera Ástralía, Indónesía, Mongólía, Norður-Kórea (Alþýðulýðveldið Kórea), Nýja-Sjáland, Suður-Kórea (Lýðveldið Kórea), Taíland og Víetnam.

l. **Stokkhólmur**. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Albanía, Bangladess, Búlgaría, Júgóslavía (Serbía-Svartfjallaland), Pakistan og Srí Lanka.
m. **Tókýó**. Umdæmi sendiráðsins skal vera Japan.
n. **Washington**. Auk Bandaríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Argentína, Brasilía, Chile, Gvatemala, Kostaríka, Kólumbía, Mexíkó, Níkaragva, Perú, Úrúgvæ og Venesúela.

3. Fyrirsvar fastanefnda skal vera sem hér segir:
a. **Brussel**. Auk Atlantshafsbandalagsins (NATO) og stofnana tengdra því skal fastanefndin fara með fyrirsvar gagnvart Vestur-Evrópusambandinu (VES/WEU) og Stofnuninni um bann við efnavopnum (OPCW) í Haag í Hollandi.
b. **Genf**. Auk Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) skal fastanefndin fara með fyrirsvar gagnvart skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf, Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), Alþjóðafjarskiptasambandinu (ITU), Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO), Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO) og Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO). Jafnframt skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs gagnvart Slóveníu.
c. **New York**. Auk þess að fara með fyrirsvar gagnvart Sameinuðu þjóðunum í New York skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs. Umdæmi þess skal vera eftirtalin ríki Karíbahafs: Bahamaeyjar, Barbadoseyjar, Grenada og Kúba.
d. **Strassborg**. Auk þess að fara með fyrirsvar gagnvart Evrópuráðinu skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs gagnvart Páfagarði.
e. **Vín**. Auk Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE/OSCE) skal fastanefndin fara með fyrirsvar gagnvart Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) og skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vín. Jafnframt skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs gagnvart Austurríki, Bosníu og Hersegóvínu, Slóvakíu og Ungverjalandi.

4. Umdæmi aðalræðisskrifstofa skal vera sem hér segir:
a. **New York**. Auk New York fylkis skal umdæmi aðalræðisskrifstofunnar vera fylkin Connecticut, New Jersey og Rhode Island.
b. **Winnipeg**. Umdæmi aðalræðisskrifstofunnar skal vera héraðið Manitoba, að undanskilinni borginni Gimli.

5. Utanríkisráðuneytið fer með fyrirsvar gagnvart öðrum ríkjum sem Ísland hefur stjórnmálasamband við, m.a. með skipun sendiherra með búsetu í Reykjavík eftir því sem ástæða er til:
a. **Ameríka**: Panama.
b. **Afríka (sunnan Sahara)**: Angóla, Botsvana, Eþíópía, Gana, Grænhöfðaeyjar, Kenía, Lesótó, Níger, Seychelleseyjar, Sómalía, Svasíland og Tansanía.
c. **Mið-Austurlönd (ásamt Norður-Afríku)**: Alsír, Barein, Írak, Íran, Jórdanía, Kúveit, Líbanon, Óman, Sádi-Arabía og Túnis.
d. **Asía**: Filippseyjar og Singapúr.
e. **Eyjaálfa**: Marshalleyjar.

Úrskurður þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 134 frá 31. desember 1999.

Gjört á Bessastöðum, 12. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Vöruliðir 2401, 2402 og 2403 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

		A %	E %
2401	**Óunnið tóbak; tóbaksúrgangur:**		
	– Tóbak, ekki afstilkað/strípað:		
2401.1001	– – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða	0	
2401.1009	– – Annað	0	
	– Tóbak, að öllu eða nokkru leyti afstilkað/strípað:		
2401.2001	– – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða	0	
2401.2009	– – Annað	0	
	– Tóbaksúrgangur:		
2401.3001	– – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða	0	
2401.3009	– – Annar	0	
2402	**Vindlar, einnig endaskornir, smávindlar og vindlingar, úr tóbaki eða tóbakslíki:**		
	– Vindlar, einnig endaskornir, og smávindlar, með tóbaksinnihaldi:		
2402.1001	– – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða	0	
2402.1009	– – Aðrir	0	
	– Vindlingar með tóbaksinnihaldi:		
2402.2001	– – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða	0	
2402.2009	– – Aðrir	0	
	– Annað:		
	– – Vindlar og smávindlar úr tóbakslíki:		
2402.9011	– – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða	0	
2402.9019	– – – Aðrir	0	
	– – Annars:		
2402.9091	– – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða..	0	
2402.9099	– – – Aðrir	0	

		A %	E %
2403	**Önnur framleiðsla úr tóbaki og framleitt tóbakslíki; jafnblandað eða endurunnið tóbak; tóbakskjarnar og tóbaksseyði:**		
	– Reyktóbak, einnig með einhverju tóbakslíki:		
2403.1001	– – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða	0	
2403.1009	– – Annað	0	
	– Annað:		
	– – Jafnblandað eða endurunnið tóbak:		
2403.9101	– – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða	0	
2403.9109	– – – Annað	0	
	– – Annars:		
	– – – Neftóbak sem inniheldur solutio ammoniae:		
2403.9911	– – – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða	0	
2403.9919	– – – – Annað	0	
	– – – Annað neftóbak:		
2403.9921	– – – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða	0	
2403.9929	– – – – Annað	0	
	– – – Annað:		
2403.9991	– – – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða	0	
2403.9999	– – – – Annars	0	

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi hinn 1. janúar 2002 og tekur til allra vara sem ótollafgreiddar eru við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytinu, 17. desember 2001.

F. h. r.

Ragnheiður Snorradóttir.

Jóna Björk Guðnadóttir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „Hlutafélögum“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: samlagshlutafélögum.
b. Í stað orðsins „Sameignarfélögum“ í 1. málsl. 3. tölul. 1. mgr. kemur: Samlagsfélögum og sameignarfélögum.
c. Í stað orðsins „sameignarfélag“ í 3. málsl. 3. tölul. 1. mgr. kemur: samlagsfélag eða sameignarfélag.
d. Í stað orðsins „sameignarfélags“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: samlagsfélags eða sameignarfélags.
e. 4. málsl. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 7. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. 1. tölul. orðast svo: Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um vinnu manns við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.
b. Við 1. tölul. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Til tekna sem laun teljast og lán til starfsmanna sem óheimil eru samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.

c. Við 4. tölul. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Til skattskyldra gjafa teljast lán til hluthafa og stjórnarmanna sem eru óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „hlutareiganda“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: með takmarkaða eða ótakmarkaða ábyrgð.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Úthlutun verðmæta skv. 1. mgr. til hluthafa eða hlutareiganda sem jafnframt er starfsmaður félags, eða tengds félags, telst vera laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. ef hún er óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög eða lögum um einkahlutafélög. Ef úthlutun til annarra en starfsmanna er óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög eða lögum um einkahlutafélög skal skattleggja úthlutunina sem tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. Ef slík úthlutun á sér stað til sameignarfélags, þar sem einn sameigenda er hluthafi, stjórnarmaður eða starfsmaður félagsins sem úthlutar verðmætum, skal úthlutunin teljast til tekna hjá honum skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr.
c. Á eftir orðinu „hlutafélagi“ í 2. mgr. kemur: eða samlagshlutafélagi.
d. Á eftir orðinu „félagi“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr.
e. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Hafi aðili eignast hlutabréfin fyrir árslok 1996 er honum heimilt að miða við upphaflegt kaupverð hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 1996, eða jöfnunarverðmæti hlutabréfanna, sbr. 3. mgr. 17. gr., sé það hærra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Söluhagnaður eigna telst mismunur á söluverði þeirra og stofnverði, að teknu tilliti til fenginna fyrninga og áður fengins söluhagnaðar eftir því sem nánar er ákveðið í 11.–27. gr.
b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Við ákvörðun söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001 skal stofnverð ákvarðast í samræmi við endurmat þessara eigna og fengnar fyrningar við framtalsgerð á árinu 2002. Sama gildir um stofnverð ófyrnanlegra eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri og eigna sem ekki hafa verið teknar í notkun í lok reikningsársins 2001, sbr. 33. gr.
Við ákvörðun söluhagnaðar af ófyrnanlegum eignum sem einstaklingur hefur eignast fyrir árslok 2001 og ekki eru tengdar atvinnurekstri hans skal stofnverð þeirra hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001.

5. gr.

Orðin „þegar stofnverð og fyrningar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr., sbr. einnig 36. gr.“ í 2. mgr. 11. gr. laganna falla brott.

6. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að frádregnum áður fengnum niðurfærslum skv. 31. gr. A og söluhagnaði, sbr. 4. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 10. gr., hins vegar. Ef skattaðili hefur eignast hina seldu eign fyrir árslok 1978 er honum heimilt að nota gildandi fasteignamat í árslok 1979 í stað stofnverðs. Frá fasteignamati leigulóðar í þessu sambandi skal draga afgjaldskvaðarverðmæti, sbr. 2. mgr. 1. tölul. 74. gr.

b. Orðin „framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr." í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.

c. Orðin „framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr." í 4. málsl. 4. mgr. falla brott.

d. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Hagnaður af sölu telst mismunur á söluverði og kaupverði eftir að frá því hafa verið dregnar fengnar fyrningar og niðurfærsla skv. 6. mgr.

e. Orðin „framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til þess árs þegar hann er tekjufærður" í 3. málsl. 6. mgr. falla brott.

9. gr.

2. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra og stofnverði, sbr. 4. mgr. 10. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Orðin „framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr." í 2. málsl. 2. mgr. og orðið „framreiknaður" í 4. málsl. 2. mgr. falla brott.

b. 3. mgr. orðast svo:

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði og stofnverði að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 10. gr.

c. 2. málsl. 4. mgr. fellur brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, í árslok 2001 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.

b. 4. mgr. orðast svo:

Við sölu á hlutabréfum, sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 1996, skal skattskyldur söluhagnaður vera söluverð þeirra að frádregnu jöfnunarverðmæti, sbr. 3. mgr., eða upphaflegu kaupverði hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 1996 ef það er hærra. Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, í árslok 1996 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.

c. Orðin „annarra en eigin bréfa“ í 1. málsl. 5. mgr. falla brott.
d. 6. málsl. 5. mgr. fellur brott.
e. 3. málsl. 7. mgr. orðast svo: Kaupverð hlutabréfa sem rekstraraðili hefur fengið afhent sem stofnfjáreigandi skal þó ákvarðað sem kaupverð samkvæmt framangreindu þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli frá árslokum 1996 til ársloka 2001, enda hafi hlutabréfin verið eignfærð í atvinnurekstrinum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Orðin „þegar kaupverð og eigin úttekt hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. Orðin „en að undanskildum 65% af fjárfestingarsjóði, sbr. 11. tölul. 31. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. falla brott.
c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þó skal hagnaður af sölu eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 2001 ákvarðast sem hlutur hans í eigin fé félagsins í byrjun árs 2001 eða sem raunverulegt kaupverð að frádreginni eigin úttekt, sé það hærra, þegar kaupverð og eigin úttekt hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001.

13. gr.

Orðin „án tillits til verðbreytinga, sbr. 26. gr.“ í 20. gr. laganna falla brott.

14. gr.

2. mgr. 21. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

26. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

2. mgr. 27. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Orðið „framreiknaðs“ í 4. tölul. fellur brott.
b. 5. tölul. orðast svo: Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þó skal telja framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni, að viðbættum áður áunnum lífeyrisréttindum og framtíðarlífeyrisréttindum, skapa réttindi til greiðslu ellilífeyris umfram þau meðallaun sem greitt hefur verið af síðustu fimm ár miðað við að ellilífeyrir sé tekinn með jöfnum greiðslum frá 65 ára aldri.

Við mat á áunnum réttindum skal leggja saman áunnin réttindi í tryggingadeildum lífeyrissjóða samkvæmt samþykktum hvers og eins lífeyrissjóðs miðað við að taka lífeyris hefjist við 65 ára aldur. Einnig skal leggja saman áunnin réttindi í séreign og þau umreiknuð miðað við útgreiðslu lífeyris með jöfnum greiðslum í 17 ár frá 65 ára aldri.

Við mat á framtíðarréttindum til ellilífeyris skal miðað við að áfram sé greitt í tryggingadeild lífeyrissjóðs til 65 ára aldurs 10% iðgjald af meðallaunum síðustu fimm ára og að greiðslurnar myndi lífeyrisréttindi sem nema 1,2% af fyrrgreindum meðallaunum fyrir hvert ár. Við útreikning áunninna réttinda í séreign skal miða við 3,5% vexti.

Hafi í kjarasamningum verið samið um iðgjald í lífeyrissjóð eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eða það bundið í lögum skal það aldrei teljast til skattskyldra tekna.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa töluliðar, þ.m.t. um hvaða upplýsingar unnt er að krefja launagreiðendur, sjálfstætt starfandi einstaklinga og launþega vegna framkvæmdar ákvæðisins.

c. Í stað orðanna „barnabótaauki, vaxtabætur og húsnæðisbætur“ í 7. tölul. kemur: og vaxtabætur.
d. 8. tölul. orðast svo: Matshækkun búfjár skv. 2. tölul. 74. gr., enda kemur matslækkun ekki til frádráttar tekjum.
e. Við greinina bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Húsaleigubætur, sbr. lög nr. 138/1997.

18. gr.

4. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna fellur brott.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Á eftir 3. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Niðurfærslu vörubirgða í lok reikningsárs um allt að 5% af matsverði, sbr. 4. tölul. 74. gr.
b. Orðin „framreiknaðar samkvæmt ákvæðum 26. gr.“ í 7. tölul. falla brott.
c. Í stað 2. málsl. 8. tölul. koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Ákvæði 1. málsl. skal einnig taka til arðs frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef það félag sem arðinn fær sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi. Frádráttur samkvæmt þessari málsgrein er bundinn því skilyrði að það skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD). Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Orðin „að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 36. gr.“ í 2. mgr. falla brott.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fyrningargrunnur eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001, og fengnar fyrningar þeirra ákvarðast í samræmi við endurmat stofnverðs við framtalsgerð á árinu 2002.

21. gr.

36. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

37. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir 250.000 kr. er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað.

24. gr.

44. gr. laganna fellur brott.

25. gr.

53. gr. laganna fellur brott.

26. gr.

Í stað tilvísunarinnar „7. tölul. 31. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 57. gr. A laganna kemur: 8. tölul. 31. gr.

27. gr.

Á eftir 57. gr. B laganna kemur ný grein, 57. gr. C, svohljóðandi:

Yfirfærsla einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag.

Stofni einstaklingur í atvinnurekstri einkahlutafélag sem tekur við öllum eignum og skuldum atvinnurekstrarins og hefur með höndum sams konar rekstur eða starfsemi skal sú yfirfærsla ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a. Eigandi rekstrarins skal bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, sbr. 1. gr.
b. Félagið er tekur við rekstrinum skal skráð hér á landi og bera ótakmarkaða skattskyldu, sbr. 2. gr.
c. Við yfirfærsluna fær eigandi rekstrarins eingöngu hluti í félaginu sem gagngjald fyrir yfirfærðar eignir og skuldir rekstrarins.
d. Tilkynningu til hlutafélagaskrár um stofnun félagsins skal auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt lögum um einkahlutafélög fylgja efnahagsreikningur einstaklingsrekstrarins sem jafnframt skal vera stofnefnahagsreikningur einkahlutafélagsins. Efnahagsreikninginn skal miða við 31. desember og má hann ekki vera eldri en fjögurra mánaða við stofnun einkahlutafélagsins og skal hann endurskoðaður af endurskoðanda og áritaður án fyrirvara. Jafnframt skal endurskoðandi staðfesta að hagur fyrirtækisins hafi ekki rýrnað vegna úttektar eiganda frá þeim tíma sem yfirfærslan skal miðuð við og fram að stofnun félagsins. Í skattalegu tilliti telst einkahlutafélagið yfirtaka rekstur og efnahag frá dagsetningu efnahagsreiknings. Stofnefnahagsreikningur ásamt yfirlýsingu um yfirfærslu einstaklingsrekstrar yfir í einkahlutafélag skal enn fremur fylgja fyrsta skattframtali félagsins.

Við yfirfærsluna skal félagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum rekstrarins, þ.m.t. eftirstöðvum rekstrartapa frá fyrri árum, enda séu skilyrði 8. tölul. 31. gr. uppfyllt. Þó ber sá sem stundaði reksturinn ótakmarkaða ábyrgð á greiðslu þeirra opinberu gjalda sem varða reksturinn fyrir yfirfærslu hans. Eignir og skuldir skulu yfirfærast á bókfærðu verði. Stofnverð gagngjalds hluta í einkahlutafélaginu, sbr. c-lið 1. mgr., ákvarðast jafnt bókfærðu eigin fé í efnahagsreikningi sem stofnefnahagsreikningur miðast við.

28. gr.

Í stað 1. mgr. 59. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Endurgjald fyrir vinnu manns, sem reikna skal sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., skal eigi vera lægra en launatekjur hans hefðu orðið ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila. Sama gildir um endurgjald fyrir starf maka manns, barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, venslamanns hans eða nákomins ættingja. Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald. Við ákvörðun lágmarks endurgjalds skal höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf.

Færi maður sér til tekna á framtali lægra endurgjald en áskilið er í reglum ríkisskattstjóra, sbr. 1. mgr., skal skattstjóri hækka endurgjaldið, óháð ákvörðun á staðgreiðsluári, enda hafi framteljandi ekki lagt fram fullnægjandi gögn og rökstuðning með skattframtali sem honum ber að gera ótilkvaddur. Skattstjóra er heimilt að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra kveða á um, enda liggi fyrir viðhlítandi gögn og rökstuðningur framteljanda og eftir atvikum launagreiðanda sem réttlætt getur slíka ákvörðun. Framteljandi skal m.a. láta í té upplýsingar um umfang og eðli starfs og starfsemi, afkomu rekstrarins, fjármagn bundið í rekstri og upplýsingar um útselda vinnu eftir því sem það á við.

Ákvörðun skattstjóra um hækkun á reiknuðu endurgjaldi manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi má ekki mynda tap umfram það sem nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. Skattstjóri skal við ákvörðun reiknaðs endurgjalds elli- og örorkulífeyrisþega við eigin atvinnurekstur gæta þess að tap myndist ekki við það í rekstrinum.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar eða venslamenn hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

29. gr.

Í stað tilvísunarinnar „7. tölul. 1. mgr. 31. gr.“ í 3. mgr. 3. tölul. 62. gr. laganna kemur: 8. tölul. 1. mgr. 31. gr.

30. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „26,08“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 25,75.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „20“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. tölul. kemur: 15.
b. Í stað hlutfallstölunnar „13“ í 2. mgr. 2. tölul. kemur: 10.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „30“ í 1. mgr. kemur: 18.
b. Á eftir orðinu „sameignarfélaga“ í 2. mgr. kemur: og samlagsfélaga.
c. Í stað hlutfallstölunnar „38“ í 2. mgr. kemur: 26.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 74. gr. laganna:

a. Orðin „og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr.“ í 2. málsl. 1. tölul. falla brott.

b. Orðin „og að teknu tilliti til endurmats samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV og verðbreytinga eftir árið 1979 skv. 26. gr.“ í 1. mgr. 3. tölul. falla brott.
c. Orðin „án endurmats“ í 2. mgr. 3. tölul. falla brott.
d. Við 4. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal heimilt að draga allt að 5% frá þannig reiknuðu matsverði.
e. Orðin „eftir að stofnverð, fyrningar og niðurfærslur hafa verið hækkaðar eða lækkaðar í samræmi við ákvæði 26. gr.“ í 8. tölul. falla brott.

34. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 78. gr. laganna:
a. Á eftir orðunum „Byggingarsjóði ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og Íbúðalánasjóði.
b. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambærileg verðbréf gefin út af öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „3.651.749“ á tveimur stöðum í greininni kemur: 4.720.000.
b. Í stað hlutfallstölunnar „1,2“ kemur: 0,6.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:
a. Í stað hlutfallstölunnar „1,2“ í 1., 2. og 3. mgr. kemur: 0,6.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.651.749“ í 2. og 3. mgr. kemur: 4.720.000.

37. gr.

Í stað orðanna „skriflega rökstudda kæru“ í 1. málsl. 1. mgr. 99. gr. laganna kemur: rökstudda kæru, skriflega eða rafræna, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

38. gr.

Á eftir 105. gr. laganna kemur ný grein, 105. gr. A, svohljóðandi:

Áætlanagerð og hagrannsóknir.

Fjármálaráðherra getur óskað eftir skýrslum frá skattstjórum, ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, í því formi er hann ákveður, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða áætlanagerð og hagrannsóknir fjármálaráðuneytisins.

39. gr.

Við 4. mgr. 117. gr. laganna bætast sex nýir málsliðir, svohljóðandi: Til að mæta þeim kostnaði sem fjármálaráðherra hefur af gerð bindandi álita skal greiða gjald er miðast við þá vinnu sem hann hefur af gerð álits í hverju tilviki. Þegar beiðni um álit er lögð fram skal greiða grunngjald að fjárhæð 50.000 kr. Viðbótargjald sem miðast við umfang máls skal greiða áður en fjármálaráðherra lætur álitið uppi. Um fjárhæð viðbótargjaldsins fer eftir gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur. Ráðherra getur ákveðið, í þeim tilvikum þegar máli hefur verið vísað frá eða beiðni er dregin til baka, að endurgreiða gjald samkvæmt þessari málsgrein. Ákvörðun um fjárhæð gjalds samkvæmt þessari málsgrein er hvorki hægt að bera undir yfirskattanefnd né dómstóla.

40. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum svo breytt.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum til bráðabirgða í lögunum:

a. Ákvæði til bráðabirgða XLI, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 149/2000, orðast svo:

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna árið 2001 skal árið 2002 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 3.865.000 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 7.730.000 kr. skal reikna sérstakan 7% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 3.865.000 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 3.865.000 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

b. Við bætast fimm ný ákvæði, svohljóðandi:

A. (I.)

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna árið 2002 skal árið 2003 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 3.980.000 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 7.960.000 kr. skal reikna sérstakan 7% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 3.980.000 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 3.980.000 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2003 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst 2002 til desember 2002. Fyrirframgreiðslan skal vera 7% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2002 vegna tekna á árinu 2001 umfram 3.980.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 7.960.000 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 5. mgr. skulu vera fyrstu dagar mánaðanna ágúst 2002 til og með desember 2002. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 5. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra sem úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar. Ákvörðun skattstjóra er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði hefur verið of há og skal bæta 2,5% álagi við mismuninn.

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við á.

B. (II.)

Við framtalsgerð á árinu 2003 skal leysa upp endurmatsreikning sem myndaður hefur verið skv. 37. gr. gildandi laga og færa með öðru eigin fé.

C. (III.)

Heimilt er að færa til frádráttar rekstrartekjum eftirstöðvar rekstrartapa áranna 1994 til og með 2001 í samræmi við ákvæði 8. tölul. 31. gr., eftir að eftirstöðvarnar hafa verið framreiknaðar samkvæmt verðbreytingarstuðlum fyrir hvert ár til ársloka 2001.

D. (IV.)

Aðilar sem fengið hafa frestun skattlagningar söluhagnaðar skv. 2. mgr. 13. gr., 4. mgr. 14. gr., 2. mgr. 16. gr., 5. mgr. 17. gr. eða 2. mgr. 27. gr. fyrir gildistöku laga þessara skulu hækka söluhagnaðinn eða eftirstöðvar hans samkvæmt verðbreytingarstuðlum fyrir hvert ár til ársloka 2001.

E. (V.)

Hækka skal fjárhæðir sem um ræðir í B-lið 69. gr. og 78. gr. sem hér segir:

a. 1. janúar 2002 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 3% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2002 og fyrirframgreiðslu vaxtabóta á því ári.
b. 1. janúar 2003 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,75% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2003 og fyrirframgreiðslu vaxtabóta á því ári.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

42. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.277.058“ í a-lið 3. gr. laganna kemur: 6.332.500.

43. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:
Lögin falla úr gildi 31. desember 2002.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

44. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „4,34“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: 5,11.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

45. gr.

Við 2. tölul. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við um mann, maka hans eða barn sem skal reikna sér endurgjald vegna atvinnurekstrar eða starfsemi sem rekin

er í sameign með öðrum eða á vegum þeirra aðila sem um ræðir í 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

46. gr.

2. tölul. 5. gr. laganna orðast svo: Endurgjald manns, maka hans og barns vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, sjálfstæða starfsemi eða hjá lögaðila skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

47. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Manni sem ber að reikna sér endurgjald, sbr. 2. tölul. 4. gr., ber að tilkynna skattstjóra um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluárinu í samræmi við reglur ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald, sbr. 59. gr. laga nr. 75/1981, fyrir 20. janúar ár hvert á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Launagreiðandi sem hefur í þjónustu sinni starfsmann sem ákveða skal endurgjald fyrir skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 skal við staðgreiðslu reikna honum endurgjald í samræmi við reglur ríkisskattstjóra, sbr. 59. gr. sömu laga.

Telji skattstjóri að endurgjald, sbr. 2. tölul. 4. gr. og 2. tölul. 5. gr., á staðgreiðsluári sé lægra en samræmist reglum ríkisskattstjóra skv. 59. gr. laga nr. 75/1981 skal hann ákvarða endurgjaldið í samræmi við þær reglur. Þó má skattstjóri víkja frá lágmarki endurgjalds samkvæmt reglum ríkisskattstjóra við ákvörðun sína á grundvelli skriflegra skýringa og nauðsynlegra gagna.

48. gr.

Við 2. mgr. 20. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 3. málsl., svohljóðandi: Ríkisskattstjóra er heimilt að setja reglur um rafræn skýrslu- og greiðsluskil vegna staðgreiðslu opinberra gjalda.

49. gr.

Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: 5. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

50. gr.

Í stað orðanna „framreiknuðu kostnaðarverði“ í 2. málsl. 23. gr. laganna kemur: hækkuðu bókfærðu verði.

51. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Ef raunvirði fastafjármuna er talið verulega hærra en kostnaðarverð eða framreiknað kostnaðarverð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi.

Matsbreytingar skv. 1. mgr. skal færa á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Endurmatsreikning, sem myndaður er skv. 2. mgr., má aðeins leysa upp ef hin endurmetna eign er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi.

Hreyfingar á endurmatsreikningi á reikningsárinu skal sundurliða í skýringum.

Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. skal í skýringum gera nákvæma grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru.

52. gr.

3. málsl. 1. mgr. 80. gr. laganna orðast svo: Birta skal reglur reikningsskilaráðs í B-deild Stjórnartíðinda.

53. gr.

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Við fyrstu reikningsskil eftir gildistöku laga þessara skal leysa upp endurmatsreikning sem myndaður hefur verið skv. a-lið 1. mgr. 25. gr. og færa með öðru óráðstöfuðu eigin fé félagsins.

b. (II.)

Félögum skv. 1. mgr. 1. gr. er heimilt að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga við gerð ársreikninga vegna reikningsára sem hefjast á árunum 2002 og 2003 í samræmi við a-lið 1. mgr. 25. gr., sbr. 3. mgr. sömu greinar fyrir gildistöku laga þessara.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

54. gr.

30. gr. laganna fellur brott.

55. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við fyrstu reikningsskil eftir gildistöku laga þessara skal leysa upp endurmatsreikning sem myndaður hefur verið skv. 30. gr. og færa með öðru óráðstöfuðu eigin fé efnahagsreiknings.

VII. KAFLI
Gildistaka laganna.

56. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2003. Þó skulu ákvæði 1. gr., a-, b- og c-liðir 3. gr., b- og c-liðir 17. gr., c-liður 19. gr., 34. gr., a-liður 35. gr., b-liður 36. gr., 37. gr., 38. gr., 39. gr., 40. gr., a-liður 41. gr., 42. gr. og 52. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2002. Ákvæði 44. gr. öðlast gildi 1. janúar 2003 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu á því ári og álagningu á árinu 2004.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um leigubifreiðar

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til fólksbifreiða sem notaðar eru til leigubifreiðaaksturs. Fólksbifreiðar sem skráðar eru fyrir fleiri en átta farþega falla þó ekki undir lög þessi. Leigubifreiðaakstur telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra.

Heimilt er með reglugerð að kveða á um mörkin á milli atvinnusviðs leigubifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Rísi ágreiningur um þessi mörk sker Vegagerðin úr.

Leigubifreiðar skulu auðkenndar samkvæmt reglum sem samgönguráðherra setur að fengnum tillögum Vegagerðarinnar.

2. gr.
Umsjón með leigubifreiðaakstri.

Vegagerðin fer með framkvæmd mála er varða leigubifreiðar. Undir starfssvið hennar fellur útgáfa starfsleyfa leigubifreiðastöðva, útgáfa atvinnuleyfa, útgáfa leyfa fyrir forfallabílstjóra og námskeiðahald. Þá sér Vegagerðin um starfrækslu gagnagrunns sem m.a. geymir upplýsingar um atvinnuleyfi og heimildir til undanþágu frá akstri eigin bifreiðar. Í gagnagrunninn eru skráðar nauðsynlegar upplýsingar sem liggja verða til grundvallar útgáfu atvinnu- og/eða starfsleyfis. Við skráningu gagna í gagnagrunninn og meðferð þeirra skal gætt ákvæða laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Leigubifreiðastöðvar skulu gefa Vegagerðinni upplýsingar um einstaka atvinnuleyfishafa, svo sem hverjir aka á hvaða stöð og önnur atriði er varða umsýslu leigubifreiðamála. Vegagerðin getur heimilað sérstakar útstöðvar frá gagnagrunninum á leigubifreiðastöðvum eða hjá félögum leigubifreiðastjóra til þess að afgreiða undanþágur skv. 9. gr.

Atvinnuleyfishöfum er skylt að veita Vegagerðinni upplýsingar sem varða atvinnuleyfi þeirra og nýtingu þess.

Samgönguráðherra er heimilt að fenginni umsögn Vegagerðarinnar að fela einstökum sveitarstjórnum framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins enda liggi

fyrir ósk þess efnis frá viðkomandi sveitarstjórn. Við flutning málaflokksins yfir til sveitarfélags tekur viðkomandi sveitarstjórn við stöðu Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt. Samgönguráðherra getur veitt sveitarfélagi undaþágu frá starfrækslu gagnagrunns skv. 1. og 2. mgr. enda sé tryggt að unnt sé að halda uppi fullnægjandi eftirliti.

3. gr.

Leigubifreiðastöðvar.

Allar leigubifreiðar á takmörkunarsvæði skv. 8. gr. skulu hafa afgreiðslu á leigubifreiðastöð sem fengið hefur starfsleyfi Vegagerðarinnar.

Leigubifreiðastöðvar skulu í samráði við félög leigubifreiðastjóra skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að almenningi verði veitt góð og örugg þjónusta. Hver leigubifreiðastöð skal fylgjast með því að ökumenn, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um leigubifreiðar. Skal hún sérstaklega fylgjast með því að reglur um nýtingu atvinnuleyfis séu ekki brotnar.

Leigubifreiðastöð getur séð um afgreiðslu undanþágna frá akstri eigin bifreiða skv. 9. gr. Telji leigubifreiðastöð að þeir sem hafa afgreiðslu á stöðinni hafi brotið gegn ákvæðum þessum skal hún stöðva afgreiðslu þeirra og tilkynna það til Vegagerðarinnar.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um hlutverk og skyldur leigubifreiðastöðva og skilyrði starfsleyfis að fengnum tillögum Vegagerðarinnar. Þar geta m.a. komið fram kröfur um þjónustustig, lágmarksfjölda bifreiða og tæknibúnað. Vegagerðinni er heimilt að setja í reglur gæðastaðla um þjónustu leigubifreiðastjóra, stærð og búnað bifreiða o.fl. Leigubifreiðastöðvar skulu sjá um að gæðastöðlum sé framfylgt.

4. gr.

Stjórnsýslukæra.

Ákvörðunum Vegagerðarinnar og leigubifreiðastöðva samkvæmt lögum þessum verður skotið til samgönguráðherra.

Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

II. KAFLI
Leyfisveitingar.

5. gr.

Skilyrði fyrir atvinnuleyfi.

Sá sem fullnægir öllum eftirtöldum skilyrðum getur fengið atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum:

1. Hefur fullnægjandi starfshæfni, þ.m.t. fullnægjandi ökuréttindi og tilskilin námskeið sem nánar er fjallað um í reglugerð.
2. Er skráður eigandi fólksbifreiðar, þ.e. atvinnuleyfishafi skal vera skráður eigandi bifreiðar eða skráður fyrsti umráðamaður samkvæmt samningi við löggilt kaupleigu- eða rekstrarleigufyrirtæki.
3. Stundar leigubifreiðaakstur að aðalatvinnu, sbr. þó 9. gr.
4. Hefur ekki verið dæmdur til refsivistar eða framið alvarlegt eða ítrekað brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögunum.

5. Er fjár síns ráðandi.
6. Er 70 ára eða yngri, sbr. þó 2. málsl. 7. mgr. 9. gr.

Forfallabílstjóri skal uppfylla skilyrði 1., 4. og 6. tölul. 1. mgr.

Samgönguráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um skilyrði fyrir atvinnuleyfi og akstri forfallabílstjóra.

6. gr.

Veiting atvinnuleyfa.

Atvinnuleyfi skv. 5. gr. er skilyrði þess að viðkomandi sé heimilt að taka að sér eða stunda leigubifreiðaakstur, sbr. þó 9. gr. Atvinnuleyfi eru gefin út af Vegagerðinni hvort sem er á takmörkunarsvæðum eða utan þeirra.

Atvinnuleyfi er bundið við nafn. Engum má veita meira en eitt atvinnuleyfi. Leyfishafa er óheimilt að selja atvinnuleyfi, leigja það út eða ráðstafa því á annan hátt til þriðja aðila. Leigubifreiðastjórar samkvæmt lögum þessum skulu hafa í bifreiðinni skírteini til sönnunar á því að þeir hafi atvinnuleyfi eða stundi leigubifreiðaakstur í forföllum leyfishafa. Vegagerðin gefur atvinnuskírteinin út gegn gjaldi skv. 12. gr. Endurnýja ber atvinnuskírteini á fimm ára fresti.

Vegagerðin skal halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi með hæfilegu millibili og skal gera viðunandi prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt. Vegagerðinni er heimilt að fela öðrum aðila framkvæmd námskeiða og fræðslu samkvæmt lögum þessum.

Vegagerðin skal gefa út leyfi til forfallabílstjóra til staðfestu því að þeir hafi leyfi til að aka leigubifreið eftir að hafa sýnt fram á að þeir hafi fullnægt skilyrðum 5. gr.

Heimilt er að taka sérstakt tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum, enda uppfylli þeir skilyrði þessara laga.

7. gr.

Skilyrt atvinnuleyfi.

Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla er Vegagerðinni heimilt að veita tímabundið og skilyrt atvinnuleyfi til reksturs eðalvagnaþjónustu.

8. gr.

Takmörkun á fjölda leigubifreiða.

Samgönguráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum Vegagerðarinnar, nánari reglur um fjölda leigubifreiða á ákveðnum svæðum að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórna, héraðsnefnda og félaga leigubifreiðastjóra.

Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur er takmörkun hefst.

Þar sem takmörkun á fjölda leigubifreiða hefur verið ákveðin skal umsækjandi fullnægja skilyrðum 5. gr. og situr hann að jafnaði fyrir við úthlutun leyfa hafi hann stundað leigubifreiðaakstur í a.m.k. eitt ár. Þar sem ekki hefur verið kveðið á um takmörkun á fjölda leigubifreiða á umsækjandi rétt á að fá útgefið atvinnuleyfi ef hann fullnægir skilyrðum 5. gr. Vegagerðinni er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 5. gr. á svæðum þar sem ekki er í gildi takmörkun á fjölda leigubifreiða. Takmörkun þessi er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa samkvæmt þessum kafla.

9. gr.

Nýting atvinnuleyfis.

Leyfishafi skal hafa leigubifreiðaakstur að aðalatvinnu. Þó má víkja frá því skilyrði á svæðum þar sem íbúar eru færri en 10.000.

Veita má leyfishafa tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna:

1. orlofs, þ.m.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda eða annarra forfalla,
2. vaktaskipta á álagstímum,
3. viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um undanþágur skv. 2. mgr. að fengnum tillögum Vegagerðarinnar og félaga leigubifreiðastjóra. Leigubifreiðastöðvar geta annast veitingu undanþágna á grundvelli upplýsinga í gagnagrunni sem Vegagerðin heldur og hefur að geyma upplýsingar um leyfishafa, undanþágur til þeirra, forfallabílstjóra og annað sem nauðsynlegt þykir í þessu skyni, sbr. 2. gr. Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða gjald fyrir afgreiðslu veittra undanþágna.

Vegagerðin getur heimilað að félög leigubifreiðastjóra annist afgreiðslu undanþágna, sbr. 3. mgr., standist þau kröfur hennar.

Leigubifreiðastjóra sem öðlast atvinnuleyfi ber að hefja nýtingu þess innan sex mánaða frá útgáfudegi og að nýta það samfellt í tvö ár áður en til fyrstu innlagnar kemur. Að öðrum kosti fellur atvinnuleyfi úr gildi.

Vegagerðin setur reglur um heimildir til tímabundinna innlagna atvinnuleyfa.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa. Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn þar til atvinnuleyfishafi nær 76 ára aldri ef hann telst hæfur til að stunda leigubifreiðaakstur. Nánar má kveða á um þessi atriði í reglugerð.

Heimilt er að leyfa eftirlifandi maka leyfishafa að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjú ár eftir andlát leyfishafa, þó eigi lengur en til þess tíma er leyfishafi hefði misst leyfið fyrir aldurs sakir ef hann hefði lifað, þó aldrei skemur en tólf mánuði. Þegar maki er ekki til staðar er dánarbúi leyfishafa heimilt að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjá mánuði eftir andlát leyfishafa en þó ekki eftir lok búskipta.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.

Gjaldmælar.

Löggiltir gjaldmælar skulu vera í öllum leigubifreiðum samkvæmt lögum þessum. Löggildingarstofan hefur eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla. Vegagerðin setur reglur um með hvaða hætti verðskrá leigubifreiða skal sýnileg viðskiptavinum þeirra.

11. gr.

Refsingar. Svipting leyfis.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum og leyfissviptingu, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

Við alvarleg eða ítrekuð brot er Vegagerðinni heimilt að svipta viðkomandi atvinnuleyfi. Slík svipting tekur gildi þegar í stað og gildir þar til úrlausn hefur fengist í málinu skv. 1. mgr.

12. gr.
Leyfisgjöld.

Greiða skal 10.000 kr. árlegt gjald fyrir hvert atvinnuleyfi sem í gildi er. Að auki skulu eftirtalin gjöld innheimt:

1. Fyrir útgáfu atvinnuskírteina 2.500 kr.
2. Fyrir tímabundna innlögn leyfis 1.000 kr.
3. Fyrir úttekt leyfis 1.000 kr.
4. Fyrir vottorð um gilt atvinnuleyfi vegna bifreiðakaupa 1.000 kr.
5. Fyrir færslu á milli stöðva 1.000 kr.

Halda skal tekjum og gjöldum vegna framangreinds aðskildum í bókhaldi.

Framangreind gjöld skulu renna til Vegagerðarinnar eða eftir atvikum til einstakra sveitarstjórna enda hafi þeim verið falin framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins, sbr. 4. mgr. 2. gr. Gjöldin skulu standa undir umsýslu og starfsemi samkvæmt lögum þessum. Jafnframt er heimilt að innheimta námskeiðsgjöld fyrir kostnaði.

13. gr.
Reglugerð.

Samgönguráðherra setur að öðru leyti reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

14. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 15. mars 2002. Jafnframt falla úr gildi lög um leigubifreiðar, nr. 61/1995, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leigubifreiðastöðvar sem starfandi eru við gildistöku laga þessara skulu 1. júlí 2002 hafa uppfyllt öll ákvæði reglna sem Vegagerðin setur um leigubifreiðastöðvar.

Hinn 1. júlí 2002 skulu forfallabílstjórar, sem hófu akstur eftir 1. maí 1999, hafa staðist fullnægjandi námskeið skv. 2. og 5. gr. laga þessara. Að öðrum kosti falla leyfi þeirra niður.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

GIRÐINGARLÖG

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Markmið með þessum lögum er að fjalla um girðingar, hverjir fara með forræði yfir þeim og kostnaðarskiptingu við uppsetningu þeirra á landamerkjum.

Lögin gilda um allar girðingar. Sérlög sem fjalla um girðingar halda gildi sínu en þó gilda ákvæði þessara laga og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim alltaf um gerð girðinga.

2. gr.

Girðingar í lögum þessum, þegar ekki er annars getið, eru netgirðing, gaddavírsgirðing og rafgirðing. Einnig teljast til girðinga girðingar úr ýmsu efni, svo sem úr tré, steinsteypu, stáli, áli, plasti, grjóti og torfi og að auki aðrar girðingar sem teljast gripheldar að mati búnaðarsambands.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra setur almenna reglugerð sem kveður á um ýmsa staðla og orðskýringar. Í reglugerðinni skal kveðið á um það hvaða skilyrði girðing þarf að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir hverja búfjártegund. Í henni skal einnig mælt fyrir um hvernig háttað skuli undirbúningi, uppsetningu, gerð og tæknilegum frágangi girðinga, hliða o.fl. sem tengist þeim.

4. gr.

Nú er jörð ekki í ábúð og/eða umráðamaður lands hefur ekki hug á að nota girðingu og skal þá láta girðinguna standa ef nágrannajörð eða jarðir geta haft not af henni eða hluta úr henni. Viðhaldsskyldan á þeim hluta færist yfir á ábúanda þeirrar jarðar, enda á hann rétt á að kaupa girðinguna eða þann hluta hennar er hann hefur gagn af, eftir mati úrskurðaraðila, sbr. 7. gr.

5. gr.

Nú vill umráðamaður lands girða það og hefur hann þá rétt til að krefjast þess að sá eða þeir sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði greiði girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins og er það meginreglan. Þó er hægt að semja um aðra skiptingu nái aðilar um það samkomulagi. Eigi síðar en ári áður en verk er

hafið skal sá er samgirðingar óskar hafa samráð við þann eða þá sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði og leggja fram tillögur um tegund girðingar. Hver aðili hefur rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku í kostnaðinum. Neiti sá eða þeir er samgirðingar eru krafðir þátttöku í undirbúningi eða framkvæmd verksins getur sá er girða vill beint tilmælum til viðkomandi búnaðarsambands um að tilnefna fagaðila til að skera úr um ágreining, sbr. ákvæði 7. gr. Telji úrskurðaraðilar að sá sem girða vill eigi rétt á samgirðingu getur hann sett girðinguna upp og á hann þá kröfurétt á endurgreiðslu á þeim hluta kostnaðar er hinum ber að greiða, enda hafi ekki verið reist dýrari girðing en úrskurðaraðilar töldu nauðsynlegt.

6. gr.

Vilji meiri hluti landeigenda sem eiga lönd er liggja að afrétti girða milli afréttar og heimalanda sinna skulu eigendur eða notendur afréttar greiða $\frac{4}{5}$ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar, en eigendur eða ábúendur hlutaðeigandi jarða $\frac{1}{5}$. Þó er hægt að semja um aðra skiptingu kostnaðar nái aðilar um það samkomulagi. Ef forráðamenn sveitarfélaga ákveða einhliða að reisa slíka girðingu greiðir sveitarfélagið allan stofnkostnað girðingarinnar. Ef ágreiningur verður um framkvæmd verksins fer um það eins og segir í 5. og 7. gr. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður allra girðinga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður, nema þeirra girðinga er Vegagerðin setur upp, sbr. vegalög, nr. 45/1994.

Nú er landamerkjagirðing til staðar sem kostuð hefur verið eftir öðrum hlutföllum en um getur í 5. gr. og skal þá viðhald hennar falla undir fyrirmæli 5. gr. eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, enda brjóti það ekki í bága við gildandi samninga.

7. gr.

Nú verða aðilar ekki ásáttir um hvers konar girðingu skuli reisa, kostnaðarskiptingu eða um aðra framkvæmd verksins og skal þá viðkomandi búnaðarsamband tilnefna einn fagaðila til að skera úr um ágreining, sveitarfélag einn og sýslumaður einn. Liggi girðing á mörkum sveitarfélaga skal hvor aðili tilnefna aðila úr sínu sveitarfélagi til að jafna ágreininginn ásamt oddamanni frá hlutaðeigandi búnaðarsambandi. Liggi girðingin á mörkum stjórnsýsluumdæma tilnefna hlutaðeigandi sýslumenn sinn manninn hver, en stjórn Bændasamtaka Íslands tilnefnir oddamann/menn og skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Kostnað við matið greiða aðilar eftir sömu hlutföllum og girðingarkostnaðinn og ákveða úrskurðaraðilar hverju hann nemur.

8. gr.

Nú eru lagðar girðingar á vegum ríkisstofnana, án framlags frá ábúendum eða eigendum viðkomandi jarða, og einstaklingum eða sveitarfélögum er gefinn kostur á því að eignast þær. Þá gilda sömu reglur um greiðslu á viðhaldi, eftir því sem við á, og um aðrar þær girðingar er lög þessi mæla fyrir um, en haldast skulu sérákvæði annarra laga um slíkar girðingar.

Nú er ekki þörf á slíkri girðingu og enginn gefur kost á að halda henni við og er þá ríkinu skylt að láta taka hana upp. Hafi þessi skylda verið vanrækt í eitt ár eða lengur, eftir að lög þessi öðlast gildi, er viðkomandi sveitar- eða upprekstrarfélagi/félögum heimilt að láta taka girðinguna upp á kostnað ríkisins.

9. gr.

Nú er girðing gerð á la. amerkjum og skal hún þá svo reist að á hvorugan sé gengið sem land á að henni. Efni skal, eftir því sem með þarf, taka að jöfnu úr þeim löndum sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en landeigandi vill girða beint og vill sá eigi samþykkja er á land á móti. Þá skal það þó heimilt ef úrskurðaraðilar, sbr. 7. gr., meta að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna og skulu þeir þá ákveða girðingunni stað og skal það gert þannig að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo að meira sneiðist annað landið og skal þá meta skaðabætur þeim er landið missir. Girðingarstæðið skal merkt inn á jarðakort. Það sama á við þegar náttúrulegar hindranir gera ókleift eða óhóflega dýrt að mati úrskurðaraðila, sbr. 7. gr., að girða á landamerkjum.

Réttur til hvers konar hlunninda, jarðhita eða námuverðmæta, helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um að girðingin skipti löndum til fullnustu.

10. gr.

Sé land í óskiptri sameign geta einn eða fleiri landeigendur því aðeins girt á því landi að allir sameigendur séu samþykkir girðingunni.

Náist ekki samkomulag er því aðeins hægt að girða að landskipti hafi farið fram.

11. gr.

Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við að búfé eða öðrum stafi ekki hætta af þeim.

Samgirðingu sem lögð er samkvæmt ákvæðum 5.–10. gr. er skylt að halda við, þannig að hún sé gripheld, svo fljótt sem verða má eftir að snjóa leysir og þar til snjó leggur. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta er hinum heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi búnaðarsamband, að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar stórfellt hirðuleysi í þessu efni svo að sameigandi hans í girðingunni eða annar aðili verður af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni og á hann þá rétt til bóta frá þeim sem olli.

Valdi vanræksla í þessu efni skaða varðar það sektum og skaðabótum til tjónþola.

Nú er hætt að nota samgirðingu og jafnframt að halda henni við og er þá girðingareigendum skylt að taka hana upp svo að hún valdi ekki tjóni.

12. gr.

Þegar lögð er girðing af ábúanda fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976.

Öllum umráðamönnum lands er skylt að hreinsa burtu af landi sínu ónothæfar girðingar og girðingarflækjur. Nú vanrækir umráðamaður lands þessi fyrirmæli í eitt ár eftir að lög þessi öðlast gildi og er þá sveitarstjórn skylt að framkvæma verkið á hans kostnað að fengnu mati búnaðarsambands og á sveitarstjórn þá lögveð í jörðinni fyrir greiðslu kostnaðar. Það sama gildir um eyðijarðir.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

Með brot móti lögum þessum og samþykktum sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt eru úr gildi felld girðingarlög, nr. 10/1965, ásamt síðari breytingum.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

21. desember 2001 Nr. 136

LÖG

um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „samfellt í a.m.k. fimm ár“ í 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. lög nr. 23/1991, falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

KVIKMYNDALÖG

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu á Íslandi.

Kvikmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni án tillits til þess með hvers konar tækni eða aðferðum það er framleitt.

Íslensk kvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd sem unnin er og kostuð af íslenskum aðilum eða er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn kvikmyndamála samkvæmt lögum þessum.

Kvikmyndaráð veitir stjórnvöldum ráðgjöf um kvikmyndamálefni og gerir tillögur til menntamálaráðherra um stefnu og markmið opinberra aðgerða á sviði kvikmyndalistar.

Menntamálaráðherra skipar sjö fulltrúa í kvikmyndaráð til þriggja ára í senn, formann og varaformann án tilnefningar, en hina fimm samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Framleiðendafélagsins – SÍK, Samtaka kvikmyndaleikstjóra, Félags kvikmyndahúsaeigenda og Bandalags íslenskra listamanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í kvikmyndaráð oftar en tvisvar samfleytt.

II. KAFLI
Kvikmyndamiðstöð Íslands.

3. gr.

Verkefni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands eru að:

1. Styrkja framleiðslu og dreifingu íslenskra kvikmynda.
2. Stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum hér á landi og erlendis og afla upplýsinga um íslenskar kvikmyndir og gefa þær út.
3. Efla kvikmyndamenningu á Íslandi.
4. Stuðla að auknum samskiptum við erlenda aðila á sviði kvikmyndamála.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndamiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn, að fenginni umsögn kvikmyndaráðs. Forstöðumaðurinn skal hafa staðgóða þekkingu á kvikmyndamálum og íslenskri menningu.

Forstöðumaðurinn fer með yfirstjórn Kvikmyndamiðstöðvar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við, ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaðurinn ráðningar annarra starfsmanna Kvikmyndamiðstöðvarinnar.

5. gr.

Tekjur Kvikmyndamiðstöðvar Íslands eru árlegt framlag í fjárlögum, vaxtatekjur og aðrar tekjur. Fjárveitingar til Kvikmyndasjóðs, sbr. 6. gr., skulu sérgreindar í fjárlögum hverju sinni. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar Kvikmyndamiðstöðvarinnar til þriggja ára.

6. gr.

Kvikmyndasjóður starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Hlutverk Kvikmyndasjóðs er að efla íslenska kvikmyndagerð með fjárhagslegum stuðningi.

Kvikmynd, sem styrkt er af Kvikmyndamiðstöð Íslands, skal hafa íslenska menningarlega skírskotun nema sérstök menningarleg rök leiði til annars.

7. gr.

Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands tekur endanlega ákvörðun um veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði til undirbúnings, framleiðslu og/eða dreifingar íslenskra kvikmynda.

Í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn kvikmyndaráðs skal kveðið á um skilyrði fyrir framlögum úr sjóðnum með styrkjum, lánum eða veitingu tímabundinna vilyrða fyrir stuðningi. Jafnframt skulu sett ákvæði m.a. um undirbúning úthlutunar og greiðslur úr sjóðnum. Þar skal enn fremur kveðið á um meginskiptingu fjárveitinga Kvikmyndasjóðs milli einstakra greina kvikmyndagerðar, svo og um tilhögun mats á umsóknum, störf úthlutunarnefnda og um kvikmyndaráðgjafa.

III. KAFLI
Kvikmyndasafn Íslands.

8. gr.

Hlutverk Kvikmyndasafns Íslands er að:

1. Safna, skrásetja og varðveita íslenskar kvikmyndir, samvinnuverkefni íslenskra og erlendra aðila og erlendar kvikmyndir sem teknar hafa verið á Íslandi, þ.m.t. að varðveita skilaskylt efni samkvæmt lögum um skylduskil til safna.
2. Hafa eftirlit með skylduskilum kvikmyndaefnis samkvæmt lögum um skylduskil til safna.
3. Standa fyrir sýningum á innlendri og erlendri kvikmyndalist.
4. Sjá um viðhald og endurgerðir á kvikmyndum safnsins.
5. Skapa fræðimönnum og fagmönnum aðstöðu til að stunda kvikmyndafræðilegar rannsóknir.
6. Efla kvikmyndamenningu á Íslandi.

9. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndasafns Íslands til fimm ára í senn. Forstöðumaðurinn skal hafa staðgóða þekkingu á kvikmyndamálum og íslenskri menningarsögu.

10. gr.

Framleiðendum kvikmynda sem hlotið hafa styrk úr Kvikmyndasjóði er skylt innan sjö ára frá frumsýningardegi að afhenda Kvikmyndasafni tvö eintök kvikmyndar og skal annað eintakið vera frumeintak eða ígildi þess, sem og annað efni er varðar kvikmyndina og varðveislugildi hefur. Nánar skal kveðið á um framkvæmd skila í reglugerð.

11. gr.

Tekjur Kvikmyndasafns Íslands eru árlegt framlag í fjárlögum, vaxtatekjur og aðrar tekjur. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar Kvikmyndasafnsins til þriggja ára.

Kvikmyndasafni Íslands er heimilt að taka gjald fyrir eftirtalda þætti þjónustunnar: Útlán á kvikmyndum, kvikmyndasýningar, sérvinnslu skráa og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu og hvers konar afritun og fjölföldun, til þess að standa straum af launum og efniskostnaði vegna þessara þátta. Gjaldskrá vegna þessarar þjónustu skal háð samþykki menntamálaráðherra.

Kvikmyndasafn Íslands skal afla fullnægjandi heimilda rétthafa samkvæmt höfundalögum svo að markmið starfsemi Kvikmyndasafns nái fram að ganga.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

12. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að skipa markaðsnefnd kvikmynda til þriggja ára í senn er í sitji fulltrúar samkvæmt tilnefningum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Kvikmyndamiðstöð Íslands, utanríkisráðuneyti og Útflutningsráði. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Hlutverk nefndarinnar er að veita innlendum og erlendum aðilum þjónustu er varðar gerð kvikmynda á Íslandi. Nefndinni er heimilt að kynna Ísland sem vettvang kvikmyndagerðar.

Menntamálaráðherra setur nefndinni erindisbréf. Menntamálaráðherra er heimilt að fela Kvikmyndamiðstöð Íslands rekstur markaðsnefndarinnar með sérstökum samningi.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. mars 2003. Um leið falla úr gildi lög um kvikmyndamál, nr. 94/1984, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kvikmyndamiðstöð Íslands og Kvikmyndasafn Íslands taka við tekjum og eignum Kvikmyndasjóðs Íslands. Kvikmyndamiðstöð tekur við réttindum og skyldum Kvikmyndasjóðs gagnvart viðskiptavinum hans í samræmi við ákvæði laga þessara.

Umboð núverandi stjórnar Kvikmyndasjóðs Íslands fellur niður frá gildistöku laga þessara.

Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs Íslands er forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands þar til nýr forstöðumaður hefur verið skipaður samkvæmt ákvæðum 4. gr., þó eigi lengur en til 1. mars 2003. Staða framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs Íslands skal lögð niður frá og með þeim tíma er hann lætur af störfum.

Núverandi safnstjóri Kvikmyndasafns Íslands gegnir störfum forstöðumanns Kvikmyndasafns Íslands þar til skipað hefur verið í embætti forstöðumanns samkvæmt ákvæðum 9. gr., þó eigi lengur en til 1. mars 2003.

Lokið skal við að skipa í kvikmyndaráð skv. 2. gr. laga þessara fyrir 1. febrúar 2003.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

21. desember 2001 Nr. 138

LÖG

um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

LÖG

um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Borgarbyggð, Garðabæ og Borgarfjarðarsveit að stofna sameignarfyrirtæki um rekstur Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness er nefnist Orkuveita Reykjavíkur. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík, en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum. Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Á Reykjavíkurborg 92,22% eignarhluta í fyrirtækinu, Akraneskaupstaður 5,45%, Hafnarfjarðarkaupstaður 0,94%, Borgarbyggð 0,75%, Garðabær 0,47% og Borgarfjarðarsveit 0,17%. Heimilt er að sameina Orkuveitu Reykjavíkur við sambærilega starfsemi annarra sveitarfélaga eða annarra opinberra aðila eða félaga í þeirra eigu.

Hver eigandi um sig er í einfaldri hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins. Hlutfallsleg einföld ábyrgð hvers eiganda um sig tekur mið af eignarhluta hans í fyrirtækinu. Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól á ári hverju þarf Orkuveita Reykjavíkur að fá fyrir fram samþykki allra eignaraðila. Með höfuðstól er átt við bókfært eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur í lok næstliðins árs.

Eiganda er óheimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis sameigendanna.

2. gr.

Tilgangur Orkuveitu Reykjavíkur er vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að reka dótturfélög og eiga hlut í öðrum félögum.

3. gr.

Stjórn fyrirtækisins er skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Á stjórnarfundum vegur atkvæði formanns tvöfalt.

Varamenn, jafnmargir, skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár í senn, frá aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.

Aðalfund skal halda í júnímánuði ár hvert. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir liðið reikningsár ásamt skýrslu endurskoðanda fyrirtækisins lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Orkuveitu Reykjavíkur á reikningsárinu.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
5. Lýst kjöri stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
7. Umræður um önnur mál.

Rétt til setu á aðalfundi eiga borgar- og bæjarstjórar eignaraðila, stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins. Borgar- og bæjarstjórar hlutaðeigandi sveitarfélaga fara með atkvæðisrétt eignaraðila á aðalfundi og skal atkvæðisréttur vera í samræmi við eignarhluta hvers þeirra. Heimilt er stjórn fyrirtækisins að bjóða öðrum að sitja aðalfund félagsins.

4. gr.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu. Forstjóri skal eiga sæti á stjórnarfundum.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fer með málefni fyrirtækisins og annast um að skipulag fyrirtækisins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn og forstjóri fara með stjórn fyrirtækisins.

Forstjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar fyrirtækisins. Skal hann vinna sjálfstætt að stefnumótun þess og áætlanagerð. Hann annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir og undirbúning þeirra, sjóðvörslu og reikningshald og ráðningu starfsliðs. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Forstjóri kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Forstjóra ber að veita stjórn og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins sem þeir kunna að óska eða veita ber samkvæmt lögum. Stjórn skal setja forstjóra starfslýsingu.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins. Forstjóri sér um að bókhald fyrirtækisins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti.

Einungis stjórn Orkuveitu Reykjavíkur getur veitt prókúruumboð.

5. gr.

Orkuveita Reykjavíkur tekur við einkarétti Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Akraneskaupstaðar, Akranesveitu, Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar og Hitaveitu Borgarness til starfrækslu hita-, vatns- og/eða rafveitu.

Iðnaðarráðherra veitir Orkuveitu Reykjavíkur einkaleyfi til starfrækslu hita- og rafveitu á þeim svæðum sem Orkuveita Reykjavíkur og Akranesveita þjóna við stofnun fyrirtækisins.

Orkuveita Reykjavíkur yfirtekur skyldu Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar til starfrækslu vatnsveitna í sveitarfélögunum og yfirtekur þá samninga sem sveitarfélögin hafa gert um vatnssölu til annarra sveitarfélaga.

Heimilt er öðrum sveitarfélögum að framselja Orkuveitu Reykjavíkur leyfi og réttindi til reksturs veitna og dreifikerfa sinna ef samningar takast um það.

Aðrir sem reka orkumannvirki á starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur við gildistöku laga þessara skulu halda þeim rétti sínum.

6. gr.

Stjórn sameignarfyrirtækisins setur gjaldskrár um verð á seldri orku og vatni til notenda.

Gjaldskrár fyrir sölu á rafmagni og heitu vatni öðlast eigi gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af iðnaðarráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Gjaldskrá vatnsveitu skal byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

Orkuveita Reykjavíkur hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslu fyrir selda orku og öðrum tekjum. Skal tekjunum varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum, svo sem afborgunum áhvílandi skulda, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði. Þá skal tekjunum varið til fullnægjandi viðhalds og endurnýjunar mannvirkja og tækja.

Við það skal miðað að Orkuveita Reykjavíkur skili eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu. Ákvörðun um ráðstöfun arðsins skal tekin af aðalfundi.

Rekstur deilda Orkuveitu Reykjavíkur skal aðgreindur reikningslega og fjárhagslega í samræmi við þarfir Orkuveitu Reykjavíkur og lagaáskilnað. Aðgreiningunni skal þannig háttað að unnt sé að sannreyna raunverulegan kostnað af orkuöflun, flutningi, dreifingu og sölu. Sameiginlegum kostnaði skal skipt á deildir fyrirtækisins samkvæmt áætlun sem staðfest skal af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Við rekstur Orkuveitu Reykjavíkur skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaréttarstarfsemi eða verndaðri starfsemi.

7. gr.

Starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness eiga rétt á störfum hjá hinu nýja fyrirtæki og skulu þeim boðin störf hjá því, sambærileg þeim er þeir áður gegndu. Umræddir starfsmenn skulu ekki njóta lakari réttinda og starfskjara en þeir nutu í störfum sínum hjá Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness.

8. gr.

Stofna skal sameignarfyrirtækið Orkuveitu Reykjavíkur á stofnfundi sem haldinn skal í desembermánuði 2001.

Allur kostnaður Orkuveitu Reykjavíkur af stofnun sameignarfyrirtækisins og yfirtöku þess á rekstri Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness greiðist af fyrirtækinu.

9. gr.

Orkuveita Reykjavíkur skal taka til starfa 1. janúar 2002 og yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness. Borgarstofnunin Orkuveita Reykjavíkur, Akranesveita, Andakílsár-

virkjun og Hitaveita Borgarness skulu lagðar niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórna þeirra.

10. gr.

Um skyldu Orkuveitu Reykjavíkur til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sýslu- og sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og slíkan rekstur hafa með höndum. Orkuveita Reykjavíkur skal undanþegin stimpilgjöldum.

11. gr.

Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur skulu gera með sér sameignarsamning þar sem fram komi frekari ákvæði um fyrirtækið. Til breytinga á sameignarsamningnum þarf samþykki eigenda ¾ eignarhluta fyrirtækisins. Setja skal nánari ákvæði um starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur með reglugerðum sem ráðherrar staðfesta. Í reglugerðum skal meðal annars kveða á um orkuöflun, orkuveitu, orkusölu og viðbrögð við misnotkun.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 38/1940, um hitaveitu Reykjavíkur, með áorðnum breytingum, falla úr gildi þegar Orkuveita Reykjavíkur tekur til starfa, sbr. ákvæði 9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður, Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit bera áfram, hvert um sig gagnvart kröfuhöfum, ótakmarkaða ábyrgð á þeim skuldbindingum sem stofnast hafa fyrir samruna fyrirtækjanna og áður en sameignarfyrirtæki er stofnað um reksturinn.

II.

Á stofnfundi skal tilkynnt hverjir hafa verið kjörnir í stjórn og varastjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Hlutverk stjórnar til 1. janúar 2002 er að undirbúa yfirtöku á rekstri Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness, en eftir það að stjórna fyrirtækinu í samræmi við ákvæði laga þessara.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: *Búsvæði:* Þeir staðir eða svæði þar sem tegund getur þrifist.
b. Í stað orðanna „Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi“ í b-lið 5. tölul. kemur: Lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi.
c. Við bætist nýr töluliður, 9. tölul., sem orðast svo: *Vistgerðir:* Staðir eða svæði með ákveðnum einkennum, t.d. hvað varðar gróður- og dýralíf, jarðveg og loftslag.

2. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

10. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Umhverfisþing.

Umhverfisráðherra skal boða til umhverfisþings að loknum hverjum alþingiskosningum og síðan tveimur árum síðar.

Á umhverfisþingi skal fjalla um umhverfis- og náttúruvernd og sjálfbæra þróun. Fjórða hvert ár skal á umhverfisþingi fjalla um aðgerðaáætlanir um sjálfbæra þróun. Til umhverfisþings skal boða alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga og fulltrúa atvinnulífs og frjálsra félagasamtaka sem hafa umhverfisvernd og sjálfbæra þróun á stefnuskrá sinni.

Seta á þinginu er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra.

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „7. tölul. 3. gr.“ í 2. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 20. gr. laganna kemur: 8. tölul. 3. gr.

6. gr.

Tilvísunin „nr. 10/1965“ í 2. mgr. 23. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Í stað orðsins „landslagsgerðir“ í 1. mgr. 37. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi falli: jarðmyndanir og vistkerfi.

8. gr.

2. málsl. 2. mgr. 47. gr. laganna orðast svo: Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem Náttúruvernd ríkisins og viðkomandi náttúruverndarnefnd hefur gefið umsögn sína um, sbr. 33. gr., er óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en að fenginni umsögn framangreindra aðila.

9. gr.

D-liður 50. gr. laganna orðast svo: friðlýstar lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 54. gr.

10. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs“ í 1. mgr. 51. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

11. gr.

Í stað orðanna „Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi“ í 3. tölul. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: Lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi.

12. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands eða Náttúruverndarráðs“ í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna kemur: Náttúruverndar ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „búsvæði þeirra“ í 1. mgr. kemur: búsvæði þeirra, vistgerðir.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Áætlun skal m.a. taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana.
c. Í stað orðsins „búsvæða“ í b-lið 2. mgr. kemur: vistgerða.

14. gr.

Í stað orðanna „búsvæði þeirra“ í c-lið 1. mgr. 68. gr. laganna kemur: búsvæði þeirra, vistgerðir.

15. gr.

71. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

Nr. 141 21. desember 2001

LÖG

um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samkvæmt lögum þessum geta stjórnvöld eða samtök, sem um ræðir í 2. og 3. gr., leitað lögbanns eða höfðað dómsmál skv. 4. gr. til að vernda hagsmuni neytenda þótt hvorki þau sjálf né félagsmenn í samtökum hafi orðið fyrir röskun réttinda, enda snúi beiðni um aðgerðirnar að því að stöðva eða koma á annan hátt í veg fyrir háttsemi sem hefur afleiðingar hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og þykir stríða gegn eftirtöldum tilskipunum sem þar gilda, eins og þær hafa verið leiddar inn í íslensk lög:

1. Tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar.
2. Tilskipun ráðsins 85/577/EBE frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva.
3. Tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjtíð. EB L 42, 12. febrúar 1987, bls. 48) eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/7/EB.
4. Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur: 10.–21. gr. eins og henni var breytt með tilskipun 97/36/EB.
5. Tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka.
6. Tilskipun ráðsins 92/28/EBE frá 31. mars 1992 um auglýsingu lyfja sem ætluð eru mönnum.
7. Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum.

8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni.
9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga.
10. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 99/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi.
11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti").

2. gr.

Erlend stjórnvöld, sem getið er á skrá Eftirlitsstofnunar EFTA vegna ákvæða í tilskipun 98/27/EB, geta að fullnægðum ákvæðum 1. gr. leitað lögbanns eða höfðað dómsmál hér á landi skv. 4. gr. Sama á við um samtök sem þannig eru skráð og gæta hagsmuna neytenda á ákveðnu sviði ef brot beinist gegn slíkum hagsmunum.

3. gr.

Viðskiptaráðuneytið getur fyrir yfirvöldum eða dómstólum hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu leitað lögbanns eða höfðað dómsmál skv. 4. gr. til að vernda heildarhagsmuni íslenskra neytenda, enda hafi afleiðinga athafnarinnar gætt hér á landi.

Ráðherra getur jafnframt útnefnt önnur stjórnvöld og íslensk félagasamtök, sem gæta hagsmuna neytenda á ákveðnu sviði, til að njóta heimildar til að grípa til aðgerða eins og um ræðir í 1. mgr. Setja má í reglugerð nánari skilyrði fyrir þessari heimild og notkun hennar. Ráðherra skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um nafn og tilgang samtaka sem hann útnefnir samkvæmt þessu og nánari skilyrði, sem kunna að verða sett um heimild þeirra í reglugerð, til að fá þau tekin þar á skrá, sbr. 2. gr.

4. gr.

Í þeim tilgangi, sem um ræðir í 1. gr., geta stjórnvöld eða samtök, sem njóta réttar skv. 2. og 3. gr., leitað lögbanns hér á landi við athöfn sem ákvæði 1. gr. geta tekið til. Um lögbannsbeiðni, meðferð hennar, lögbannið sjálft, áhrif þess og höfðun máls til að fá það staðfest gilda almennar reglur að öðru leyti en því að gerðarbeiðandi getur að fengnu lögbanni krafist þess að sýslumaður láti birta auglýsingu um það svo að komið verði í veg fyrir að áfram gæti afleiðinga af háttseminni sem lögbann var lagt við. Fallist sýslumaður á að nauðsyn beri til slíkrar auglýsingar skal hann verða við kröfu um að fá hana birta en kostnaður af því greiðist þá úr ríkissjóði.

Í sama skyni og um ræðir í 1. mgr. geta stjórnvöld eða samtök, sem þar greinir, höfðað einkamál hér á landi til að fá bann lagt við athöfn.

5. gr.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/99 24. september 1999, um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

Nr. 142 21. desember 2001

LÖG

um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eigendur dýra og erfðaefnis greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarna- og einangrunarstöðva samkvæmt gjaldskrá er landbúnaðarráðherra setur. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miðað að tekjur sóttvarna- og einangrunarstöðvar standi undir útgjöldum hennar, svo sem almennum rekstrarkostnaði, launakostnaði, leigugjöldum, fóðurkostnaði, lyfjakostnaði og dýralæknaþjónustu, kostnaði við sýnatökur og rannsóknir og opinberum gjöldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

LÖG

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 37. gr. koma tvær nýjar greinar, 37. gr. a og 37. gr. b, svohljóðandi:

a. (37. gr. a.)

37.a.1. Starfrækja skal stofnun sem nefnist Heyrnar- og talmeinastöð.

37.a.2. Hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvar er eftirfarandi:

1. Að annast þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með heyrnar- og talmein og eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar.
2. Að sjá um heyrnarmælingar, greiningu og meðferð á heyrnar- og talmeinum ásamt ráðgjöf, þjálfun og endurhæfingu vegna þeirra.
3. Að sinna forvörnum á starfssviði sínu í samvinnu við aðrar stofnanir um forvarnir eftir því sem við á.
4. Að útvega hjálpartæki fyrir heyrnarskerta, heyrnarlausa og þá sem eru með heyrnar- og talmein og sjá um viðeigandi fræðslu og þjálfun þeirra. Stofnunin skal enn fremur sjá um viðhald og uppsetningu hjálpartækjanna.
5. Að stunda rannsóknir og sinna fræðslu á starfssviði sínu. Stofnunin skal safna upplýsingum um alla þá sem eru heyrnarskertir, heyrnarlausir og/eða eru með heyrnar- og talmein og öðrum tölfræðilegum upplýsingum sem nýtast við rannsóknar- og þróunarstörf. Um söfnun upplýsinga skal fara samkvæmt lögum um persónuvernd og reglum settum með stoð í þeim lögum og 3. gr. laga þessara.

37.a.3. Við Heyrnar- og talmeinastöð skal vera fimm manna fagráð sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Fagráðið skal skipað þremur mönnum með menntun og/eða sérþekkingu á verksviði stofnunarinnar og tveimur fulltrúum notenda þjónustunnar. Fagráðið er framkvæmdastjóra til ráðuneytis um fagleg málefni og stefnumótun. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og skulu þeir hafa viðeigandi menntun á starfssviði stofnunarinnar. Heimilt er að ákveða nánar um menntunarskilyrði starfsmanna í reglugerð.

37.a.4. Ráðherra skal setja reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina að höfðu samráði við Heyrnar- og talmeinastöð.

37.a.5. Sjúkratryggður einstaklingur, sbr. 1. tölul. 2. mgr., skal greiða gjald vegna viðgerða á hjálpartækjum.
37.a.6. Sjúkratryggður einstaklingur, sbr. 1. tölul. 2. mgr., skal greiða gjald fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar, með síðari breytingum, og reglum settum með stoð í þeim lögum.
37.a.7. Sjúkratryggður einstaklingur, sbr. 1. tölul. 2. mgr., skal greiða gjald fyrir greiningu á máltruflun, komu vegna endurmats hjá talmeinafræðingi og aðrar talrannsóknir.
37.a.8. Fyrir heyrnarrannsókn á vinnustað skal greiða gjald sem standa skal undir kostnaði stofnunarinnar við rannsóknina.
37.a.9. Ráðherra setur gjaldskrá vegna 5., 7. og 8. mgr. að höfðu samráði við framkvæmdastjóra og fagráð Heyrnar- og talmeinastöðvar. Skal gjaldskráin taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Heyrnar- og talmeinastöð innheimtir gjöld þessi.
37.a.10. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

b. (37. gr. b.)
37.b.1. Ráðherra er heimilt að veita rekstrarleyfi til að annast þá þjónustu eða hluta þeirrar þjónustu sem greinir í 2. mgr. 37. gr. a. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi skulu fylgja upplýsingar sem kveðið er á um í 1. mgr. 27. gr. eftir því sem við á. Enn fremur gilda ákvæði 2. mgr. 27. gr. um veitingu rekstrarleyfis og 28. gr. um eftirlit heilbrigðisyfirvalda.
37.b.2. Leyfishafi skal ráða starfsmenn með viðeigandi menntun til að tryggja að hann geti veitt þjónustu skv. 1. mgr. Heimilt er að kveða nánar á um menntunarskilyrði í reglugerð.
37.b.3. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið getur ákveðið þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina með þjónustusamningi við rekstrarleyfishafa.
37.b.4. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jón Kristjánsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Gjaldskyldir aðilar, álagningarstofn og álagt gjald.

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir skulu greiða 0,0101% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,24420% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,04873% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00615% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,04581% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
4. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu greiða 0,0792% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Verðbréfasjóðir skulu greiða 0,01039% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu greiða 0,08031% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 150.000 kr.
5. Kauphallir og skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,5% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00596% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga.

7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,76297% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 250.000 kr. Póstgíróstofa Íslandspósts hf. skal greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,0101% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs skal greiða 0,0004% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili sem er að minnsta kosti að $^{9}/_{10}$ hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila greiða $^{1}/_{5}$ hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 3. mgr. verður svohljóðandi:

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 0,12% af bókfærðri veltu skv. 2. mgr. Skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra. Verði útgjöld meiri en nemur jöfnunargjöldum á árinu skal gjaldfæra þann mismun á skuldbindingar næsta árs. Verði fjárhæð jöfnunargjalda meiri en nemur útgjöldum á gjaldárinu skal afgangur fluttur til næsta árs.

b. Á eftir orðinu „innheimtu" í 5. mgr. kemur: þ.m.t. fyrirframgreiðslu.

2. gr.

20. gr. laganna verður svohljóðandi:

Rekstrarleyfishafar með umtalsverða markaðshlutdeild í almennum fastasímanetum og talsímaþjónustu skulu verða við öllum réttmætum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að heimtaugum og aðstöðu er slíkum aðgangi tengist. Gjöld fyrir aðgang og aðstöðu skulu byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Rekstrarleyfishafar með umtalsverða markaðshlutdeild skulu birta viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á viðmiðunartilboði, þ.m.t. verði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um hvert skuli vera efni viðmiðunartilboðs.

Beiðnum um aðgang að heimtaugum skal aðeins hafnað á grundvelli hlutlægra viðmiðana, nauðsynjar þess að viðhalda heildstæði neta eða af tæknilegum ástæðum. Náist ekki samkomulag um aðgang getur aðili vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Um málsmeðferð fer skv. 27. og 28. gr.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð skv. 1. mgr. sem felur í sér að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000, um opinn aðgang að heimtaugum, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn, verði að fullu innleidd í íslensk lög.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

LÖG

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 6. gr. A laganna kemur ný grein, 6. gr. B, sem orðast svo:

Fjármálaráðherra úthlutar tollkvótum vegna innflutnings samkvæmt milliríkja- og alþjóðasamningum, að því leyti sem vörur falla ekki undir viðauka IIIA, IIIB, IVA eða IVB við lög þessi.

Fjármálaráðherra er heimilt að fela nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 að gera tillögu um úthlutun tollkvóta skv. 1. mgr.

Úthlutun tollkvóta skal, eftir því sem við getur átt, vera í samræmi við samninginn um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem birtur er í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Heimilt er að skipta tollkvótum upp í einingar. Tollkvótum skal úthlutað til ákveðins tíma, allt að einu ári í senn. Berist umsóknir um meiri innflutning en nemur tollkvóta vörunnar skal heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun eða leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum og skal andvirðið þá renna í ríkissjóð. Endurúthluta má tollkvótum sem ekki eru nýttir innan þess frests sem tilgreindur er við úthlutun kvótans. Heimilt er í stað úthlutunar tollkvóta að veita almenna heimild til innflutnings á þeim tollum sem um tollkvótana gilda.

Um viðurlög við misnotkun á tollkvóta í því skyni að fá ívilnun í tolli eða sköttum við innflutning á vörum sem ekki falla undir tollkvótann skal fara skv. XIV. kafla laganna. Heimilt er að synja þeim um úthlutun tollkvóta sem gerst hefur sekur um misnotkun.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tollataxtar og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skulu gilda.

2. gr.

A-tollur allra tollskrárnúmera í 24. kafla í viðauka I við lögin verður 0%.

3. gr.

1. gr. laganna öðlast þegar gildi en 2. gr. laganna öðlast gildi 1. janúar 2002. Ákvæði 2. gr. tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku laganna.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Nú er starfsleyfi aðila sem gert hefur aðildarsamning um eignarskráningu skv. 1. mgr. afturkallað, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann óskar eftir heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og fellur aðildarsamningurinn við það þá þegar úr gildi, svo og réttur til þess að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð. Verðbréfamiðstöð skal annast eignarskráningar frá þeim tíma sem samningur fellur úr gildi nema um annað hafi sérstaklega verið samið. Eigi síðar en fjórum mánuðum frá því að verðbréfamiðstöð tekur við eignarskráningu samkvæmt ákvæði þessarar málsgreinar skal hún hafa tryggt að rafbréf og eignarréttindi yfir því hafi verið færð í umsjón annarrar reikningsstofnunar sem gert hefur aðildarsamning við verðbréfamiðstöðina. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um aðferð og framkvæmd við slit aðildarsamnings og færslu gagna skv. 1. og 3. málsl. þessarar málsgreinar.

2. gr.

Í stað lokamálsliðar 13. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Rafbréf í sama verðbréfaflokki sem tekinn hefur verið til eignarskráningar í verðbréfamiðstöð er heimilt að skrá í fleiri en einni verðbréfamiðstöð, enda sé tryggt að aðeins sé hægt að skrá réttindi yfir hverju einstöku rafbréfi í einni verðbréfamiðstöð. Sama gildir um verðbréfaflokk sem hefur verið tekinn til eignarskráningar í erlendri verðbréfamiðstöð.

3. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Skipa skal samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands skipar einn fulltrúa í nefndina, verðbréfamiðstöðvar sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum einn fulltrúa og kauphallir sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða einn fulltrúa. Seðlabanki Íslands fer með formennsku í nefndinni. Hlutverk samráðsnefndar er að fjalla um samskipti verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabankans í tengslum við frágang viðskipta.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um ráðstafanir í ríkisfjármálum 2002.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 3.–6. gr. þeirra, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 335 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2002.

Um breytingu á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með síðari breytingu.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 140/1996:

a. Í stað fjárhæðarinnar „6.000“ í 3. málsl. kemur: 8.500.
b. Í stað fjárhæðarinnar „25.000“ í 7. málsl. kemur: 50.000.
c. Í stað fjárhæðarinnar „12.500“ í 7. málsl. kemur: 25.000.

Um breytingu á lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands.

3. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „25.000“ í 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 32.500.

Um breytingu á lögum nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri.

4. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „25.000“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 32.500.

Um breytingu á lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands.

5. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „25.000“ í 1. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: 32.500.

Um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingu.

6. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „462“ í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 125/2001, kemur: 593.

Um breytingu á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., með síðari breytingu.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 124/1997, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands vera 566 kr. á mánuði árið 2002 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

Um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, með síðari breytingu.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 124/1997, skal gjald sem rennur til kirkjugarða landsins vera 232 kr. á mánuði árið 2002 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

Um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

9. gr.

8. tölul. 1. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingu.

10. gr.

2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 151/1998, orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili er 6,60 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, 8,90 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg, en 2.200 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en 3.300 kr. og ekki hærra en 39.800 kr. á hverju gjaldtímabili.

Um breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingu.

11. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 71. gr. b laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 74/2000:

a. Í stað fjárhæðarinnar „125“ kemur: 300.
b. Í stað fjárhæðarinnar „65“ kemur: 150.

12. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2002.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: I. KAFLI, **Áfengisgjald**.

2. gr.

Í stað 8.–10. gr. laganna koma tveir nýir kaflar, II. KAFLI, **Tóbaksgjald**, með þremur nýjum greinum, 8.–10. gr., og III. KAFLI, **Almenn ákvæði**, með tveimur nýjum greinum, 11. og 12. gr., svohljóðandi:

a. (8. gr.)

Greiða skal til ríkissjóðs sérstakt gjald, tóbaksgjald, af tóbaki sem flutt er hingað til lands eða er framleitt hér á landi.

Tóbak telst samkvæmt lögum þessum vera sérhver vara sem flokkast í 24. kafla í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

b. (9. gr.)

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leggur á og innheimtir tóbaksgjald af tóbaksvörum sem verslunin hefur flutt hingað til lands eða framleiddar hafa verið hér á landi og verslunin selur til smásala tóbaks.

Fjárhæð tóbaksgjalds skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Vindlingar: 167,20 kr. á hvern pakka (20 stk.).
2. Neftóbak: 1,97 kr. á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru.
3. Annað tóbak: 5,98 kr. á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru.

Uppgjörstímabil tóbaksgjalds samkvæmt þessari grein er einn mánuður. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er fimmti dagur næsta mánaðar eftir lok þess. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal greiða tollstjóranum í Reykjavík innheimt gjald eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils.

c. (10. gr.)

Af tóbaki sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða skal við tollafgreiðslu greiða tóbaksgjald sem hér segir:

1. Vindlingar: 210 kr. á hvern pakka (20 stk.).
2. Annað tóbak: 10,50 kr. á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru.

Tóbak sem ferðamenn, farmenn og aðrir flytja með sér til landsins til einkanota og er undanþegið tolli samkvæmt ákvæðum tollalaga skal jafnframt undanþegið gjaldi skv. 1. mgr.

d. (11. gr.)

Úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu áfengis- og tóbaksgjalds skv. 6. gr. og 2. mgr. 10. gr. sætir kæru til fjármálaráðherra í samræmi við 102. gr. tollalaga, nr. 55/1987. Þá skulu ákvæði tollalaga gilda að því leyti sem lög þessi kveða ekki á um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, lögvernd, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald af innfluttu áfengi og tóbaki.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald samkvæmt lögum þessum af áfengi og tóbaki, sem er framleitt eða unnið að einhverju leyti hér á landi, skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um virðisaukaskatt og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum, svo og ákvæði laga um vörugjald.

e. (12. gr.)

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæða laga þessara um áfengisgjald og tóbaksgjald.

3. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um gjald af áfengi og tóbaki**.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingar á lögum nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð þar sem tilgreindar eru lágmarkskröfur sem gerðar eru til vottaðra lífrænna framleiðsluhátta við íslenskar aðstæður í samræmi við grunnreglur Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM) og skuldbindingar Íslands skv. I. og II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál samkvæmt þessari grein skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 36. gr. b laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Regla 2. málsl. 1. mgr. gildir ekki þegar aðilar eða stofnanir sem hafa það hlutverk að vernda neytendur geta gripið til aðgerða samkvæmt landslögum til að fá úr því skorið hvort samningsskilmálar sem ætlaðir eru til almennrar notkunar séu ósanngjarnir.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein, 40. gr. a, sem orðast svo:

Viðskiptaráðherra er heimilt á grundvelli EES-tilskipunar 93/13/EBE um ósanngjarna samningsskilmála að kveða nánar á með reglugerð um framkvæmd ákvæða laga þessara um ósanngjarna samningsskilmála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Dobringer, Wioletta Agnieszka, nunna í Karmelklaustri í Hafnarfirði, f. 23. janúar 1972 í Póllandi.
2. Gandhi, Sunita, f. 17. maí 1961 á Indlandi.
3. Gísli Valtýsson, f. 11. febrúar 1997 í Svíþjóð.
4. Grant, Janet Ege, f. 20. júlí 1967 í Bandaríkjunum.
5. Hanes, Connie Jean, f. 16. nóvember 1945 í Bandaríkjunum.
6. Hoang, Binh Thanh, verkamaður í Reykjavík, f. 24. janúar 1950 í Víetnam.
7. Krickic, Andjelka, f. 1. desember 1935 í Júgóslavíu.
8. Nannyanzi, Ruth, f. 26. september 1956 í Úganda.
9. Rodriguez, Diego Lozano, f. 25. ágúst 1999 á Íslandi.
10. Sosseh, Ida, verkakona í Reykjavík, f. 9. desember 1972 í Gambíu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Vegagerðinni er heimilt að veita almennt leyfi skv. 4. gr. til aksturs skólabifreiða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri en níu farþega.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.000“ í 1. og 2. tölul. 2. mgr. kemur: 1.400.
b. 4. tölul. 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

LÖG

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 42. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

42.3. Ráðherra markar stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu. Ráðherra er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu.

42.4. Ráðherra skipar samninganefnd sem semur við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af Tryggingastofnun ríkisins og skal annar þeirra vera varaformaður, einn skal tilnefndur af fjármálaráðherra og aðrir, þar á meðal formaður, skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Samningar nefnd-

arinnar skulu gerðir í samræmi við skilgreind markmið, sbr. 3. mgr., og með tilliti til hagkvæmni og gæða þjónustunnar. Samningarnir skulu m.a. kveða á um magn og tegund þjónustu og hvar hún skuli veitt. Um mat á hagkvæmni þjónustu stofnana, fyrirtækja og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna skal taka tillit til alls þess kostnaðar sem til fellur vegna þeirra verka sem samið er um.

42.5. Ráðherra gerir verksamninga og samninga um rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins. Ríkisstofnunum í A-hluta er heimilt að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum sömu laga.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. A-liður 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Læknishjálp sem samið hefur verið um skv. 39. gr.

b. 2. mgr. orðast svo:

Að svo miklu leyti sem samningar skv. 39. gr. ná ekki til sjúkrahjálpar samkvæmt framansögðu getur ráðherra ákveðið endurgreiðslu að nokkru eða öllu leyti með reglugerð.

3. gr.

Lokamálsgrein 33. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. 1. og 2. málsl. a-liðar 1. mgr. orðast svo: Almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa sem samið hefur verið um skv. 39. gr. Um gjald sem sjúkratryggður einstaklingur greiðir fyrir hvert viðtal á læknastofu og hverja vitjun læknis fer samkvæmt gjaldskrá ráðherra, sbr. 2. mgr.

b. 1. málsl. b-liðar 1. mgr. orðast svo: Nauðsynlegar rannsóknir og meðferð hjá sérfræðingum eða stofnunum sem samningar skv. 39. gr. taka til.

c. Í stað orðanna „sem ákveðið skal með reglugerð“ í 3. málsl. b-liðar 1. mgr. kemur: samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur, sbr. 2. mgr.

d. Í stað orðsins „reglugerð“ í 2. málsl. c-liðar 1. mgr. kemur: gjaldskrá, sbr. 2. mgr.

e. D-liður 1. mgr. fellur brott og breytist stafrófsröð annarra liða samkvæmt því.

f. F-liður 1. mgr. orðast svo: Aðstoð ljósmóður við fæðingu í heimahúsum samkvæmt samningum skv. 39. gr. og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum, í 10 daga frá því að fæðing hefst.

g. K-liður 1. mgr. orðast svo: Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum skv. 39. gr.

h. 2. og 3. mgr. orðast svo:

Heimilt er að breyta greiðslum sjúkratryggðra einstaklinga samkvæmt þessari grein með reglugerð og ákveða hámark eininga í lyfjaávísunum. Sjúkratryggðir einstaklingar skulu greiða gjald fyrir þjónustu skv. a-, b-, c-, d-, g-, h- og i-liðum 1. mgr. í samræmi við gjaldskrá sem ráðherra setur. Um greiðslur fyrir tannlæknaþjónustu fer samkvæmt ákvæðum 37. gr. Heimilt er að ákveða að gjald skv. a-, b-, c-, d-, g-, h- og i-liðum 1. mgr. og 3. mgr. skuli vera hlutfallsgjald og tiltaka hámark þess sem sjúkratryggðum einstaklingi ber að greiða.

Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða frekari kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í heilbrigðisþjónustu en mælt er fyrir um í þessari grein og 37. gr.

5. gr.

1. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, greiðir Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt samningum, sbr. 39. gr. Takist ekki samningar skv. 39. gr. er ráðherra heimilt að setja gjaldskrá. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra.

6. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar samninganefnd, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sem gerir samninga við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku ríkisins vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt. Um greiðslur Tryggingastofnunar til heilbrigðisstarfsmanna, stofnana eða fyrirtækja fer samkvæmt þeim samningum. Tryggingastofnun ríkisins skal þó semja um þjónustu sem tilgreind er í 41. gr.

Ráðherra skal ákveða daggjöld dvalarheimila fyrir aldraða, hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimila sem ekki eru á föstum fjárlögum með reglugerð. Ráðherra skal áður en daggjöld eru ákveðin óska eftir tillögum viðkomandi stofnana. Daggjöld hjúkrunarheimila og daggjöld vegna hjúkrunarrýma skulu ákveðin með hliðsjón af mati á hjúkrunarþyngd. Samanlagðar tekjur stofnunar skulu standa undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma miðað við þá þjónustu sem kveðið er á um í lögum um málefni aldraðra og reglugerðum með stoð í þeim lögum. Í reglugerð skal kveða nánar á um framkvæmd mats á hjúkrunarþyngd.

7. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þjónustu sem henni ber að veita og fellur ekki undir verksvið samninganefndar skv. 1. mgr. 39. gr. laganna. Tryggingastofnun ber að leita bestu mögulegra kjara, að teknu tilliti til gæða, á þeim vörum og þjónustu sem hún greiðir eða tekur þátt í að greiða samkvæmt lögum þessum. Samninga má gera í framhaldi af útboði og ákveður stofnunin hvaða tilboði skuli taka eða hvort öllum skuli hafnað. Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg getur stofnunin ráðstafað verkinu á grundvelli fasts samningsverðs.

Um samninga stofnunarinnar um afmörkuð rekstrarverkefni fer samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins.

8. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem ábyrgð bera á vörslu sjúkraskráa er skylt að veita læknum, eða eftir atvikum tannlæknum, Tryggingastofnunar ríkisins þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna ákvörðunar um greiðslu bóta eða endurgreiðslu reikninga og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar. Þá er læknum Tryggingastofnunar, eða tannlæknum þegar það á við, heimilt að skoða þann hluta sjúkraskrár sem reikningsgerð á hendur

stofnuninni er byggð á. Skoðun skal fara fram á þeim stað þar sem sjúkraskrá er varðveitt. Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er með þessum hætti skal þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og jafnframt gætt ákvæða laga um réttindi sjúklinga eftir því sem við á.

9. gr.

Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins greiðir kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af sjúkrahjálp við erlenda ríkisborgara sem dveljast hér á landi um stundarsakir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jón Kristjánsson.

Nr. 155 21. desember 2001

LÖG

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fengnum tillögum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, og með samþykki félagsmálaráðherra, að semja við sveitarfélag um afskrift á hluta af skuldum þess við sjóðinn gegn greiðslu á eftirstöðvum vanskila og hluta skulda, enda séu fjármál viðkomandi sveitarfélags til meðferðar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, sbr. 74. og 75. gr. sveitarstjórnarlaga. Einnig sé um að ræða lið í samræmdum aðgerðum kröfuhafa í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum sveitarfélagsins og ljóst að hagsmunum Íbúðalánasjóðs verði betur borgið með slíkum samningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 24 – 2001

27. desember 2001 437 Nr. 156

BRÁÐABIRGÐALÖG

um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til þess að ríkissjóður geti enn um sinn tekist á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunni að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika. Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum hinn 11. september sl. hafi vátryggingafélög sagt upp ábyrgðartryggingum flugrekenda og það leitt til þess að ríkisstjórnir um heim allan hafi orðið að takast á hendur slíkar tryggingar til þess að flugrekendur næðu að uppfylla þær tryggingakröfur sem gerðar séu á hendur þeim og þannig mætti forða því að alþjóðlegar flugsamgöngur stöðvuðust. Bráðabirgðalög um slíka heimild ríkissjóðs Íslands hafi verið sett hinn 23. september sl. og lagaheimildin staðfest með lögum nr. 120/2001. Samkvæmt lögunum megi trygging sem ríkissjóður veitir ekki gilda lengur en til ársloka 2001. Á grundvelli þessarar lagaheimildar hafi ríkissjóður samið við norræna tryggingasamsteypu um að hún veiti íslenskum flugrekendum ábyrgðartryggingu, en ríkissjóður endurtryggi tryggingaráhættuna. Endurtrygging ríkissjóðs hafi, eins og sambærilegar tryggingar annarra ríkja, verið veitt til takmarkaðs tíma í einu þar sem vonir hafi verið bundnar við að vátryggjendur tækju að bjóða fullnægjandi vátryggingar á viðunandi kjörum. Til skamms tíma hafi verið talið að vátryggingamarkaðurinn myndi ekki síðar en nú um áramótin taka að bjóða nauðsynlegar ábyrgðartryggingar til viðbótar við þær takmörkuðu grunntryggingar sem þar bjóðist nú. Þetta hafi hins vegar ekki gengið eftir þar sem tryggingamarkaðurinn sé enn í nokkru uppnámi vegna atburðanna hinn 11. september sl. Önnur Evrópuríki hafi því ákveðið að framlengja enn þá vátryggingarvernd sem þau hafi veitt flugrekendum. Þótt íslenskir flugrekendur geti nú keypt á markaði hærri grunntryggingar en unnt hafi verið fyrst eftir setningu bráðabirgðalaganna í september sl. og þeim hafi einnig tekist að fá fram lækkun á þeim tryggingakröfum sem gerðar séu á hendur þeim, liggi fyrir að enn bjóðist ekki fullnægjandi markaðslausnir. Þörf sé framlengingar á heimild samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess að ríkissjóður geti enn um sinn veitt flugrekendum nauðsynlega vátryggingarvernd.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

Gutenberg

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. gr. laga nr. 120/2001:
Í stað orðanna „ársloka 2001“ í 1. mgr. komi „15. febrúar 2002“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

Nr. 157 27. desember 2001

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 21. desember 2001 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

Á eftir orðinu „atvinnuvegum“ í 2. tölul. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 5/1990, 3. gr. auglýsingar nr. 77/1990 og 3. gr. auglýsingar nr. 103/1997, um staðfestingu reglugerða um breytingar á reglugerð þessari, komi: þ. á m. fráveitur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi 1. janúar 2002.

Forsætisráðuneytinu, 27. desember 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

FJÁRLÖG

fyrir árið 2002.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2002 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**221.347,7**	**213.973,7**
Skattar á tekjur einstaklinga	61.125,0	58.945,0
Skattar á tekjur lögaðila	6.500,0	5.540,0
Tryggingagjöld	23.364,7	22.986,4
Eignarskattar	11.320,0	11.193,4
Virðisaukaskattur	76.700,0	73.530,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	38.881,2	38.793,7
Skattar ótaldir annars staðar	3.456,8	2.985,2
Aðrar rekstrartekjur	**20.411,3**	**16.485,3**
Arðgreiðslur	1.628,5	1.600,5
Vaxtatekjur og eignatekjur	13.402,0	9.632,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	5.380,8	5.252,8
Sala eigna	15.520,0	15.520,0
Fjárframlög	621,0	621,0
Tekjur samtals	**257.900,0**	**246.600,0**
Æðsta stjórn ríkisins	2.545,9	2.545,9
Forsætisráðuneyti	1.124,0	1.124,0
Menntamálaráðuneyti	28.323,8	28.323,8
Utanríkisráðuneyti	5.195,7	5.309,6
Landbúnaðarráðuneyti	10.821,0	10.821,1
Sjávarútvegsráðuneyti	2.704,1	2.654,1
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	13.619,8	13.619,8
Félagsmálaráðuneyti	17.932,3	17.932,3
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	90.409,2	90.384,2
Fjármálaráðuneyti	26.580,0	20.842,0
Samgönguráðuneyti	15.938,4	16.688,4
Iðnaðarráðuneyti	2.812,7	2.812,7
Viðskiptaráðuneyti	1.454,9	1.399,9
Hagstofa Íslands	380,1	380,1
Umhverfisráðuneyti	3.128,5	3.126,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	16.400,0	14.970,0
Gjöld samtals	**239.370,4**	**232.933,9**
Tekjujöfnuður	**18.529,6**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2002 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	18.529,6
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-16.312,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-3.340,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-731,4
Handbært fé frá rekstri	**-1.853,8**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	21.100,0
Veitt löng lán	-4.630,0
Afborganir veittra lána	8.500,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-4.800,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	20.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**40.170,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**38.316,2**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	15.000,0
Afborganir lána	-40.200,0
Fjármögnun samtals	**-25.200,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-9.000,0
Breyting á handbæru fé	**4.116,2**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2002 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	335,0	0,0	13,0	0,0
Ríkisútvarpið	-147,0	0,0	80,0	0,0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-38,8	0,0	0,0	0,0
Ratsjárstofnun	0,0	0,0	8,0	0,0
Umsýslustofnun varnarmála	3,0	2,0	0,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	3.222,0	130,0	82,0	0,0
Alþjóðaflugþjónustan	0,0	0,0	120,0	230,0
Rafmagnsveitur ríkisins	-145,0	214,0	885,0	0,0
Samtals	**3.229,2**	**346,0**	**1.188,0**	**230,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2002 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	595,0	4.645,0	37,0	3.550,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-36,0	0,0	0,0	0,0
Lánasjóður landbúnaðarins	68,3	1.950,0	0,0	1.800,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	495,0	0,0	0,0	200,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	2.074,0	29.480,0	5,0	29.180,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-304,0	7.900,0	0,0	10.680,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	-73,0	3.710,0	0,0	4.970,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. -ríkis og -verkam.	854,0	0,0	5,0	7.570,0
Hafnabótasjóður	-100,4	20,0	0,0	0,0
Ferðamálasjóður	-10,0	104,0	0,0	100,0
Orkusjóður	-21,5	40,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	413,5	2.300,0	0,0	1.300,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	208,0	170,0	10,0	0,0
Samtals	**4.162,9**	**50.319,0**	**57,0**	**59.350,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 15.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 4.630 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 3.550 m.kr.
   - 2.2 Þróunarsjóðs sjávarútvegsins allt að 200 m.kr.
   - 2.3 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 230 m.kr.
   - 2.4 Happdrætti Háskóla Íslands allt að 650 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2002 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.8, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1 Landsvirkjun, allt að 13.000 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   - 3.2 Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 29.180 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 10.680 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.4 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 4.970 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.5 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.800 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   - 3.6 Byggðastofnun, allt að 1.300 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
   - 3.7 Ferðamálasjóði, allt að 100 m.kr., sbr. 28. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.
   - 3.8 Íbúðalánasjóði til endurfjármögnunar á skuldum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, allt að 7.500 m.kr., sbr. 10. og 53. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

4. Ýmis ákvæði.

4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.

4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;

b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði

Skerðingarákvæði

6. gr.

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.-6. gr., laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 335 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2002.

2. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 2002 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

Ýmis ákvæði

Heimildir

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.
2.2 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Auðbrekku 10, Kópavogi.
2.3 Að selja húsnæði lögreglunnar í Keflavík, Hringbraut 130, Keflavík, og kaupa annað hentugra.
2.4 Að selja flugafgreiðslu á Holtsflugvelli, Önundarfirði.
2.5 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5, Ísafirði.
2.6 Að selja fasteignina að Urðarvegi 78, Ísafirði, og ráðstafa andvirði hennar á vegáætlun.
2.7 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.8 Að selja fasteign Rafmagnsveitna ríkisins að Gunnarsbraut 4-6, Dalvík.
2.9 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins í Reykjahlíð við Mývatn.
2.10 Að selja íbúðarhús Rafmagnsveitna ríkisins að Koltröð 21, Egilsstöðum.
2.11 Að selja húsnæði heilsugæslulæknisins að Hrísbraut 11, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
2.12 Að selja tvær íbúðir hjúkrunarfræðinga að Garðsbrún 2, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
2.13 Að selja húsnæði heilsugæslunnar í Hveragerði að Breiðamörk 15 og nota andvirðið til kaupa á nýju húsnæði fyrir heilsugæsluna.
2.14 Að selja prestssetrið Bólstað, Bólstaðarhlíðarhreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.
2.15 Að selja íbúðarhús að Hálsi 2, Suður-Þingeyjarsýslu, Þingeyjarprófastsdæmi.
2.16 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.
2.17 Að selja fasteignirnar Tjarnarbraut 39a, 39b og 39c, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.18 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
2.19 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.20 Að selja flugafgreiðslu á Raufarhöfn.
2.21 Að selja skrifstofuhúsnæði á Ólafsfjarðarflugvelli.
2.22 Að selja eignir Flugmálastjórnar við Nauthólsvík, Reykjavík.
2.23 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.24 Að selja húsnæði lögreglunnar að Ólafsbraut 34, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra.
2.25 Að selja mannvirki á jörðinni Kópareykjum, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðarinnar í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.4 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.5 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fjölbýlishúsinu Miðgarður 4, Egilsstöðum.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.7 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í starfsaðstöðu sýslumannsins á Akureyri í ráðhúsinu við Goðabraut, Dalvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík.
3.9 Að selja íbúðarblokk við Kópavogsbraut, sem nú er nýtt fyrir fatlaða, ásamt landspildum í nágrenni hennar, og ráðstafa hluta af andvirðinu til að koma upp þremur sambýlum fyrir fatlaða og til uppbyggingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
3.10 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.11 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.12 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.13 Að selja hluta af eign ríkissjóðs í Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.
3.14 Að selja hús varamanns sendiherra í Stokkhólmi.
3.15 Að selja hlut ríkissjóðs í sjúkraskýli að Túngötu 2, Suðureyri við Súgandafjörð, og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á húsnæði fyrir heilsugæslusel á sama stað.
3.16 Að selja húsnæði ÁTVR að Selási 19, Egilsstöðum.
3.17 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Sandholti 28, Ólafsvík, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.18 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum á Varmalandi í Borgarfirði, sem nýttar hafa verið fyrir starfsemi Kennaraháskóla Íslands og verja andvirðinu til nýbyggingar skólans.
3.19 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Eskihlíð 5, Sauðárkróki.
3.20 Að selja eignarhlut ríkisins í heilsugæsluseli að Helluhrauni 17, Mývatnssveit, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.21 Að selja eignarhlut ríkisins í Rauðarárstíg 31 og verja andvirði sölunnar til uppbyggingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land Keldna og Keldnaholts og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja spildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
4.3 Að selja jörðina Hólsland, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

4.4 Að selja jörðina Lyngholt, Bæjarhreppi, Strandasýslu.
4.5 Að selja jörðina Geitafell, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.6 Að selja jörðina Nýrækt, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.7 Að selja jörðina Þverá, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu.
4.8 Að selja jörðina Krók, Austur-Skaftafellssýslu.
4.9 Að selja jörðina Digurholt, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.10 Að selja jörðina Kotmúla, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.11 Að selja hluta af jörðinni Björnskoti, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
4.12 Að selja jörðina Gufudal, Ölfusi, Árnessýslu.
4.13 Að selja jörðina Gufudal II, Ölfusi, Árnessýslu.
4.14 Að selja hluta af jörðinni Reykjum, Ölfusi, Árnessýslu.
4.15 Að selja jörðina Kvígsstaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.
4.16 Að selja jörðina Leiti, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.17 Að selja jörðina Svínhaga, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu.
4.18 Að selja hluta af jörðinni Hrólfsstaðahelli, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.19 Að selja hluta af jörðinni Húsagarði, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.20 Að selja jörðina Ása, Saurbæjarhreppi, Dalasýslu.
4.21 Að selja jörðina Bárustaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.
4.22 Að selja prestssetursjörðina Ása í Skaftártungu, Skaftafellsprófastsdæmi.
4.23 Að selja prestssetursjörðina Vatnsfjörð, Ísafjarðarprófastsdæmi.
4.24 Að selja prestssetursjörðina Bergþórshvol í Vestur-Landeyjum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.25 Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði.
4.26 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði.
4.27 Að selja jörðina Skriðu, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.28 Að selja jörðina Fell, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.29 Að selja jörðina Fyrirbarð í Fljótum, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.30 Að selja jörðina Urðarbak, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.31 Að selja jörðina Svarðbæli, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.32 Að selja jörðina Kollafjörð, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.33 Að selja jörðina Mógilsá, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.34 Að selja hluta af jörðinni Ásvöllum, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.35 Að selja hluta af jörðinni Ytra Lóni, Þórshafnarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
4.36 Að selja hluta af jörðinni Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
4.37 Að selja eða leigja neðra Nikkelsvæðið, Reykjanesi.
4.38 Að selja jörðina Tjaldbúðir, Staðarsveit, Snæfellssnessýslu.
4.39 Að selja jörðina Kolfreyju, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
4.40 Að selja hluta af jörðinni Dalir II, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
4.41 Að selja hluta af jörðinni Stað í Staðardal, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
4.42 Að selja hluta af jörðinni Knappstöðum í Fljótum, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.43 Að selja hluta af jörðinni Brúum í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.44 Að selja hluta af jörðinni Kirkjuferjuhjáleigu, Ölfusi, Árnessýslu.
4.45 Að selja eða leigja um 277 ha landspildu í eigu ríkisins í Gerðahreppi norðan Sandgerðisvegar og sunnan Garðskagavegar sem ekki er nýtt í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
4.46 Að selja jörðina Hvítsstaði í Borgarbyggð, Mýrasýslu.

4.47 Að selja jörðina Flateyri, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.48 Að selja jörðina Framnes, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.49 Að selja jörðina Hraun, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.50 Að selja jörðina Sómastaðagerði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.51 Að selja jörðina Sómastaði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf.
5.2 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.
5.3 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
5.4 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.5 Að selja hlutafé Hafrannsóknastofnunarinnar í Fiskeldi Eyjafjarðar og láta andvirðið renna í sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytis sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, og skal því varið til eldis sjávardýra og hafrannsókna.
5.6 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Flugskóla Íslands hf.
